# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

290. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 8. DESEMBER 2016




Vel á annað hundrað manns heiðruðu Ólafíu Þórunni Kristinsdóttur í golfskála Golfklúbbs Reykjavíkur í Grafarholti í gærkvöldi. Ólöf tryggði sér, fyrst íslenskra kvenna, keppnisrétt á LPGA-mótaröðinni á sunnudag. Mótaröðin hefst í lok janúar og á Ólöf von á því að leika á að minnsta kosti sextán mótum en ef vel gengur gætu þau orðið 26. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Segir að Markús þurfi að segja af sér

**Fyrrverandi hæstaréttardómari segir engan vafa á vanhæfi Markúsar Sigurbjörnssonar í dómsmálum tengdum Glitni.**

„Markús á að segja af sér sem hæstaréttardómari,“ segir Jón Steinar Gunnlaugsson, hæstaréttarlögmaður og fyrrverandi dómari við Hæstarétt. Hann er afar gagnrýninn á Markús Sigurbjörnsson hæstaréttardómara og þá staðreynd að hann hafi dæmt í málum sem Jón Steinar telur að Markús hafi verið vanhæfur til að dæma í..

Þrátt fyrir að hafa bæði hagnast og tapað á hlutabréfaviðskiptum og fjárfestingum hefur Markús ekki vikið sæti vegna vanhæfis, í málum sem bankinn eða fyrirsvarsmenn hans eru aðilar að.

„Það er enginn vafi á því að hann átti að víkja sæti í þessum málum sökum vanhæfis. Bæði fyrir hrun þegar hann er hluthafi í bankanum og eftir hrun þegar hann er að dæma í sakamálunum á hendur fyrirsvarsmönnum bankanna vegna bankahrunsins,“ segir Jón Steinar.

Í yfirlýsingu sem Markús sendi frá sér í gær kemur fram að hann hafi leitað leyfis nefndar um dómarastörf eftir að hann eignaðist bréfin fyrst. Eftir það hafi hann tvisvar tilkynnt nefndinni um sölu bréfa sinna í Glitni. Markús tilkynnti hins vegar ekki um það þegar hann fór með 60 milljónir í eignastýringu en hann hefur sagt að honum hafi ekki borið að tilkynna það.

„Markús hefur reynt að kasta ryki í augu almennings með því að beina sjónum að þessum tilkynningum. Þetta gerir hann til að leiða umræðuna frá spurningunni um vanhæfi,“ segir Jón Steinar.

Markús fékk aldrei formlegt samþykki fyrir hlutafjáreign sinni í Glitni. Gunnlaugur Claessen, sem var formaður nefndarinnar þegar Markús átti hlutabréfin, segir að ef engin sérstök viðbrögð hafi komið frá nefndinni hafi mátt ganga út frá því með réttu að ekki væru gerðar athugasemdir.

nadine@frettabladid.is

## Þrír grunaðir um nauðgun og frelsissviptingu

**DÓMSMÁL** Þrír karlmenn voru á þriðjudagskvöld úrskurðaðir í vikulangt gæsluvarðhald í Héraðsdómi Reykjavíkur vegna gruns um að þeir hafi svipt konu frelsi og nauðgað henni.

Konan sem varð fyrir árásinni hafði leitað til lögreglu daginn áður og tilkynnt nauðgun. Farið var með hana í kjölfarið á Neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis á Landspítalanum. Mennirnir þrír voru handteknir síðar um daginn. Verjendur þeirra hafa kært úrskurðinn til Hæstaréttar en niðurstöðu kærunnar er að vænta í dag. Gæsluvarðhaldsins var meðal annars krafist til að tryggja að mennirnir þrír gætu ekki samræmt framburðinn. – aó

### Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Þorvaldur Gylfason skrifar um dómskerfi og vantraust. 25

**SPORT** Spilaði meiddur í tvö ár áður en hann fékk rétta greiningu. 36

**MENNING** Bjarni Harðarson heldur úti blómlegri útgáfu í bókabænum Selfossi.

**LÍFIÐ** Tískan við þingsetningu. Björt Ólafsdóttir vakti sérstaka athygli fyrir klæðaburð sinn. 64




PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



HNÍFAPARATÖSKUR

12 MANNA ÁSAMT FYLGIHLUTUM YFIR 15 TEGUNDIR

VERÐ FRÁ KR.24.990



Tékk KRISTALL 45 ÁRA

LAUGAVEGI 178 – SÍMI 568 9955




13 krónu afsláttur fyrir N1 korthafa

Í dag færð þú 13 krónu afslátt af hverjum eldsneytislítra og tvo N1 punkta að auki.

N1

SMÁRALIND



OPIÐ TIL 21 Í KVÖLD

## Veður




Nokkuð hvöss norðaustanátt norðvestan til á landinu, annars mun hægari vindur. Víða rigning og jafnvel slydda fyrir norðan, en dálítil rigning öðru hverju suðvestanlands. SJÁ SÍÐU 44

# Öryrkjar mótmæltu fjárlagafrumvarpinu



**Öryrkjabandalag Íslands bauð til samstöðufundar við Alþingishúsið í gær og afhenti þingmönnum óskaskrín. Þingmenn allra flokka tóku á móti óskaskrínunum sem innihéldu óskir um hvað leggja ætti áherslu á við gerð fjárlaganna.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**Lögreglan var með umfangsmiklar aðgerðir fyrir utan Fellsmúla í síðustu viku.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Frelsissvipting í Fellsmúla ekki klippt og skorin

**LÖGREGLUMÁL** Öllum þeim sem handteknir voru í tengslum við meinta frelsissviptingu í Fellsmúla í síðustu viku var sleppt strax að lokinni yfirheyrslu og áverkar brotaþola þóttu ekki alvarlegir og ekki koma heim og saman við frásagnir af atburðinum. Þetta herma heimildarmenn Fréttablaðsins innan lögreglunnar.

Það var fimmtudaginn 1. nóvember sem ljósmyndari Fréttablaðsins varð vitni að umfangsmiklum lögregluaðgerðum við Fellsmúla í Reykjavík. Þar voru tveir menn handteknir og meint fórnarlamb frelsissviptingar leitt út í sjúkrabíl á nærbuxum einum klæða.

Þolandi greindi lögreglu frá því að honum hefði verið haldið í íbúð á fjórðu hæð hússins í tvo sólarhringa og verið beittur ofbeldi. Hann sagðist hafa sloppið úr íbúðinni með því að klifra af fjórðu hæð hússins yfir tvær hæðir og þaðan niður á þriðju hæð. Á þriðju hæð hleypti íbúi honum inn og gat gert lögreglu viðvart.

Þeim sem handteknir voru á vettvangi var sleppt. Í kjölfarið hóf lögregla leit að pari búsettu í íbúðinni sem gaf sig fram um sólarhring síðar. Parinu var sleppt en heimildir Fréttablaðsins innan lögreglunnar herma að málið þyki ekki jafn alvarlegt og upphaflega var talið. Illa gangi að ná tali af brotaþola en allt kapp sé lagt á að komast að hinu sanna í málinu. **– snæ**

## Rannsaka hvort mygla sé í LHÍ

**HEILBRIGÐISMÁL** Fasteignaumsýsla ríkissjóðs skoðar nú hvort myglusvepp sé að finna í húsnæði Listaháskóla Íslands. Þetta staðfestir Ólafur Hallgrímsson, umsjónarmaður húseigna skólans.

„Við getum eiginlega ekkert verið að tjá okkur um þetta í bili vegna þess að það er verið að skoða þetta mál allt en það er ekki komin niðurstaða um hver staðan sé,“ segir Ólafur. „Það er verið að skoða hvort einhver fótur sé fyrir því að þetta sé til staðar.“

Listaháskóli Íslands starfar í fjórum byggingum, á Sölvhólsgötu 13, Laugarnesvegi 91, í Austurstræti 12 og Þverholti 11. Ólafur segir að aðallega hafi verið talað um myglu á Sölvhólsgötunni og verið sé að skoða það sérstaklega.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hafa nokkrir nemendur fundið til einkenna sem gætu verið af völdum myglu. **– sg**




# Flúðu féló vegna myglu

**Senda þurfti óléttan hælisleitanda með sjúkrabíl á Landspítala vegna myglu. Segja að ekki hafi verið tekið mark á kvörtunum. Útlendingastofnun hefur synjað fjölskyldunni um hæli. Feðgunum hótað lífláti snúi þeir aftur til Albaníu.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Konan mín, sem var gengin sex mánuði á leið, var orðin mjög veik vegna myglunnar. Hún var með útbrot á öllum líkamanum og sonur minn var einnig farinn að fá útbrot,“ segir Tony Cana, albanskur hælisleitandi.

Fjölskyldan bjó í húsnæði á vegum velferðarsviðs Reykjanesbæjar. Eftir að móðirin hafði verið send með sjúkrabíl á Landspítalann, vegna myglunnar í íbúðinni, ákvað hún að yfirgefa húsnæðið. Fjölskyldan hafði búið í húsnæðinu frá apríl til október en leigir núna íbúð í Reykjavík.

Tony segir að þau hjónin hafi margoft kvartað til velferðarsviðs Reykjanesbæjar vegna ástands íbúðarinnar en ekkert hafi verið gert til að útrýma myglunni. Einu sinni hafi starfsmaður velferðarsviðsins heimsótt þau og skoðað íbúðina. Það hafi hins vegar hvorki haft í för með sér að fjölskyldunni væri boðið nýtt húsnæði né að ráðist væri í endurbætur.

„Ég get ekki séð að það hafi komið neinar umkvartanir vegnu myglu eða mygluskemmda í íbúðum okkar. Það væri mjög ólíkt okkur ef það kæmi kvörtun og hún væri hunsuð. Þegar fara hefur þurft í einhverjar lagfæringar eða endurbætur á húsnæði þá hefur það yfirleitt gengið mjög fljótt og hratt fyrir sig,“ segir Hera Ósk Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs.

Um það bil tveir mánuðir eru liðnir frá því að fjölskyldan yfirgaf íbúðina. Konan hefur hins vegar ekki náð fyrri heilsu á ný og enn má sjá útbrot á henni.

Frá því að hjónin komu til Íslands hafa þau reynt að fá pláss á leikskóla fyrir fjögurra ára son sinn. „Við höfum átt í stöðugum samskiptum við bæjar- og borgaryfirvöld . Síðustu tvo mánuði hefur okkur verið sagt í hverri viku að hann fái pláss í næstu viku en það hefur aldrei verið staðið við það,“ segir Tony.



**Mikil mygla hefur myndast í lofti íbúðarinnar vegna vatnsleka frá þaki. Albanska fjölskyldan hafði búið í rúmt hálft ár í íbúðinni og kvartað ítrekað undan aðstæðum. Ólétt móðir og sonur hennar fengu mikil útbrot vegna myglunnar.**

> **Ég get ekki séð að það hafi komið neinar umkvartanir vegnu myglu eða mygluskemmda í íbúðum okkar.**
>
> Hera Ósk Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjanesbæjar



Tony varð konu að bana fyrir nokkrum árum með gáleysislegum akstri. Fjölskylda konunnar hefur hótað Tony og syni hans lífláti snúi þeir aftur til Albaníu.

„Ef við þurfum að fara aftur til Albaníu þá mun ég fara til fjölskyldunnar og segja þeim að þau geti drepið mig en biðja þau um að þyrma lífi sonar míns.“

Útlendingastofnun hefur hafnað því að veita fjölskyldunni hæli hér á landi og þá ákvörðun hefur kærunefnd útlendingamála staðfest.

thorgeirh@frettabladid.is

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

blómaval

# PAKKAJÓL

# 20-30% afsláttur



ÖLL SMÁRAFTÆKI

**8.690 kr**
~~11.590 kr~~
Blandari
Mix&Go.
1804553



ÖLL RAFMAGNS-VERKFÆRI

BLACK & DECKER

**5.995 kr**
~~9.495 kr~~
Höggborvél
550W
5245599



ÖLL BÚSÁHÖLD

taylor's eye witness

**7.490 kr**
~~9.990 kr~~
Eldhúshnífar
5 stk. í standi.
2007431



ALLUR TRUE NORTH FATNAÐUR

**4.499 kr**
~~5.999 kr~~
Jakki dömu
5852678-89



TILBOÐ / TILBOÐ / TILBOÐ / TILBOÐ / TILBOÐ / TILBOÐ / TILBOÐ / TILBOÐ / TILBOÐ / TILBOÐ

## JÓLATRÉ VERÐLÆKKUN

Blómaval lækkar verð á jólatrjám um 11-15% vegna styrkingar íslensku krónunnar

Eitt verð • veljið sjálf 150-240 cm
Normannsþinur • standard flokkur • takmarkað magn

**2.990 kr**
~~5.990 kr~~

### Verðlækkun á jólatrjám

Úrvalsflokkur sérvalin Normannsþinur fyrir Blómaval

| | |
|---|---|
| 80-120 cm: | 3.390 kr |
| 101-150 cm: | 4.490 kr |
| 151-200 cm: | 6.990 kr |
| 201-250 cm: | 8.990 kr |

# Auka framlög til skólamála um 1,5 milljarða króna

**SVEITARSTJÓRNIR** „Þessi jákvæða þróun í rekstrinum er fagnaðarefni en um leið er mikilvægt að halda áfram á sömu braut af því að rekstur sveitarfélaga er viðkvæmur. Við höfum sagt að við vildum nýta það svigrúm sem skapast hefur til að snúa vörn í sókn í skólamálum,“ segir Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur.

Ákveðið var á borgarstjórnarfundi að hækka framlög til grunn- og leikskóla borgarinnar um 1,5 milljarða króna. Það var gert þegar fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2017 var samþykkt ásamt fimm ára áætlun til ársins 2021 seint í fyrrakvöld.

Í tilkynningu frá borgarstjóra segir að viðsnúningur hafi orðið á rekstri borgarinnar á árinu vegna hærri tekna og lægri útgjalda. Því var ákveðið að auka fjárframlög til skólamála. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sátu hjá við afgreiðslu málsins.

„Við sátum hjá vegna þess að við hefðum staðið allt öðruvísi að gerð fjárhagsáætlunarinnar. Það er jákvætt að það sé viðsnúningur í rekstri borgarinnar en það eru ekki öll kurl komin til grafar og við eigum eftir að sjá hvernig árið mun koma út í heild,“ segir Áslaug María Friðriksdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.


**Meirihluti borgarstjórnar samþykkti að auka fjárframlög til skólamála um einn og hálfan milljarð á næsta ári.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Áslaug María segist ekki hafa mikla trú á áætlanagerð meirihlutans og mikið sé um óútfærðar tillögur sem standist ekki áætlun. „En það þarf auðvitað að auka framlög til skólamála og fara í ýmsar breytingar þar,“ segir Áslaug.

Á næstu mánuðum stendur til að vinna að frekari greiningu á fjármálum grunnskólanna og starfsemi skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. **– þh**

## Kemur illa við börn og öryrkja

**SAMFÉLAG** Bæjarráð Hornafjarðar lýsti yfir óánægju með tillögur að gjaldskrárbreytingum á almenningssamgöngum á bæjarráðsfundi í gær og telur hækkunina sem lögð er til bitna helst á börnum, ungmennum, öldruðum og öryrkjum sem er stór notendahópur almenningssamgangna í sveitarfélaginu. Sökum eðlis ferða eiga hugmyndir um frístundakort ekki við.

Samkvæmt fundargerð aðalfundar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, sem lögð var fram á fundinum, kom fram að farþegum Strætó hefur fækkað um 10% en farþegatekjur hafa aukist um 3% sem skýrist af hækkun gjaldskrár og dýrari ferðum. Endurskoðun hefur farið fram á leiðakerfinu, það einfaldað og ferðum fækkað. **– bb**

## Ókeypis í sund fyrir íbúa

**SAMFÉLAG** Íbúar Sandgerðisbæjar fá frítt í sundlaug bæjarins frá og með næsta ári. Við vinnslu fjárhagsáætlunar Sandgerðis fyrir árin 2017 til 2020 kom einnig fram að foreldrar verða ekki rukkaðir um námsgögn grunnskólans, hvatastyrkur upp á 30 þúsund krónur verður veittur börnum á aldrinum 4 til 18 ára og niðurgreiðsla til dagforeldra verður 40 þúsund krónur á mánuði. Á fundi bæjarstjórnar í gær kom fram að áætlunin bæri þess merki að áhersla væri lögð á að stuðla að fjölskylduvænu samfélagi og að markmið bæjarstjórnar væri að lækka álögur á íbúa bæjarfélagsins. **– bbh**

**LEIÐRÉTT**

*Nafn Daða Kolbeinssonar, félaga í Blásarakvintett Reykjavíkur, misritaðist á menningarsíðu þriðjudagsblaðs Fréttablaðsins. Beðist er auðmjúklega velvirðingar.*

# Hörð gagnrýni vegna gagnavers

**Mosfellsbær skoðar breytingar á svæðisskipulagi svo Síminn geti reist gagnaver á Hólmsheiði. Fulltrúi Samfylkingarinnar í skipulagsnefnd segir Símann þá græða á kostnaði bæjarbúa og varar við hljóðmengun.**

**SKIPULAGSMÁL** „Þarna væri verið að afhenda einu fyrirtæki ótiltekin verðmæti inn í framtíðina á kostnað íbúa,“ segir í bókun fulltrúa Samfylkingarinnar í skipulagsnefnd Mosfellsbæjar vegna beiðni Símans um lóð undir gagnaver á Hólmsheiði.

Síminn óskaði eftir því í mars síðastliðnum að fá til að byrja með skipulagða fimm þúsund fermetra lóð í landi Sólheima með möguleika á því að fá forkaupsrétt á stórum hluta Sólheimajarðarinnar. Sá réttur myndi tryggja uppbyggingu viðskipta á svæðinu í allt að fimmtán árum. Umrætt land er skammt frá nýja fangelsinu á Hólmsheiði og rétt við háspennulínur sem hægt væri að tengja við gagnaverið.

„Framtíðarsýn Símans gerir það að verkum að mikilvægt er að hafa tryggt rými til stækkunar,“ segir í erindi Orra Haukssonar, forstjóra Símans, til Mosfellsbæjar. Mikil tækifæri kunni að felast í rekstri gagnavera hérlendis. „Markmið Símans er að byggja gagnaver sem þjónar innlendum og erlendum mörkuðum, með áherslu á alþjóðaviðskipti.“


**Stutt er í nægt rafmagn í Sólheimalandi á Hólmsheiði.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Landið sem Síminn vill fyrir stórt gagnaver er skammt austan nýja fangelsisins á Hólmsheiði og nærri háspennulínum.**






> **Markmið Símans er að byggja gagnaver sem þjónar innlendum og erlendum mörkuðum, með áherslu á alþjóðaviðskipti.**
>
> Orri Hauksson, forstjóri Símans, í erindi til Mosfellsbæjar



Erindi forstjóra Símans var tekið fyrir í þriðja sinn í skipulagsnefnd Mosfellsbæjar í síðustu viku. Þá ákvað meirihluti Sjálfstæðisflokks og VG í nefndinni að fela skipulagsfulltrúa bæjarins að skoða möguleika á staðsetningu nýrra atvinnusvæða. Fyrir lá tímaáætlun um að skipulagsbreytingu væri lokið í janúar 2018.

Samson Bjarnar Harðarson, fulltrúi Samfylkingarinnar í nefndinni, sagði það mundu vera slæmt fordæmi að gera breytingar á svæðisskipulaginu þar sem ekki væru til staðar ríkari almannahagsmunir. Svæðið sé innan öryggismarka vatnsverndarsvæðis og innan Græna trefilsins svokallaða.

„Land sem í framtíðinni mun líklegast verða til muna verðmætara en það er í dag. Taka verður tillit til þess að Síminn hafði þegar leitað eftir samningum á þegar skipulögðu iðnaðarsvæði steinsnar frá, í landi Reykjavíkur þar sem ekki var fallist á slíkan samning,“ bókaði Samson, sem benti jafnframt á að mengun fylgdi slíku gagnveri. „Því umtalsverður hávaði er henni samfara í nú annars friðsælu umhverfi.“

Gunnlaugur Johnson, áheyrnarfulltrúi Íbúahreyfingarinnar, benti sömuleiðis á að staðsetning gagnaversins stangaðist á við svæðisskipulag og bókaði að hann „undraðist stórlega“ að lögð væri fram tímaáætlun um gagnaver á vatnsverndarsvæði. „Sjónræn áhrif mörg þúsund fermetra gagnavers yrðu gríðarleg í dýrmætri náttúruperlu höfuðborgarsvæðisins, í fullkominni andstæðu við friðsælt umhverfið.“ Íbúahreyfingin væri hlynnt gagnaveri í Mosfellsbæ en að finna ætti því byggingarreit sem hefði ekki slík umhverfisáhrif.

Fulltrúar meirihlutans bókuðu þá að fyrirtæki hefðu leitað til Mosfellsbæjar um uppbyggingu við Hólmsheiði og að áhugi á uppbyggingu atvinnufyrirtækja í Mosfellsbæ væri mikill. „Í ljósi þess telur meirihluti V- og D-lista fulla ástæðu til þess að skoða hvort ekki sé þörf á nýjum atvinnusvæðum innan bæjarins, ekki er ólíklegt að það kalli á breytingu á svæðisskipulagi.“

**gar@frettabladid.is**





# ÚRVAL ERLENDRA BÓKA Á VILDAR KJÖRUM






**Humans of London**
**VILDARVERÐ: 3.499.-**
Verð: 4.999.-




**Medicine**
**VILDARVERÐ: 3.499.-**
Verð: 4.999.-




**Girl Online - Going Solo**
**VILDARVERÐ: 2.799.-**
Verð: 3.999.-




**Modern Rustic**
**VILDARVERÐ: 3.989.-**
Verð: 5.699.-




**Mindfulness for every day**
**VILDARVERÐ: 1.889.-**
Verð: 2.699.-




**Fantastic Beast Colouring Book**
**VILDARVERÐ: 2.099.-**
Verð: 2.999.-




**Castro's Cuba**
**VILDARVERÐ: 7.699.-**
Verð: 10.999.-




**Worl Atlas of Beer**
**VILDARVERÐ: 4.899.-**
Verð: 6.999.-




**Fashion 150 Years**
**VILDARVERÐ: 7.699.-**
Verð: 10.999.-




**How to Hygge**
**VILDARVERÐ: 3.149.-**
Verð: 4.499.-




**Kaffe Fassett's Bold Blooms**
**VILDARVERÐ: 4.899.-**
Verð: 6.999.-




**Star Wars - Year by Year**
**VILDARVERÐ: 6.299.-**
Verð: 8.999.-

MUNDU EFTIR GJAFAKORTI PENNANS EYMUNDSSON!

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er 8. desember, til og með 11. desember, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Hjálpaði til við uppvask og var hnepptur í gæsluvarðhald

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í gær íslenska ríkið til þess að greiða karlmanni 800 þúsund krónur í bætur vegna rannsóknaraðgerða lögreglu. Maðurinn var handtekinn þegar lögreglan réðst til atlögu vegna gruns um vændisstarfsemi á kokteilklúbbnum Strawberry's í Reykjavík. Honum var haldið í ellefu daga í gæsluvarðhaldi áður en honum var sleppt. Á haustmánuðum 2013 réðst lögregla í umfangsmiklar rannsóknaraðgerðir vegna grunsemda um að vændi væri gert úr frá Strawberry's. Sjö óeinkennisklæddir lögreglumenn fóru á staðinn og var þeim öllum boðin kynlífsþjónusta gegn greiðslu, segir í dóminum.

Síðar um kvöldið réðst lögregla í húsleit á staðnum og voru þeir sem þar voru að störfum handteknir. Stefnandi var meðal þeirra en hann hafði verið á staðnum til að aðstoða vin sinn, sem starfaði sem barþjónn. Hann hefði stundum hjálpað honum við uppvask og þrif þegar mikið hefði verið að gera en aldrei þegið laun. Þessa nótt hefðu verið óvenju margir gestir á staðnum, en síðar kom í ljós að flestir þeirra voru lögreglumenn.



**Maðurinn aðstoðaði vin sinn við uppvask þegar lögreglan réðst til atlögu.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Maðurinn kveðst hafa liðið miklar andlegar kvalir á meðan á einangrunarvist stóð og leiti hugur hans enn til þessa atviks og dvalarinnar í gæsluvarðhaldinu. Aðgerðirnar hafi falið í sér verulegt inngrip í líf hans, enda hafi verið um langvarandi frelsisskerðingu að ræða. Hann gerði kröfu um þrjár milljónir króna í miskabætur. **– þh**



**Stjórn SASS fundaði á Selfossi.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Hunsa ákvörðun og hækka ekki

**SVEITARSTJÓRNIR** Stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga hefur að tillögu formanns ákveðið að þóknanir sem samtökin greiða til stjórnar og fulltrúa í ráðum og nefndum á vegum samtakanna hækki ekki í samræmi við síðustu ákvörðun kjararáðs frá 29. október.

Þetta var samþykkt samhljóða þrátt fyrir ákvörðun ársþings samtakanna viku fyrir hækkunina frá kjararáði um að laun fylgdu þingfararkaupi.

„Þess í stað skulu laun áfram taka mið af fyrri ákvörðun kjararáðs og skal það gilda þar til Alþingi hefur tekið málið til umfjöllunar,“ segir í bókun stjórnarinnar. **– gar**

## Sífellt fleiri Danir háma í sig skyr

**DANMÖRK** Á hverjum degi borðar 20. hver Dani skyr, að því er segir í frétt Berlingske sem vitnar í gagnagrunn Coop. Konur sem borða skyr eru tvöfalt fleiri en karlar.

Sala á skyri í Danmörku hóf að aukast gríðarlega árið 2013 en þá voru liðin sjö ár frá því að Thise Mejeri setti það á markað í nýlenduvöruverslanir. Í fyrra nam velta Thise Mejeri af skyrsölu yfir 100 milljónum danskra króna. **– ibs**



# Tilkynningum um vanrækslu barna fjölgar í Hafnarfirði

**Í ársskýrslu Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar frá 2015 sem kom út í vikunni kemur fram að fleiri tilkynna um vanrækslu barna. Álagið er mikið á starfsfólk og hefur bærinn brugðið á það ráð að ráða fleiri starfsmenn.**

**SAMFÉLAG** Yfir 300 tilkynningar um vanrækslu komu inn á borð Barnaverndarnefndar Hafnarfjarðar á síðasta ári. Tilkynningum um vanrækt börn í bænum hefur fjölgað það sem af er ári og hefur verið brugðist við auknu álagi með því að fjölga stöðugildum. Þetta kemur fram í ársskýrslu Fjölskylduþjónustu bæjarins sem birt var í vikunni.

„Ekki verða allar tilkynningar að málum,“ segir Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar. „Vanræksla, eins og hún er skilgreind, er alltaf stærsti málaflokkurinn. Tilkynningum er að fjölga og málum er að fjölga. Súlan fer upp í næstu ársskýrslu og þess vegna erum við að bregðast við með því að fjölga starfsmönnum. Maður spyr sig af hverju þetta er. Hvort fólk er meira vakandi að tilkynna. Það er kannski komin meiri meðvitund í samfélagið,“ segir Rannveig.

Fjölskylduþjónustan er með sálfræðing í 50% starfi sem Rannveig viðurkennir að sé of lítið og því sé fagnaðarefni að verið sé að fjölga starfsmönnum. „Við kaupum líka sálfræðiþjónustu og viðtöl af sálfræðingum. Á þessu ári hefur tilkynningum fjölgað eins og barnaverndarmálum sem eru á okkar borði þannig að við erum að fá inn viðbótar stöðugildi. Bærinn er að koma til móts við barnavernd því öll viljum við hafa þessa hluti í lagi,“ segir hún en samkvæmt skýrslunni fékk Fjölskylduþjónustan um tvo milljarða frá Hafnarfjarðarbæ eða 12,28% af skatttekjum.

Athygli vekur að notendum hjá Ferðaþjónustu fatlaðra í bænum hefur fækkað um 36 á milli ára en eftir að Strætó tók yfir þjónustuna hafa notendur hennar verið óánægðir með hvernig til hefur tekist. Rannveig segir að kostnaður við nýja kerfið hafi aukist gríðarlega og ekki sé enn búið að hnýta lausa enda. „Kostnaður jókst alveg gríðarlega. Hann fór úr rúmum 80 milljónum króna á ári og hækkaði nánast um helming. Það hefur ekki tekist að ná kostnaðinum niður, því miður, og þessi sameiginlega ferðaþjónusta hefur ekki náð þeirri hagræðingu sem hún átti að gera. Síður en svo.“ **benediktboas@365.is**

### 50% starf sálfræðings

- Er stuðningur við barnaverndarstarf.
- Situr tilkynningarfundi, meðferðarfundi í barnavernd og barnaverndarnefndarfundi.
- Skipuleggur fræðslufundi Fjölskylduþjónustunnar.
- Sinnir viðtölum við börn sem hafa búið við heimilisofbeldi.
- Heldur utan um áfallateymi Hafnarfjarðar.
- Er fulltrúi bæjarins í samráðshópi um áfallahjálp á höfuðborgarsvæðinu sem fundar reglulega og samhæfir vinnu á milli bæjarfélaga.
- Er fulltrúi fjölskyldusviðs í samráðsteymum beggja heilsugæslustöðvanna í Hafnarfirði.

> **Á þessu ári hefur tilkynningum fjölgað eins og barnaverndarmálum sem eru á okkar borði þannig að við erum að fá inn viðbótar stöðugildi.**

Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar





**Samkvæmt skýrslunni fundaði Barnaverndarnefnd 14 sinnum á árinu vegna 27 barna í Hafnarfirði. Vanræksla og ofbeldi eru yfirleitt ástæður tilkynningar.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



SUZUKI

Way of Life!

# LÁTTU EKKERT STOPPA ÞIG
# SUZUKI 4X4
















## SUZUKI 4X4 FJÖLSKYLDAN

Fjöldbreytt úrval af fjórhjóladrifsbílum í öllum stærðum og við allra hæfi.

Vertu klár í veturinn, láttu ekkert stoppa þig

ALLGRIP

4WD All-grip skapar aksturseiginleika í sérflokki.

KOMDU Í HEIMSÓKN OG KYNNTU ÞÉR ÚRVALIÐ

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

SUZUKI

Suzuki bílar hf. I Skeifunni 17 I Sími 568 5100

# Stórauka þarf forvarnir í góðæri

**Rannsóknir á ölvunarakstri og orsökum hans sýna að full ástæða er til að auka forvarnir í takt við aukna hagsæld. Neysla áfengis eykst marktækt í uppsveiflu og ölvunarakstur einnig. Sölu- og slysatölur spegla hvorar aðrar áberandi vel. Aukin sala leiðir af sér fleiri slys.**

**LÖGREGLUMÁL** Sérstök ástæða er til þess að auka forvarnir vegna ölvunaraksturs þegar uppgangur er í samfélaginu. Skýr fylgni er á milli fjölgunar slysa og aukinnar hagsældar – sýna rannsóknir. Sölutölur frá ÁTVR í gegnum árin spegla slysatölur frá lögreglu með athyglisverðum hætti.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær sýnir samantekt Samgöngustofu á umferðarslysum, sem unnin er upp úr skýrslum lögreglu, að á fyrstu átta mánuðum þessa árs hefur orðið mikil fjölgun umferðarslysa sem rekja má til ölvunaraksturs. Eftir hrun, eða allt frá árinu 2008, hefur orðið mikil fækkun umferðarslysa þar sem ölvun kemur við sögu. Nú virðist hins vegar eiga sér stað algjör viðsnúningur og er hann svo mikill að óhætt er að segja að svo ör aukning hafi ekki sést áður, eða um 200% aukning á milli ára. Svo alvarlegar eru þessar niðurstöður að mati Samgöngustofu, að stofnunin hefur brugðist sérstaklega við þessu með sérstöku átaki og lagst yfir með hvaða hætti sé hægt að bregðast sem best við.

Ágúst Mogensen, rannsóknarstjóri umferðarsviðs Rannsóknarnefndar samgönguslysa (RNSA), segir að rannsóknir sýni skýra fylgni milli aukinnar hagsældar, aukinnar umferðar og fjölgunar umferðarslysa. „Í aukinni hagsæld eykst umferð einka-, flutninga- og bílaleigubíla, og neysla yfirhöfuð, því fólk getur veitt sér meira. Áfengisneysla og ölvunarakstur eru því óæskilegur fylgifiskur efnahagsuppsveiflu,“ segir Ágúst.

Spurður um aðgerðir og hvort refsimörk ættu að vera strangari, til dæmis að lækka þau úr 0,5 í 0,2 prómill eins og var samþykkt einróma af allsherjarnefnd árið 2014 við vinnslu frumvarps til umferðarlaga – segir Ágúst að deildar meiningar hafi verið um hvort þessi hópur ökumanna, sem mælast með áfengismagn í blóði á bilinu 0,2-0,5 prómill, væri vandamálahópurinn hvað umferðarslys varðar.

„Við hjá rannsóknarnefndinni höfum sagt að áfengisneysla og akstur fari einfaldlega ekki saman og teljum að refsimörkin ættu að vera sem lægst. Það er mjög mikilvægt að fé sé veitt til forvarnarstarfs og ökumenn minntir á að áfengisneysla og akstur fari alls ekki saman. Því þarf að fylgja eftir með öflugri löggæslu og veita þarf fé til beggja verkefna. Fé hefur verið af skornum skammti í forvörnum en þessu þarf að breyta svo fækka megi slysum vegna ölvunaraksturs,“ segir Ágúst og bætir við að margir komi að forvörnum með einum eða öðrum hætti en helst Samgöngustofa.

„Það er eðlilegt að auknu fé sé varið til forvarna í uppsveiflu. Bæði er ástæða til þess vegna tölfræðinnar og fjölgunar slysa en einnig hitt að þá ætti að vera meira til ráðstöfunar í ríkiskassanum. Í uppgangi og uppbyggingu þarf að gæta að innviðunum eins og oft hefur komið fram, þar með talið forvörnum,“ segir Ágúst.

svavar@frettabladid.is

**Slysatölur lögreglu og sölutölur ÁTVR spegla hvorar aðrar**







# Fræða konur um krabbameinsleit

**HEILBRIGÐISMÁL** Krabbameinsfélag Íslands og Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, SFS, hleyptu í gær af stokkunum sérstöku átaki til að kynna krabbameinsleit í brjóstum og leghálsi sérstaklega fyrir konum af erlendum uppruna.

Að sögn Láru G. Sigurðardóttur, læknis og fræðslustjóra Krabbameinsfélagsins, er skipulögð krabbameinsleit ekki í boði í mörgum löndum og því þekki margar konur ekki til þessarar tegundar heilsuverndar né þess ríka ávinnings sem hún skilar. „Við vitum að krabbameinsleit er ábótavant til dæmis í Taílandi og Póllandi. Samkvæmt upplýsingum frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni er dánartíðni vegna leghálskrabbameins í Taílandi, Póllandi og Rússlandi fimmfalt til tífalt hærri en hér.“


Lára G. Sigurðardóttir, læknir og fræðslustjóri Krabbameinsfélags Íslands, kynnir átakið um krabbameinsleit hjá erlendum konum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Krabbameinsfélagið og SFS hafa átt í samstarfi um mottumars og það var í tengslum við það sem þörfin á átakinu var rædd en innan sjávarútvegsfyrirtækja starfar fjöldi kvenna af erlendum uppruna. Í átakinu felst dreifing á plakati með upplýsingum um leitina á fimm algengustu tungumálum sem töluð eru í landinu, það er íslensku, ensku, pólsku, rússnesku og taílensku auk bættra upplýsinga á heimasíðu krabb.is – **ibs**



www.n1.is facebook.com/enneinn

ENNEMM / SÍA / NM75654



Notaðu N1 punktana til að fá þér í svanginn

Litlu jólin eru í dag!

# 13 krónu afsláttur fyrir N1 korthafa

Þú færð 13 krónu afslátt af hverjum eldsneytislítra og tvo N1 punkta að auki.

**20%**



Afsláttur af ilmandi jólakaffi & bakkelsi

Hluti af jólastemningunni

N1

# Uppreisnarmenn nánast að falli komnir í borginni Aleppo

**Stjórnarherinn í Sýrlandi hefur náð gamla bæjarhlutanum í Aleppo úr höndum uppreisnarmanna. Megnið af borginni allri er nú á valdi stjórnarhersins. Tvær og hálf milljón manna bjó í borginni þegar átök hófust.**

**SÝRLAND** Uppreisnarmenn í Aleppo sendu í gær frá sér yfirlýsingu þar sem þeir óska eftir vopnahléi. Stjórnarherinn hefur, með aðstoð Rússa, náð stærstum hluta borgarinnar úr höndum þeirra.

Fjögurra ára umsátur stjórnarhersins um yfirráðasvæði uppreisnarmanna í austurhluta borgarinnar virðist vera að ljúka með afgerandi sigri Bashars al Assad forseta.

Í fyrrinótt yfirgáfu uppreisnarmenn gamla bæjarhlutann og ráða nú aðeins yfir svæði í suðurhluta borgarinnar, sem er um þriðjungur þess sem þeir réðu yfir þangað til stjórnarherinn hóf fyrir nokkrum vikum stórsókn sína með aðstoð Rússa.

Uppreisnarmenn hafa hins vegar varist hart á þessu svæði í gær og gert árásir á stjórnarherinn sem nálgast. Átökin hafa breiðst út um alla borgina og nágrenni hennar, með skelfilegum afleiðingum fyrir fólk sem enn býr þar.

Rússar eru harðlega gagnrýndir fyrir loftárásir sínar á almenna borgara í sameiginlegri yfirlýsingu sex vestrænna leiðtoga: „Sjúkrahúsum og skólum hefur ekki verið hlíft. Svo virðist sem þau séu frekar skotmörk í tilraun til að þreyta fólk. Myndir af deyjandi börnum eru átakanlegar,“ segir í yfirlýsingunni, sem Barack Obama Bandaríkjaforseti, Justin Trudeau, forsætisráðherra Kanada, Angela Merkel Þýskalandskanslari, François Hollande Frakklandsforseti, Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, og Matteo Renzi, forsætisráðherra Ítalíu, sendu frá sér.

Uppreisnarmenn sendu einnig í gær frá sér yfirlýsingu þar sem þeir óska eftir fimm daga vopnahléi, svo hægt verði að koma almenningi burt frá átakasvæðunum.

Uppreisnarmenn náðu stórum hluta Aleppoborgar á sitt vald sumarið 2012, fljótlega eftir að átökin þar hófust. Stjórnarhernum tókst ekki að veita viðnám að marki fyrr en Rússar tóku að aðstoða með loftárásum haustið 2015. Síðan þá hefur stjórnarherinn smám saman saxað á umráðasvæði uppreisnarmanna í borginni, og með stórsókn sinni undanfarnar vikur stefnir allt í að uppreisnarmennirnir missi alveg tök sín í borginni.

Fyrir stríðið bjuggu um 2,5 milljónir manna í Aleppo, sem þá var fjörmikil borg, miðstöð viðskiptalífsins í Sýrlandi og fjölmenningarlegur suðupottur. Hundruð þúsunda manna hafa flúið borgina.

Mikil óvissa ríkir um það sem við tekur eftir að uppreisnarmenn hafa verið hraktir frá Aleppo.

Þetta er síðasta borgin sem þeir hafa haft á sínu valdi, þótt enn séu þeir ráðandi afl á nokkuð stórum svæðum, einkum vestan og sunnan við Aleppo.

Fáir virðast hafa mikla trú á því að þeir leggi niður vopnin. Eftir að þeir missa Aleppo frá sér þurfa þeir ekki að beina kröftum sínum að því að verja borgarhverfi, en geta þess í stað tekið að stunda skæruhernað sem erfitt verður að stöðva.
**gudsteinn@frettabladid.is**



Stór svæði í Aleppo eru rústir einar eftir langvarandi átök og loftárásir. NORDICPHOTOS/AFP

> **Sjúkrahúsum og skólum hefur ekki verið hlíft. Svo virðist sem þau séu frekar skotmörk í tilraun til að þreyta fólk. Myndir af deyjandi börnum eru átakanlegar**
>
> Úr sameiginlegri yfirlýsingu sex vestrænna þjóðhöfðingja

## Þrengt að uppreisnarmönnum

Einungis lítill hluti borgarinnar Aleppo er enn á valdi uppreisnarmanna. Stjórnarherinn hefur saxað hratt á yfirráðasvæði þeirra undanfarna daga.




Heimild: Syrian Observatory for Human Rights © GRAPHIC NEWS

## Hætta þvingunum gegn Líberíu

**UTANRÍKISMÁL** „Það er mat öryggisráðsins að Líbería og Fílabeinsströndin séu að mestu leyti orðin stöðug. Því hafa aðildarríki Sameinuðu þjóðanna ákveðið að breyta regluverki um þvingunarráðstafanir og er það gert í samræmi við ákvörðun öryggisráðsins,“ segir Lilja Alfreðsdóttir utanríkisráðherra.

Í síðustu viku voru reglugerðir um þvingunaraðgerðir gegn Líberíu og Fílabeinsströndinni felldar niður af hálfu utanríkisráðuneytisins.

Ísland hefur beitt Líberíu þvingunaraðgerðum síðan 2003 og Fílabeinsströndina síðan 2004. Mat öryggisráðsins er að ástandið í löndunum sé orðið stöðugt og er unnið með löndunum til þess að koma í veg fyrir að vopn og annað slíkt lendi í röngum höndum.

Ísland framfylgir öryggis- og refsiaðgerðum gagnvart 28 löndum eins og er. Flestar aðgerðirnar felast í frystingu fjármuna og landgöngubanni. **– þh**



**Lilja Alfreðsdóttir,** utanríkisráðherra

## Vatnið kostar 20% meira

**SAMFÉLAG** Vatnsveita Rangárþings ytra og Ásahrepps lagði fram tillögu á fundi sínum í gær um að hækka gjaldskrá. Verði vatnsgjald íbúðar- og sumarhúsa 48.493 krónur og gjald annarra húsa sem tengst geta vatnsveitu verði 0,29% af fasteignamati. Önnur gjöld í skránni hækka samsvarandi. Þetta jafngildir 20,26% hækkun á gjaldskrá í heild sinni.

Halli hefur verið á rekstri vatnsveitunnar mörg undanfarin ár og sveitarfélögin hafa greitt með rekstri hennar en veitan er víðast hvar komin til ára sinna og endurnýjun lagna brýn. Því er þessi hækkun nauðsynleg. Áfram verður mikil áhersla lögð á hagkvæman rekstur veitunnar og endurnýjun hennar í áföngum, virkjun á nýjum vatnstökustöðum, frekari öflun vatns og stækkun veitunnar. **– bb**



**Jól2016**

Jólabæklingur Smith & Norland er kominn út.
Glæsilegar vörur á sérstöku jólaverði.
Sjá nánar á sminor.is.



**Wilma Borðlampi**
18308-20-01
Hæð: 31 sm.
Jólaverð:
5.900 kr.
Fullt verð: 7.900 kr.




**Bosch Ryksuga**
BGL 85Q57
Sú allra hljóðlátasta frá Bosch. Orkuflokkur A. Einstaklega vönduð ryksuga.
Jólaverð:
39.900 kr.
Fullt verð: 49.900 kr.




**Bosch Þvottavél**
WAB 28296SN
1400 sn./mín. Tekur mest 6 kg. Orkuflokkur A+++.
Jólaverð:
59.900 kr.
Fullt verð: 79.900 kr.




**Bosch Þvottavél**
WAT 284B9SN
1400 sn./mín. Tekur mest 9 kg. Kolalaus mótor. Orkuflokkur A+++.
Jólaverð:
89.900 kr.
Fullt verð: 119.900 kr.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

# DEBENHAMS

# 40% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM FATNAÐI,
SKÓM & FYLGIHLUTUM

# 60% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM
NÁTTFÖTUM

**GILDIR EKKI AF SNYRTIVÖRUM EÐA ÖÐRUM TILBOÐUM**

**GILDIR ÚT MÁNUDAGINN 12. DESEMBER**

Finndu okkur á facebook

**OPIÐ Í DAG 11:00 – 21:00**

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR




Aukin sala hefur verið í IKEA úti um allan heim.

## Hagnaður IKEA eykst um 20 prósent

IKEA Group greindi frá því að sala úti um allan heim hefði aukist um 7,1 prósent á árinu og numið 34,2 milljónum evra á síðasta fjárhagsári. City A.M. greinir frá því að sala hafi aukist í 27 af 28 viðskiptalöndum sænska fyrirtækisins. Netsala nam 1,4 milljörðum evra.

Mestur vöxtur var í Kína, en einnig jókst hún mikið í Þýskalandi, Bandaríkjunum og Bretlandi. Hagnaður fyrirtækisins jókst um 19,6 prósent og nam 4,2 milljörðum evra. Tæplega 450 milljónir evra voru settar til hliðar til að verðlauna starfsmenn IKEA.

IKEA rekur 340 verslanir í 28 löndum en 12 þeirra voru opnaðar á síðastliðnu ári. Á næstunni verða opnaðar verslanir á Indlandi og í Serbíu. **– sg**

# Mesti hagvöxtur innan EES

**Hagvöxtur jókst um 6,2 prósent á fyrstu níu mánuðum ársins. Mesti hagvöxtur tímabilsins í nokkru landi innan EES. Greiningaraðilar sjá ekki viðvörunarmerki í tölunum. Styrking krónunnar getur þó bitið síðar.**

„Þetta er svakalega sterkur hagvöxtur en það sem er jákvætt í þessum tölum er að þetta er hagvöxtur drifinn áfram að verulegu leyti af útflutningi. Við sáum svipaðan vöxt í árslok 2007 en hann var drifinn áfram af innlendri þenslu. Það eru því ákveðin heilbrigðismerki að sjá að það eru útflutningsgreinar, og sérstaklega ferðaþjónustan, sem eru að drífa áfram vöxtinn,“ þetta segir Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins.

Í gær kom fram í Hagtíðindum Hagstofu Íslands að landsframleiðslan á þriðja ársfjórðungi 2016 jókst að raungildi um 10,2 prósent frá sama ársfjórðungi fyrra árs. Er það mesta aukning á hagvexti sem mælst hefur frá því á fjórða ársfjórðungi 2007. Útflutningur jókst um 16,4 prósent samanborið við sama tímabil árið 2015.

Á fyrstu níu mánuðum ársins 2016 jókst landsframleiðslan um 6,2 prósent borið saman við fyrstu níu mánuði ársins 2015. Um er að ræða mesta hagvöxt sem mælst hefur í nokkru landi innan EES-svæðisins á þessu tímabili, segir í Greiningu Íslandsbanka um málið.

„Ef við horfum á fyrstu þrjá fjórðunga ársins þá er útlit fyrir að hagvöxturinn verði sterkari en nýhagspá Seðlabankans gerir ráð fyrir. Það skýrist fyrst og fremst af því að meiri kraftur er í fjárfestingu sem er jákvætt fyrir íslenskt hagkerfi. Þá er einnig áhugavert að sjá að útflutningur er sterkari en Seðlabankinn gerir ráð fyrir,“ segir Ásdís.



Hagvöxtur hefur verið drifinn af ferðaþjónustunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hún segist ekki sjá viðvörunarmerki í þessum tölum. Hins vegar geti styrking krónunnar haft áhrif til framtíðar. „Þó að við sjáum útflutningsdrifinn hagvöxt á þriðja ársfjórðungi getur frekari styrking krónunnar grafið undan útflutningsgreinum. Það getur haft áhrif á samsetningu hagvaxtar horft fram á veginn.“

Erna Björg Sverrisdóttir, sérfræðingur í greiningardeild Arion banka, tekur undir með Ásdísi að þetta sé gríðarlegur vöxtur. Hann hafi í raun komið verulega á óvart.

> **Þó svo að við séum að sjá útflutningsdrifinn hagvöxt á þriðja ársfjórðungi getur frekari styrking krónunnar grafið undan útflutningsgreinum.**
>
> Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs SA



„Miðað við hvernig vöxturinn hefur verið veltir maður fyrir sér hvort flestir greiningaraðilar séu ekki að vanmeta þennan kraft sem er í hagkerfinu núna.“

Hún telur að vöxturinn sé mjög vel samsettur af fjárfestingu, utanríkisverslun og einkaneyslu. Styrking krónunnar gæti þó komið til með að hafa slæm áhrif á útflutningsgreinar sé horft til framtíðar. „Við getum ekki sett tölfræðilega fram hvaða áhrif gengisstyrkingin er að hafa á ferðaþjónustuna. En ég býst ekki við að við séum frábrugðin öðrum löndum með það að gengið muni hafa áhrif á endanum.“

**saeunn@frettabladid.is**






## Yfir 50 milljónir eintaka af PlayStation 4 seldar

Frá því að sala hófst á leikjavélinni PlayStation 4 í nóvember 2013 hafa fimmtíu milljónir eintaka selst. Business Insider greinir frá því að leikjatölvan sé nú sú mest selda í heiminum. Til samanburðar seldist Microsoft Xbox One í 30 milljónum eintaka og Nintendo Wii U í 13 milljónum eintaka.

Fjölmargir hafa keypt PlayStation á síðustu mánuðum. Tíu milljónir eintaka seldust frá maí til desember á þessu ári. Yfir milljón hafa þá selst á mánuði sem þýðir að leikjatölvan sé sú sem selst hefur hraðast af öllum PlayStation-vélum úr smiðju Sony.

Nýjar leikjatölvur PlayStation 4 og PlayStation 4 Pro fóru í sölu í haust. Því er ljóst að enn fleiri kaupa leikjavélarnar en nokkurn tímann áður. **– sg**



**PlayStation 4 hefur selst í 10 milljónum á síðustu sjö mánuðum.** MYND/EVAN AMOS

## Hagtölur glöddu markað

Hækkanir urðu í Kauphöll Íslands í gær og má rekja þær til þess að tölur Hagstofunnar sýndu meiri hagvöxt á þriðja ársfjórðungi en spár höfðu sýnt.

Áberandi var að félög sem fylgja innlendri eftirspurn hækkuðu mest, en félög sem byggja á erlendum tekjum ýmist lækkuðu eða stóðu í stað. Vísitalan hækkaði talsvert í byrjun dags en seig svo aftur þegar leið á daginn. Í lok dags hafði úrvalsvísitalan hækkað um 0,18 prósent en félög sem vega þungt í vísitölunni, eins og Marel og Icelandair, lækkuðu lítillega.

Talsverð velta var með hlutabréf, eða fyrir ríflega þrjá milljarða króna. Mest viðskipti voru með bréf Eimskipafélagsins fyrir 480 milljónir króna og hækkuðu bréf félagsins um 1,05 prósent. Mesta hækkunin var hjá Fjarskiptum sem hækkuðu um 2,44 prósent í 72 milljón króna viðskiptum. Félög eins og N1 og Hagar sem njóta góðs af vaxandi umsvifum í hagkerfinu hækkuðu einnig. N1 um 1,72 prósent og Hagar um 1,35 prósent. **– hh**



**Tölur Hagstofunnar sem sýndu meiri hagvöxt á þriðja ársfjórðungi en spár höfðu gert ráð fyrir glöddu markaðinn og hlutabréf hækkuðu.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

markhönnun ehf

# JÓLABÓKIN FÆST HJÁ OKKUR




**SVARTIGALDUR**
**4.549 KR**




**ÆVINTÝRI GÆSAMÖMMU**
**2.729 KR**




**ENDALOKIN**
**3.014 KR**




**LADDI**
**4.199 KR**




**LEYNDARMÁL LINDU 3**
**3.184 KR**




**PETSAMO**
**4.199 KR**




**ARNGRÍMUR APASKOTT**
**2.274 KR**




**STJÖRNUSKOÐUN**
**3.834 KR**




**STÓRA SMÁKÖKUBÓKIN**
**3.959 KR**




**ÚTKALL**
**KREFTAVERK UNDIR JÖKLI**
**4.199 KR**

**www.netto.is | Tilboðin gilda 8. - 11. desember**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hafnarfjörður · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

# SESTU Í DRAUMAS



EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF
BORÐSTOFUSTÓLUM
HÆGINDASTÓLUM
ELDHÚSSTÓLUM
OG BARSTÓLUM
YFIR 500 GERÐIR

## EKKI MISSA AF ÞESSU!



**Reykjavík**
Bíldshöfði 20

**10 – 18** virka daga
**11 – 17** laugardaga
**13 – 17** sunnudaga

**Akureyri**
**Dalsbraut 1**

**10 – 18** virka daga
**11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður**
**Skeiði 1**

**www.husgagnahollin.is**
558 1100

# TÓLINN UM JÓLIN

# STÓLADAGAR

# 25%

## afsláttur af ÖLLUM stólum*



* Gildir ekki af sérpöntunum.
15% afsláttur af Skovby stólum og Timeout.

HÚSGAGNA HÖLLIN

## FJÁRLAGAFRUMVARP 2017

# Fjársvelti mun lama Landhelgisgæsluna

**Miðað við boðaðar fjárheimildir mun sá tími renna upp að ekki verður hægt að hjálpa fólki í neyð – hvort sem það er á sjó eða landi. Þetta er mat forstjóra LHG en engu er bætt við rekstrarfé LHG. Gatið frá hruni er 1,2 milljarðar sem tapaðar sértekjur hafa bætt fyrir.**

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is





Að óbreyttu mun sú staða koma upp að ekki verður hægt að koma nauðstöddum til aðstoðar, segir forstjóri LHG. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**ÖRYGGISMÁL** „Afleiðingar þessa, verði frumvarpið að lögum, eru að skila þarf þyrlu, ekki verður unnt að gera út nema eitt varðskip og aðeins hluta úr ári og segja þarf upp tugum starfsmanna sem hafa hlotið verðmæta þjálfun og reynslu. Fari svo er um að ræða mikið tjón sem erfitt verður að bæta. Ljóst er að sú staða mun koma upp á einhverjum tímapunkti að Landhelgisgæslan getur ekki siglt varðskipi á strandstaði, flogið þyrlu út á sjó að sækja sjómenn í vanda eða komið týndum og slösuðum til aðstoðar á landi þegar kallið berst.“

Þetta eru viðbrögð forstjóra Landhelgisgæslunnar, Georgs Lárussonar, þegar hann er spurður um nýframlagt fjárlagafrumvarp.

Í texta frumvarpsins er með skýrum hætti farið í gegnum þarfir Gæslunnar til næstu ára, og hversu gríðarleg þörf er á að bæta stöðu stofnunarinnar umtalsvert – bæði með tilliti til löggæslu á hafi og leitar- og björgunarþjónustu. Þrátt fyrir þá upptalningu er það tekið fram að „ekki gefst tækifæri til að auka fjárveitingar“ hvað báða þessa þætti varðar árið 2017.

Georg segir jafnframt að í ljósi framlagðs fjárlagafrumvarps sé staða Landhelgisgæslunnar grafalvarleg og verði það að lögum sé „allt sem bendir til þess að Landhelgisgæslan verði ekki lengur öruggur þáttur í leitar- og björgunarkeðju þessa lands“, eins og segir í skriflegu svari við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Fjárframlög til Landhelgisgæslu Íslands hafa verið skorin niður um 30 prósent frá árinu 2009 sem nemur um 1.200 milljónum króna. Á sama tíma hafa verkefni Landhelgisgæslunnar stóraukist, meðal annars vegna gífurlegrar fjölgunar ferðamanna og mikillar aukningar í siglingum á leitar- og björgunarsvæði Íslands. Gæslan hefur allt frá árinu 2010 aflað sértekna í útlöndum til að mæta þessum niðurskurði að hluta.

„Með því móti tókst að halda uppi lágmarks björgunar- og öryggisþjónustu, mannskap í þjálfun og viðhalda verðmætum tækjum. Nú er svo komið að skip Landhelgisgæslunnar sem notuð hafa verið til þeirra verkefna eru orðin of gömul og því ekki lengur gjaldgeng á erlendum markaði. Af þeim sökum verður Landhelgisgæslan af í það minnsta 700 milljónum króna á næsta ári. Til að bæta það upp og leita leiða til að rétt halda í horfinu með lágmarks viðbragði vegna leitar og björgunar, óskaði Landhelgisgæslan eftir hækkuðu fjárframlagi sem nemur 300 milljónum króna. Samkvæmt framlögðu fjárlagafrumvarpi er ekki gert ráð fyrir þeirri hækkun,“ segir Georg og bætir við að Gæslan leggi traust sitt á nýkjörið þing. Að óbreyttu sé verið að kasta gríðarlegum verðmætum í grunnstoðum samfélagsins fyrir róða í skiptum fyrir tiltölulega litlar upphæðir.

„Það er nauðsynlegt að hér sé lágmarks björgunargeta og Íslendingar sem sjálfstæð þjóð geta ekki látið það um sig spyrjast að hún geti ekki bjargað sér sjálf né þeim gestum sem koma til landsins eða sigla á hafsvæðum okkar,“ segir Georg.

Í fjárlagafrumvarpinu sjálfu kemur fram að aðhaldskrafa milli áranna 2009 og 2015 nemur um það bil 1,2 milljörðum króna. Því má ætla að til að ná sama stað og Landhelgisgæslan var á fyrir hrun vanti að minnsta kosti sömu upphæð inn í reksturinn – og er þá ekki tekið tillit til stóraukinna verkefna Gæslunnar vegna ferðamannastraumsins til landsins og fleiri þátta.

> **Ljóst er að sú staða mun koma upp á einhverjum tímapunkti að Landhelgisgæslan getur ekki siglt varðskipi á strandstaði, flogið þyrlu út á sjó að sækja sjómenn í vanda eða komið týndum og slösuðum til aðstoðar á landi þegar kallið berst.**



Georg Lárusson, forstjóri LHG

### Stöðumat Gæslunnar í frumvarpi til fjárlaga

- Úthaldsdögum varðskipa hefur fækkað um 46 prósent frá árinu 2007 og það getur tekið varðskip allt að 48 klukkustundir að komast á vettvang slysa eða óhappa innan efnahagslögsögunnar.
- Fjölga þarf skipum og áhöfnum til að stytta viðbragðstíma niður í 24 klukkustundir.
- Nú eru einungis tvær varðskipsáhafnir og varðskipin Þór og Týr eru því gerð út til skiptis, hvort skip um helming ársins, en varðskipið Ægir er ekki haffært.
- Leitar- og björgunarþjónusta þyrlu á sjó er vegna fjárskorts ekki að fullu trygg fyrir utan 20 sjómílur frá strönd, sjö til átta mánuði ársins.
- Útköllum björgunarþyrlna hefur fjölgað mikið á undanförnum árum, ekki síst vegna erlendra ferðamanna.
- Sú fjölgun sem þegar hefur átt sér stað er farin að hafa veruleg áhrif á rekstur Landhelgisgæslunnar og tvísýnt er að hægt sé að halda uppi nauðsynlegri þjónustu þar sem áhafnir eru ekki nægilega margar til að bregðast við þessari aukningu.
- Æskilegt er að fjölga áhöfnum til að auka björgunargetu.
- Miðað við óbreyttar fjárveitingar að raungildi á árinu 2017 er krefjandi verkefni fyrir Landhelgisgæsluna að standa undir sínum helstu lögbundnu skyldum.

**NIÐURSTAÐA:** Ekki gefst tækifæri til að auka fjárveitingar til löggæslu á hafi eða til leitar- og björgunarþjónustu árið 2017.

LYFJA
– Lífið heil

Gjafir fyrir alla fjölskylduna

Þú finnur frábært úrval af fallegum gjafavörum í næstu verslun Lyfju eða nýju netversluninni á lyfja.is



20 ára

lyfja.is

ÍSLENSKA/SIA.IS LYF 82511 12/16

# TIL HAMINGJU!

## TILNEFNDAR TIL BLÓÐDROPANS – ÍSLENSKU GLÆPASAGNAVERÐLAUNANNA!

### AFLAUSN EFTIR YRSU SIGURÐARDÓTTUR



★★★★

**„MEÐ ALLRA BESTU SPENNUSÖGUM!“**

BRYNHILDUR BJÖRNSDÓTTIR, FRÉTTABLAÐINU

★★★★

*„Vel uppbyggð, fléttan góð og þræðirnir falla saman í lokin. ... spennandi saga.“*

STEINÞÓR GUÐBJARTSSON, MORGUNBLAÐINU

*„Yrsa er gríðarlega fær glæpasagnahöfundur.“*

VERA KNÚTSDÓTTIR, BOKMENNTIR.IS




**1.**
Metsölulisti Eymundsson
Allar bækur

### DRUNGI EFTIR RAGNAR JÓNASSON



★★★★

**„FLOTT FLÉTTA HJÁ RAGNARI!“**

STEINÞÓR GUÐBJARTSSON, MORGUNBLAÐINU

★★★★

*„Best skrifaða bók Ragnars, full af sálrænum hryllingi og undirliggjandi heift. Og Hulda Hermannsdóttir er kærkomin viðbót við lögguhópinn í íslenskum glæpasögum.“*

FRIÐRIKA BENÓNÝS, FRÉTTABLAÐINU




**6.**
Metsölulisti Eymundsson
Skáldverk

VERÖLD

# FJÁRLAGAFRUMVARP 2017

## Umræðan í þingsal

Það er auðvitað í sjálfu sér auðvelt að koma hér upp og rekja langa lista af mikilvægum verkefnum en við verðum einfaldlega að kunna okkur magamál í útgjöldum. Við getum ekki gert allt í einu.

Við erum nýbúin að stórhækka laun. Það er ástæðan fyrir því að kaupmáttur launa hefur vaxið um 10 prósent ár eftir ár. Þetta er algjörlega sögulegt. Þar með var tekin ákvörðun um að ráðstafa svigrúminu sem við höfðum í launahækkanir.



Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra

Við erum að horfa hér á fjárlög þar sem samgönguáætlunin [...] er ófjármögnuð og ástæða þess að hún var samþykkt er ekki bara sú að það voru kosningar fram undan heldur vitum við öll að það er uppsöfnuð þörf fyrir fjárfestingu í vegakerfinu. Bæði eftir niðurskurð undanfarinna ára og líka vegna aukins álags, aukinnar umferðar og aukinnar ferðaþjónustu.



Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna

Við erum í mjög jákvæðu ferli við það að lækka skuldir hins opinbera [...] en eftir stendur að vaxtakostnaður Íslands er sá langhæsti og mesti í Evrópu. Miklu hærri en Grikklands, Spánar, Portúgal og Írlands. Jafnvel þó allt fari á besta veg mun vaxtakostnaður Íslands áfram vera mjög hár og það er að mínu mati vegna þess að okkur vantar trúverðuga peningamálastefnu.



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Viðreisn

Ráðherra hæstvirtur talar um misskilning og áhyggjuefni hvað varðar rekstrarafkomu útgerðanna. Ég hef áhyggjur af því að ráðherra þekki ekki þann hluta rekstraryfirlits margra útgerða sem hafa verið að skila milljörðum í arð til sinna eigenda. Er það ekki peningur sem á að einhverju leyti að fara inn í sameiginlega sjóði og teljast sem renta af sjávarútvegsauðlindinni?



Björt Ólafsdóttir, Bjartri framtíð

Við erum ekki langt frá því að vera með besta heilbrigðiskerfi í heimi en það þarf að leggja örlítið betur til svo það megi verða. Við þekkjum það Íslendingar að fara í gegnum sveiflurnar og allt of oft hefur það gerst að á sama tíma eru skattar lækkaðir og á sama tíma farið í aukin útgjöld.



Oddný Harðardóttir, Samfylkingu



Fjárlagafrumvarpið mun að óbreyttu hafa gríðarlega mikil áhrif á starfsemi Landspítalans að mati stjórnenda spítalans. Mælt var fyrir frumvarpinu á þingi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fjárlagafrumvarpið boðar styrjaldarástand

**Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans, segir frumvarp til fjárlaga svo mikil vonbrigði að hamfarir og styrjaldarástand lýsi því best. Skera þurfi niður um rúma fimm milljarða til að ná endum saman. Frumvarpið var rætt á þingi í gær.**

**FJÁRLÖG** Verði frumvarp til fjárlaga samþykkt frá Alþingi óbreytt mun það þýða að Landspítalinn þurfi að skera niður um 5,3 milljarða króna til að mæta því. „Þessi fjárlög eru hamfarir fyrir okkur, það er ekkert öðruvísi,“ segir Páll Matthíasson, forstjóri LSH.

Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að fjórum milljörðum verði bætt við hjá Landspítalanum. María Heimisdóttir, læknir og framkvæmdastjóri fjármálasviðs, sagði í Fréttablaðinu í gær að rúmir þrír milljarðar færu í hækkun launa og því yrðu um 800 milljónir eftir inn í reksturinn.

Páll segir síðan meira koma til sem breyti stöðunni umtalsvert. „Þegar tekinn er til greina halli á þessu ári og því næsta, vangoldnar launahækkanir lækna og eftirspurnaraukning sem er ein og sér um 2,1 milljarður króna, sjáum við

Þetta þýðir styrjaldarástand og fjöldauppsagnir og að við höggvum niður þjónustu.



Páll Matthíasson, forstjóri LSH

að við þurfum að skera niður um 5,3 milljarða króna á næsta ári,“ segir Páll. „Það eru einfaldlega um tíu prósent af rekstri stofnunarinnar. Þetta þýðir styrjaldarástand og fjöldauppsagnir og að við höggvum niður þjónustu. Það er síðan þeirra sem lögðu frumvarpið fram að taka afstöðu til þeirra.“

Um 5.200 manns vinna á Landspítalanum. Stofnunin er langstærsti opinberi vinnustaðurinn og slaga fjárframlög til hans á næsta ári í sextíu milljarða króna. Ef til uppsagna kemur á stofnuninni gæti það haft áhrif á fjölda manns.

Að mati Páls er hér um að ræða gífurleg vonbrigði. Spítalinn hafi talað skýrt um að þörfin væri um 12 milljarðar króna. Með þessum tölum sé ekki hægt að fara í flatan niðurskurð. Nú þyrfti að fara í forgangsröðun og hætta að veita einhverja þjónustu sem nú er fyrir hendi innan spítalans.

„Ef við skoðum nýlega OECD-skýrslu erum við í neðsta sæti meðal Evrópulanda þegar innviðauppbygging er skoðuð. McKinsey-skýrslan sýndi okkur að við erum að reka spítala með miklu minna fjármagn en löndin í kringum okkur. Allt helst þetta í hendur og nú erum við að sjá niðurskurð eins og hann gerðist verstur eftir kreppuna 2008,“ segir Páll. sveinn@frettabladid.is




EINSTÖK KVÖLDSTUND
Stríðið mikla í máli og myndum
fimmtudaginn 8. desember
kl. 20 í Norræna húsinu
Gunnar Þór Bjarnason kynnir stórvirki sitt *Stríðið mikla 1914–1918* og fræðir gesti um þetta afdrifaríka tímabil í sögu 20. aldar og áhrif þess á Íslendinga.
Gunnar Þór Bjarnason
ÞEGAR SIÐMENNINGIN FÓR FJANDANS TIL
STRÍÐIÐ MIKLA 1914–1918
Íslendingar og heimsstyrjöldin fyrri
480
BLAÐSÍÐUR
í stóru broti
Bókin verður til sölu á staðnum á sérstöku kynningar-verði
MÁL OG MENNING
www.forlagid.is
AÐGANGUR ÓKEYPIS
ALLIR VELKOMNIR

## FJÁRLAGAFRUMVARP 2017

# Á annan tug framkvæmda í hættu

**Fjárlagafrumvarp Bjarna Benediktssonar gengur í berhögg við samgönguáætlun. Svo virðist vera sem allir séu ósáttir við hve lítið fari til samgöngumála í frumvarpinu. Þingmenn Norðvesturkjördæmis ætla að þrýsta á um að Dýrafjarðargöng verði aftur sett á dagskrá.**

Sveinn Arnarsson
sveinn@frettabladid.is



**SAMGÖNGUMÁL** Fjárlagafrumvarpið eins og það er lagt fram af Bjarna Benediktssyni er sagt sem blaut tuska framan í margt sveitarstjórnarfólk, Vegagerðina og Félag íslenskra bifreiðaeigenda. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir því að farið verði eftir nýsamþykktri samgönguáætlun þingsins. Um 13 og hálfan milljarð vantar inn í samgöngumálin að mati Vegagerðarinnar.

Alþingi samþykkti samgönguáætlun án mótatkvæða þann 12. október síðastliðinn, rétt fyrir kosningar til Alþingis. Breytingartillögur voru einnig samþykktar sem áttu að skila milljörðum inn í samgöngumálin strax á næsta ári. Bjarni Benediktsson greiddi jafnframt atkvæði með áætluninni og allflestum breytingartillögum, þar á meðal breytingartillögu meirihluta samgöngunefndar um auknar fjárveitingar upp á um tíu milljarða króna.

„Þetta er bara mjög ómerkileg pólitík,“ segir Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB. „Rétt fyrir kosningar spurðum við öll framboð um samgöngumál. Menn töluðu fjálglega um það fyrir kosningar að nú þyrfti að spýta í. Menn virtust hafa sterka vitund og mikinn vilja til að gera betur rétt fyrir kosningar. Það virðist greinilega hafa breyst núna.“

Runólfur bendir einnig á að hækkun álagna á bifreiðaeigendur sé í pípunum samkvæmt frumvarpinu. Það eigi hins vegar ekki að skila sér í vegabótum. „Nú á að hækka skatta á bifreiðaeigendur umfram verðlagsþróun. Á sama tíma var boðað að lækka ætti skatta, því er þetta þvert á það sem boðað var.“

Teitur Björn Einarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins í kjördæminu, segir það þingsins núna að tryggja að engar tafir verði á Dýrafjarðargöngum og að framkvæmdir hefjist á næsta ári. „Það er hreinlega ekki í boði að göngin tefjist frekar. Þetta er gríðarlega mikilvæg samgöngubót fyrir fjórðunginn og landsmenn alla. Vestfirðir hafa þurft að sitja á hakanum lengi og nú er komið að þeim. Það er verkefni þingsins nú að koma verkinu áfram,“ segir Teitur Björn.

Þingmenn Norðvesturkjördæmis funduðu sameiginlega í gær með forsvarsmönnum Fjórðungssambands Vestfjarða. Á fundinum kom fram þverpólitískur vilji til að ljá málinu stuðning og óska eftir því við þingmenn annarra kjördæma að framkvæmdir við Dýrafjarðargöng hefjist sem fyrst.

Íslenskt vegakerfi er mjög illa farið, að sögn Hreins Haraldssonar vegamálastjóra. Hann segist í hreinskilni ekki trúa því að þessi fjárlög verði að veruleika í óbreyttri mynd. „Við höfum margoft bent á það að til að halda í horfinu þurfum við um og yfir átta milljarða króna til viðhalds vega. Við erum að fá mun minna en það. Því er alveg ljóst að þessi fjárlög eru á nokkurn hátt sorgartíðindi fyrir okkur. Við fáum daglega kvartanir vegfarenda víðsvegar um landið vegna lélegra vega og því þurfum við að gera betur í þessum efnum,“ segir Hreinn.

Ferðamönnum hefur fjölgað mikið síðustu ár og umferð aukist sömuleiðis. Nú stefnir í metumferð á þjóðvegum landsins í ár og hefur það met verið slegið árlega síðustu ár. Vegakerfið liggur því undir skemmdum. Að sögn G. Péturs Matthíassonar, upplýsingafulltrúa Vegagerðarinnar, eru flestar þær vegaframkvæmdir sem samþykktar voru í breytingartillögum meirihluta samgönguáætlunar í hættu á næsta ári og er sýnishorn þeirra framkvæmda á meðfylgjandi yfirlitskorti.

Til að mynda verður ekki hægt að ljúka við gerð Dettifossvegar á næsta ári ef fjárlög fara í gegn óbreytt. Mikið hefur verið rætt um aðdráttarafl fossins fyrir ferðamenn. Er fossinn aflmesti foss í Evrópu og hefur mikið gildi fyrir ferðaþjónustu á Norður- og Austurlandi. Kristján Þór Magnússon, sveitarstjóri Norðurþings, segir grátbroslegt að horfa upp á þennan leik einu sinni enn. „Við munum láta í okkur heyra. Það er búið að taka ákvörðun um þessa framkvæmd of oft. Nú þurfum við að sjá það að framkvæmdunum ljúki.“



Umferð á Íslandi hefur aukist gríðarlega síðustu árin og hvert metið verið slegið á fætur öðru. Ljóst er að meira fjármagn þarf til viðhalds og nýframkvæmda. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




Samkvæmt frumvarpinu frestast Dýrafjarðargöng. Þingmenn reyna þó að fá því breytt fyrir áramót.



Verja átti 400 milljónum króna til að laga brúna yfir Eldvatn vegna Skaftárhlaups. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Hvaða verkefni gætu verið í hættu á árinu 2017 samkvæmt fjárlögum?




1. Ljúka átti við Dettifossveg á árinu 2017.
2. Vinna við Skagastrandarveg.
3. Endurbætur á Fróðárheiði á Snæfellsnesi.
4. Breikkun vegar frá Geysi í Haukadal að Tungufljóti.
5. Endurbætur á Bárðardalsvegi.
6. Endurbætur á Borgarfjarðarvegi um Njarðvíkurskriður (Borgarfjörður eystri).
7. Endurbætur á Kjósarskarði.
8. Dýrafjarðargöng.
9. Hornafjarðarfljót.
10. Endurbætur Brúar við Eldvatn á Ásum.
11. Hringtorg á Reykjanesbraut til að bæta umferðaröryggi.
12. Flughlað á Akureyri.

### Loforð þingsins til uppbyggingar samgöngukerfis

| 2.000.000.000 | 500.000.000 | 500.000.000 | 100.000.000 |
|---|---|---|---|
| meira átti að verja í viðhald vega. | meira átti að verja til malbikunar tengivega. | meira átti að verja til breikkunar brúa. | meira átti að verja til framkvæmda á héraðsvegum. |

## Upplifir fjárlög sem svik



**Arna Lára Jónsdóttir**, formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar, undrast framlagningu fjárlaga. Hún segir það koma sér gríðarlega á óvart að ráðherrar og aðstoðarmenn ráðherra, sem jafnframt eru þingmenn kjördæmisins, viti ekki hvað standi í fjárlagafrumvarpinu.

„Ég næ ekki þessum vinnubrögðum. Ég hefði nú haldið að ríkisstjórn settist niður og ræddi framlagningu fjárlagafrumvarps, hvort sem um starfsstjórn er að ræða eða ekki. Það er óviðunandi að ráðherrar segist ekki vita hvað kemur fram í frumvarpinu,“ segir Arna Lára. „Við á Vestfjörðum, sama í hvaða flokki við stöndum, upplifum þessa framlagningu sem svik við okkur. Í sannleika sagt hélt ég að ég þyrfti ekki að taka fleiri slagi um Dýrafjarðargöng. Nógu margir hafa þeir verið í gegnum tíðina.“

## Heilbrigðismál í grunninn



„Það er mikilvægt að átta sig á því að fé til samgöngubóta snýst ekki einvörðungu um vegina. Í grunninn er kostnaður við vegagerð útgjöld til heilbrigðismála, menntamála, félagsmála og menningarmála. Ef styrkja á innviði samfélagsins með uppbyggingu í heilbrigðis- og menntakerfi svo dæmi séu tekin, þarf að tryggja að landsmenn geti sótt sér þá þjónustu,“ segir **Þóroddur Bjarnason**, prófessor í félagsfræði við hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri.

„Ég velti fyrir mér hvort ekki væri rétt að hlutfall af útgjöldum til heilbrigðismála, menntamála, félagsmála og menningarmála renni til uppbyggingar samgöngukerfisins.“

## Samstaða fyrir tveimur mánuðum



**Höskuldur Þórhallsson** var formaður umhverfis- og samgöngunefndar þingsins á síðasta kjörtímabili. Þann 12. október samþykkti þingið samgönguáætlun með fjölda breytingartillagna sem áttu að auka fé til vegamála umtalsvert.

Höskuldur sagði í framsögu um breytingartillögur meirihluta nefndarinnar mikilvægt að halda áfram að setja meiri fjármuni í vegamál. „Ég held reyndar að flestir séu sammála um það í dag að við getum ekki beðið mikið lengur og þess vegna er mjög ánægjulegt að sjá að við höfum náð breiðri samstöðu um að bæta fjármuni verulega í aukið viðhald hringinn í kringum landið. Það held ég að séu mjög jákvæð skref,“ sagði Höskuldur og bætti við að meirihlutinn teldi mikilvægt að „auka fé til viðhalds verkefna á næstu árum í takt við aukna umferð. Meiri hlutinn leggur því til að á árinu 2017 eða 2018 verði samtals 2 milljörðum bætt við í viðhald vega.“



# 30% AFSLÁTTUR AF JÓLAVÖRU










# 20% AFSLÁTTUR AF GJAFAVÖRU




GERVISKINNSTEPPI
VERÐ: 9.990 KR.
Stærð: 120x150 cm

3 FYRIR 2
AF PÚÐUM
VERÐ FRÁ 1.990,-

TUILERIES BORÐ
ÁÐUR 35.900,-
NÚ 28.720,-
Stærð: 83x37xH74 cm.

PAPASAN STÓLL
ÁÐUR 39.900,-
NÚ 31.920,-

NID KÖRFUSTÓLL
ÁÐUR 59.900,-
NÚ 47.920,-
Stærð: 94xH194 cm.

the PIER

GLÆSILEGT ÚRVAL Á PIER.IS

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

# Ástand heimsins



Mikið hefur snjóað í Moskvu undanfarið eins og sjá má, þar sem skaflarnir hafa hrannast upp við St. Basil-dómkirkjuna á Rauða torginu. NORDICPHOTOS/AFP



Mótmælandi í Seúl, höfuðborg Suður-Kóreu, krefst þess að Park Geun-Hye forsætisráðherra verði ákærð til embættismissis vegna spillingar. NORDICPHOTOS/AFP



Jarðskjálfti af stærðinni 6,4 stig varð í Aceh-héraði í Indónesíu í fyrrinótt. Tugir manna létu lífið og sjúkrahús yfirfylltust, þannig að sjúklingar þurftu sumir að bíða á dýnum fyrir utan þetta sjúkrahús í Pidie Jaya. NORDICPHOTOS/AFP



Barack Obama Bandaríkjaforseti fékk góðar móttökur þegar hann heilsaði upp á hermenn í MacDill-herstöðinni í Tampa á Flórídaskaga, eftir að hafa flutt þar ræðu um hryðjuverkamenn og varnir gegn þeim. NORDICPHOTOS/AFP




Stuðningsmenn Donalds Trump, verðandi Bandaríkjaforseta, hlustuðu hugfangnir á hann tala við mannfjöldann í Crown Colosseum í Fayetteville í Norður-Karólínu. NORDICPHOTOS/AFP

# Lifandi jólatré

Normannsþinur,
íslensk fura og blágreni.

Einnig mikið úrval af
gervijólatrjám og skrauti.



## Sölustaðir

**TIMBURVERSLUN BREIDD**

*MÁN-FÖS* **8-18**
*LAU* **10-14**

**SELFOSS**

*MÁN-FÖS* **8-18**
*LAU* **10-18**
*SUN* **12-16**

## Verðlisti

| NORMANNSÞINUR | VERÐ |
|---|---|
| 100 - 125 cm | 2.955 kr. |
| 126 - 150 cm | 3.395 kr. |
| 151 - 175 cm | 4.695 kr. |
| 176 - 200 cm | 6.595 kr. |
| 201 - 225 cm | 7.395 kr. |
| **BLÁGRENI** | |
| 100 - 150 cm | 6.595 kr. |
| 151 - 200 cm | 10.375 kr. |
| 201 - 250 cm | 13.495 kr. |
| **ÍSLENSK FURA** | |
| 100 - 150 cm | 5.775 kr. |
| 151 - 200 cm | 8.975 kr. |
| 201 - 250 cm | 13.495 kr. |



**JÓLATRÉSFÓTUR,**
5" grænn eða rauður.

**5.495kr.**

41114127

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.

byko.is

*Sérvalin tré í stofuna til þín*

BYKO
SKREYTUM SAMAN

# Lyfjuð þjóð



**Þorbjörn Þórðarson**
thorbjorn@frettabladid.is

Hún er rík sú tilhneiging margra að gagnrýna „sjúkdómsvæðingu“ þjóðfélagsins og þá breytni sumra nútímamanna að bera vandamál sín á torg. Iðulega eru sjónarmið af þessu tagi lituð af fortíðarþrá. Menn hafi verið miklu harðari af sér í gamla daga og fólk eigi frekar að bera harm sinn í hljóði og harka af sér.

Þótt orðræða af þessum meiði sé hjal sem hefur takmarkaða praktíska þýðingu fyrir úrlausn raunverulegra vandamála er ástæða til að leggja við hlustir þegar þessar sömu raddir gagnrýna lyfjanotkun Íslendinga. Maðurinn notar mjög oft lyf til að hjúkra sjálfum sér til heilsu þegar jafn góð náttúruleg úrræði eru til staðar. Hér má nefna andlega kvilla eins og svefnleysi, streitu, kvíða, depurð og vanlíðan af ýmsu tagi.

Samkvæmt gögnum sem Embætti landlæknis hefur birt eru Íslendingar í dag handhafar Norðurlandameta í notkun lyfseðilsskyldra verkjalyfja, svefn- og róandi lyfja, róandi og kvíðastillandi lyfja, flogaveikilyfja og örvandi lyfja. Íslendingar hafa verið á toppnum í notkun þessara lyfja í mörg ár en það er nýtt að við séum orðin hæst á Norðurlöndunum í notkun verkjalyfja. Fjöldi þeirra sem nota oxycodon hefur aukist um tæplega 30 prósent milli ára. Þetta lyf, sem oft er selt undir heitinu OxyContin, er notað til að meðhöndla langvarandi sársauka. Embætti landlæknis veit ekki hvers vegna notendum þessa lyfs hefur fjölgað svona mikið milli ára.

Árin 2011-2012 var talsverð umfjöllun í fjölmiðlum um mikla notkun Íslendinga á metýlfenídat-lyfjum eins og Rítalíni og Concerta. Núna, fimm árum síðar, sýna tölur að notkun þessara lyfja hefur bara aukist. Embætti landlæknis veit ekki hvers vegna. Hvers vegna eru íslenskir læknar miklu duglegri að ávísa þessum ávanabindandi lyfjum en kollegar þeirra á hinum Norðurlöndunum? Varla er skýringin sú að tíðni ADHD er mun hærri hjá Íslendingum? Í verkahring hvers er það að komast að ástæðunni ef ekki Embættis landlæknis? Embættið á lögum samkvæmt að hafa eftirlit með lyfjaávísunum lækna og starfrækir í þeim tilgangi sérstakan gagnagrunn. Það dugar ekki fyrir starfsmenn embættisins að yppa öxlum í viðtölum og reyna að giska á ástæðurnar.

Það er líka ríkt tilefni til að hafa áhyggjur af mikilli notkun Íslendinga á svefnlyfjum, róandi lyfjum og kvíðastillandi lyfjum. Hægt er að vinna bug á kvíða og svefnleysi með öðrum vægari úrræðum en lyfjum. Þar má nefna hugræna atferlismeðferð. Íslenskir læknar eiga ekki að grípa til lyfjaávísana nema önnur vægari úrræði hafi reynst árangurslaus. Oft eru íslenskir læknar að ávísa stórhættulegum ávanabindandi lyfjum til að leysa vandamál sem auðveldlega má vinna bug á án lyfjanotkunar.

Að þessu sögðu er mikilvægt að íslensk heilbrigðisyfirvöld, með Embætti landlæknis og velferðarráðuneytið í broddi fylkingar, hefji strax vinnu við að komast til botns í því hvers vegna Íslendingar nota miklu meira af lyfjum við andlegum kvillum en hinar Norðurlandaþjóðirnar. Kvillum sem í flestum tilvikum má meðhöndla án lyfjanotkunar.

**Það er líka ríkt tilefni til að hafa áhyggjur af mikilli notkun Íslendinga á svefnlyfjum, róandi lyfjum og kvíðastillandi lyfjum.**

Apótek Garðabæjar
**Gríptu lyfin á leiðinni heim**
**Apótek Garðarbæjar í alfaraleið**



**Litlatún 3, Garðarbæ | Sími 577 5010**

## Halldór





## Frá degi til dags

**Sundrandi frumvarp**

**Fjárlagafrumvarpið virðist ekki ætla að gera samstarf VG og Sjálfstæðisflokks líklegra. Og ekki virtist það líklegt fyrir. Í þingsal í gær veitti Katrín Jakobsdóttir andsvar við framsöguræðu Bjarna Benediktssonar þar sem hún gagnrýndi lækkanir á tekjuskatti einstaklinga og vísaði um leið til uppsafnaðrar þarfar fyrir framkvæmdir.**

**Skattamálin eru ef til vill sá málaflokkur þar sem mest bil er á milli þessara tveggja flokka. Nú virðist því enn mikilvægara að viðræður stjórnarandstöðuflokka síðasta kjörtímabils auk Viðreisnar gangi vel ef mynda á ríkisstjórn á næstunni.**

**Aldarafmæli í ráðherrastól**

**Miðað við hversu hægt hefur gengið að mynda ríkisstjórn er farið að virðast ansi líklegt að Framsóknarflokkurinn haldi forsætisráðuneytinu fram yfir aldarafmæli flokksins. Enda eru einungis átta dagar í það.**

**Lengi vel leit út fyrir að það myndi gerast eftir að Sigmundur Davíð Gunnlaugsson settist í stólinn fyrir rúmum þremur árum. Líkurnar á því minnkuðu hins vegar töluvert þegar boðað var til haustkosninga eftir afsögn hans. Á sinni nærri aldarlöngu sögu hafa níu Framsóknarmenn stýrt ráðuneytinu. Eflaust fagna allir góðir Framsóknarmenn komandi afmæli.**

**thorgnyr@frettabladid.is**

# Enn um PISA



**Inga Sigrún Atladóttir**
skólastjóri Álfaborgar/Valsárskóla

Það er margt gott við íslenska skólakerfið, það er meira að segja margt mjög gott við íslenska skólakerfið. En staðreyndin er hins vegar sú að við erum að koma illa út úr samanburðarrannsóknum miðað við önnur lönd þegar ákveðnir hlutir eru mældir. Það er staðreynd sem alger óþarfi er að leiða fram hjá sér.

Það má margt betur gera í íslensku skólakerfi. Það þarf að efla metnað fyrir námi og skólakerfið og samfélagið allt þarf að endurspegla þau skilaboð að það sé gott að standa sig í námi. Skólinn þarf að hafa ríka eftirfylgni með námsárangri sem byggir á vel skilgreindum markmiðum. Skólinn þarf að beita mörgum og margvíslegum inngripum á þann hátt að í raun og veru verði „ekkert barn skilið eftir“.

Kennarar þurfa að fá tíma til að undirbúa gæðakennslu. Beita fjölbreyttum og skilvirkum aðferðum sem reyna á nemendur og fá þá til að ígrunda námsefnið og gera það virkilega að sínu. Góðar kennsluáætlanir eru grundvöllur góðrar kennslu, það þarf að skilgreina markmið, velta fyrir sér bestu leiðunum og íhuga hvernig hægt er að bregðast við fjölbreytileika þeirra nemenda sem í skólastofunni finnast. Það þarf að huga að því að tími sé fyrir samskipti, skoðanaskipti, dýpra nám og að nemendur hafi tíma til að tileinka sér grundvallarþekkingaratriði. En til þess að hægt sé að skipuleggja kennslu vel og hafa öfluga eftirfylgni þurfa kennarar að hafa tíma til að sinna þeim þáttum og skólastjórnendur þurfa að hafa getu til að eiga samtal um góða kennsluhætti og getu til að fylgja því eftir að skipulagningu kennslu sé vel sinnt.

Íslenska skólakerfið er á margan hátt virkilega gott og á ákveðnum þáttum á pari við það besta sem gerist í heiminum. PISA-þekking er þó ekki einn af okkar styrkleikum og það verðum við öll að leggja okkur fram um að bæta. Það verður ekki gert með fleiri stofnunum sem hringja og senda tölvupósta. Það verður ekki gert með ráðherrum og átaksverkefnum þeirra. Þessu verður ekki snúið við nema með alvöru samtali við foreldra, nemendur og starfsmenn skóla. Þar liggur lykillinn og aðeins með þeim lykli getum við opnað dyrnar.

**Kennarar þurfa að fá tíma til að undirbúa gæðakennslu. Beita fjölbreyttum og skilvirkum aðferðum sem reyna á nemendur og fá þá til að ígrunda námsefnið og gera það virkilega að sínu.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Þegar saklausir játa

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Venjulegt fólk á æ erfiðara með að ná fram rétti sínum fyrir dómstólum. Til þess liggja margar ástæður sem bandaríski dómarinn Jed Rakoff rakti nýverið í vikuritinu New York Review of Books. Lýsing hans á versnandi þjónustu réttarkerfisins við almenning á erindi við Íslendinga þar eð ástand dómsmálanna hér heima kallast að ýmsu leyti á við ástandið vestra. Vandi réttarkerfisins þar birtist m.a. í að stundum játa sakleysingjar á sig glæpi frekar en að missa aleiguna í hendur lögmanna.



### Útburðir

En þetta fyrst. Reiðibylgjan sem Donald Trump reið inn í Hvíta húsið um daginn stafar e.t.v. ekki eingöngu af stöðnun launa miðlungs- og lágtekjufólks og aukinni misskiptingu eins og margir hafa haldið fram. Reiðibylgjan kann einnig að hafa risið vegna þess að tæplega 700.000 bandarískar fjölskyldur hafa misst heimili sín í hendur lánardrottna á hverju ári frá 2007. Það gerir rösklega sex milljónir fjölskyldna samtals.

Þetta er svipuð tala miðað við mannfjölda og hér heima frá hruni. Hér hafa um sex þúsund fjölskyldur misst heimili sín á sama tíma eða um 750 fjölskyldur á ári að jafnaði. Útburðum hefur fækkað með tímanum. Árin 2008-2013 misstu þrjár fjölskyldur á dag heimili sín eða um 1.100 fjölskyldur á ári. Þá eru ótaldar þúsundir eigna sem lögaðilar aðrir en einstaklingar hafa misst í hendur lánardrottna. Samkvæmt tölum frá Arion banka, Íbúðalánasjóði, Íslandsbanka og Landsbankanum eignuðust þessir aðilar að meðaltali 4,3 uppboðseignir á dag fyrstu fimm árin eftir hrun.

**Ákvæði um skipun dómara og annarra embættismanna í nýju stjórnarskránni sem Alþingi á enn eftir að staðfesta árétta þá grundvallarreglu við skipun í embætti að hæfni og málefnaleg sjónarmið skuli ráða.**

Þessar tölur ættu að réttu lagi að liggja frammi á vefsetri Hagstofu Íslands eða velferðarráðuneytisins en þær er þó hvergi að finna á einum stað í stjórnsýslunni heldur þurfa áhugasamir að grafa þær upp með ærinni fyrirhöfn eins og Hagsmunasamtök heimilanna hafa fengið að reyna.

Bandaríkjamenn safna upplýsingum um ástand dómskerfisins vestra. Líkurnar á að tapa útburðarmáli gegn lánardrottni tvöfaldast ef húseigandinn hefur ekki efni á að ráða sér lögmann og reynir heldur að verja sig sjálfur fyrir rétti. Svo virðist sem milljónir Bandaríkjamanna hafi misst heimili sín vegna aðstöðumunar í réttarsölum. Engar sambærilegar tölur eru til um Ísland. Annað dæmi: Líkurnar á að bandarískur dómari fallist á nálgunarbann vegna heimilisofbeldis minnka um meira en helming ef fórnarlambið hefur ekki efni á að ráða sér lögfræðing.

### Jafnræði fyrir lögum?

Jed Rakoff, dómari í New York, rekur helztu ástæður þess að Bandaríkjamenn eru ekki jafnir fyrir lögum.

- Það verður sífellt dýrara að ráða sér lögmann.
- Annar kostnaður sem leggst á þá sem leita réttar síns fer einnig vaxandi.
- Lögfræðingar reynast æ ófúsari til að taka að sér mál upp á prósentur þegar ekki er eftir miklu að slægjast, t.d. í skaðabótamálum.
- Verklýðsfélög og önnur félög sem veittu félagsmönnum sínum ókeypis lögfræðiaðstoð á fyrri tíð eru nú veikari á svellinu en áður og síður aflögufær.
- Lögboðnir gerðardómar hafa færzt í vöxt.
- Réttarkerfið lítur hóplögsóknir hornauga og reynir að torvelda þær.
- Lagaágreiningi er æ oftar skotið til eftirlitsstofnana og úrskurðarnefnda frekar en dómstóla.
- Hættan á þungum refsidómum hefur aukizt.

Af þessu öllu leiðir að langflest ágreiningsefni eru leyst utan réttarkerfisins án atbeina dómara. Sumir ná ekki fram rétti sínum og missa jafnvel heimili sín fyrir rangar sakir. Aðrir játa jafnvel á sig glæpi í sjálfsvörn. Athygli vekur að Jed Rakoff finnur ekki að mannvali í dómarastétt eða hlutdrægni dómara.

### Þverrandi traust

Traust bandarísks almennings til dómstóla hefur minnkað. Í fyrra (2015) sögðust 53% Bandaríkjamanna treysta réttarkerfinu skv. skýrslu Gallups borið saman við 80% um aldamótin. Hér heima segist innan við þriðjungur aðspurðra treysta dómskerfinu skv. Gallup. Ákvæði um skipun dómara og annarra embættismanna í nýju stjórnarskránni sem Alþingi á enn eftir að staðfesta árétta þá grundvallarreglu við skipun í embætti að hæfni og málefnaleg sjónarmið skuli ráða.

# „Einn blár strengur“ – Kynferðislegt ofbeldi gegn drengjum



Sigrún Sigurðardóttir
lektor á heilbrigðisvísindasviði HA, doktorsnemi í hjúkrunarfræði við HÍ

Alþjóðlegar rannsóknir sýna að kynferðislegt ofbeldi í æsku getur haft víðtæk, alvarleg og langvinn áhrif á heilsufar og líðan. Það er útbreitt vandamál á heimsvísu sem hefur áhrif á líf milljóna barna. Heilbrigðismála-, menntamála-, félagsmála- og lagayfirvöld eru hvött til að taka ábyrgð gagnvart því af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni.

Kynferðislegt ofbeldi gegn drengjum er betur falið og minna rannsakað en gegn stúlkum og því flókið að bera saman. Drengir sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi upplifa oft fordóma frá samfélaginu og að vera einhvers konar jaðarhópur. Þeir segja sjaldan frá ofbeldi á þeim tíma sem það á sér stað og það tekur þá langan tíma að deila þeirri reynslu, ef þeir gera það á annað borð. Geta þar karllæg gildi, karlmennskuímynd eða staðalímyndir haft áhrif á.

Vandamál sem fylgt geta karlmönnum með slíka reynslu til unglings- og fullorðinsára eru brotin sjálfsmynd, reiði, skömm, einangrun, sektarkennd, sjálfskaðandi hegðun, áfengis- og fíkniefnamisnotkun, afbrot, áhættuhegðun, tilfinningaleg aftenging og flótti frá aðstæðum. Einnig þunglyndi, kvíði, fælni, áfallastreituröskun, sjálfsvígshugsanir,

**Rannsóknir sýna að einn af hverjum sex drengjum verður fyrir kynferðislegu ofbeldi í æsku og er Einn blár strengur átaksverkefni til að vekja athygli á því.**

sjálfsvígstilraunir og sjálfsvíg. Karlmenn efast oft um kynhneigð sína eftir slíka reynslu, upplifa vandamál tengd kynferði og brotinni karlímynd. Þeir geta glímt við endurminningar sem trufla kynlíf þeirra og taka frekar þátt í áhættusömu kynlífi, glíma við sambands- og hjónabandsvandamál og vinnufíkn.

Einstaklingar sem upplifa ofbeldi í einhverri mynd og segja ekki frá, lifa oft við streitu sem hefur bælandi áhrif á ónæmiskerfið og getur valdið sjúkdómum. Að segja frá ofbeldinu er því mjög mikilvægt fyrir heilsufar og líðan.

Rannsóknir sýna að einn af hverjum sex drengjum verður fyrir kynferðislegu ofbeldi í æsku og er Einn blár strengur átaksverkefni til að vekja athygli á því. Tónlistarmenn setja einn bláan streng í gítar sinn sem stendur fyrir einn dreng af sex. Nemendur á heilbrigðisvísindasviði við Háskólann á Akureyri hafa unnið að verkefninu og verður ráðstefna tengd því í Háskólanum á Akureyri 20. maí 2017. Opnað hefur verið fyrir innsendingu ágripa og Facebooksíða stofnuð.

*Sextán daga átak gegn kynbundnu ofbeldi.*

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

GEFÐU GEIT



GEFÐU GJÖF SEM GEFUR
Með gjafabréfi á gjofsemgefur.is geturðu styrkt bágstadda fjölskyldu um til dæmis geit, hænu, brunn, matjurtagarð, menntun eða aðrar nauðsynjar. Gefðu skemmtilegar gjafir til verkefna heima og erlendis.
www.gjofsemgefur.is
Hjálparstarf kirkjunnar

# Forðumst sleifarlag



Bjarnfreður Ólafsson
lögmaður

Undanfarið hafa birst fréttir um eignir og meint vanhæfi nokkurra Hæstaréttardómara. Deila má um starfsaðferðir nefndar um dómarastörf, meint vanhæfi dómaranna, heimild þeirra til fjárfestinga í stórum félögum á markaði og tímasetningar á sölum. Hvað sem því líður þá ættu menn að vera sammála um að verklagið er ótækt. Það grefur enn frekar undan trausti almennings á dómstólum.

**Nokkur dæmi úr framkvæmd**

Það hjálpar ekki umræðunni nú að ýmislegt einkennilegt hefur komið upp í réttarframkvæmd svokallaðra hrunmála á undanförnum árum. Nokkur dæmi af handahófi:

- Saksóknarar ákæra menn þó þeir hafi gögn undir höndum sem fara gegn fullyrðingum þeirra í ákæru – jafnvel sanna sakleysi sakborninga. Þegar ríkissaksóknari fer yfir kærur vegna slíkra starfshátta rannsóknaraðila þá vísar hún þeim frá en tekur undir að svona „sleifarlag“ sé óheppilegt.
- Tilteknir eftirlitsaðilar virðast hafa sent inn kærur án lagaheimildar og jafnvel með rökstuðningi sem fer gegn gögnum sem þeir sjálfir hafa undir höndum.
- Meint brot þessara aðila geta fyrnst fljótt, eða á einu ári, og því yfirleitt ekkert við þeim að gera.
- Héraðsdómarar hafa veitt sérstökum saksóknara heimildir til húsleitar og símhlerana sem standast svo ekki skoðun þegar inngrip rannsakenda er yfirstaðið.
- Bankamenn eru dæmdir til fangelsisvistar fyrir umboðssvik þó þeir hafi ekki brotið gegn settum reglum. Búin er til ný regla um „brot gegn óskráðum reglum“.
- Stjórnarformaður banka er dæmdur sekur þó engin gögn finnist í málinu sem tengja hann við sakarefnið samkvæmt ákæru.
- Hæstaréttardómarar túlka lög um meinta refsiverða markaðsmisnotkun með gagnályktun frá ákvæðum laga og er krafan um skýrleika refsiheimilda þá orðin ansi teygð.
- Rökstutt hefur verið að menn séu sakfelldir fyrir annað en þeir eru ákærður fyrir, þ.m.t. í tengslum við innherjasvik.
- Hæstiréttur sakfellir bankamenn með túlkun á gögnum sem aldrei voru rædd undir rekstri máls.
- Þrátt fyrir orðalag stjórnarskrár og áður óumdeilda grundvallarreglu sakamálaréttarfars um að refsing geti eingöngu byggst á lögum þar sem allur vafi um túlkun skuli skýrður sakborningi í hag þá lýsir dómari því opinberlega yfir að túlkun refsiheimilda geti stuðst við tíðaranda og vilja samfélagsins á þeim tíma er dómur er upp kveðinn.

**Ófullkomnir bankamenn**

Umræddir ákærendur og dómarar hafa ekki haft skilning á „sleifarlagi“ bankamanna í aðdraganda hrunsins. Skiptir þá litlu máli þó þeir hafi unnið undir miklum þrýstingi í langan tíma en að lokum þurft að játa sig sigraða þegar bankarnir hrundu í október 2008 – og í flestum tilvikum ekki haft neina fjárhagslega hagsmuni af ákvörðunum sínum eða ákvarðanaleysi.

Augljóslega var pottur brotinn fyrir hrun, hvort heldur það varðar grundvöll rekstrar bankanna, einstaka ákvarðanir stjórnenda þeirra, eftirlit með bönkunum, stjórnun peningamála, forsendur matsfyrirtækja, andvaraleysi stjórnmálamanna og aukna skulda- og áhættusækni almennings. En hvað bankamennina (og alla aðra) varðar þá er stór munur á því að hafa rangt fyrir sér eða fremja vísvitandi refsiverð brot.

**Grundvöllur réttarríkisins**

Sú grundvallarhugsun réttarríkisins að betra sé að sekur maður gangi laus en að saklaus sitji í fangelsi virðist því miður að einhverju leyti hafa gleymst eða verið ýtt til hliðar við meðhöndlun hrunmála. Sama á við um meginregluna um réttláta málsmeðferð innan hæfilegs tíma.

**Grunaður í áratug?**

Af þessum málum hef ég persónulega reynslu og þá ekki bara sem lögmaður. Ég var stjórnarmaður í Kaupþingi banka frá árinu 2003 og til falls bankans í október 2008. Af þeim sökum hef ég verið yfirheyrður í mörg ár um allt og ekkert en aldrei verið ákærður fyrir stjórnarstörf mín hjá Kaupþingi. Ég hef þó verið með stöðu grunaðs manns frá árinu 2009. Ég er því í hópi fjölmargra sem hefur verið haldið í svona stöðu svo árum skiptir. Í mínu tilfelli nær þetta tímabil bráðum áratug.

Þá var ég ákærður vegna starfa minna sem lögmaður í svokölluðu Exista-máli. Um það kostulega mál geta áhugasamir nálgast allar upplýsingar á vefsíðunni www.einsaer.is.

**Endurheimt traust á dómstólum**

Þótt margt gott starf sé unnið hjá dómstólum landsins þá er ástand réttarkerfisins nú óboðlegt. Það verður að búa sómasamlega að dómstólum. Það þarf að tryggja sjálfstæði dómara en umfram allt að virkt eftirlit sé með störfum þeirra – eins og viðgengst í nágrannalöndum. Dómarar ættu að fagna tillögum um aukið eftirlit og gagnsæi um störf þeirra og eignir. Hlutleysi þeirra verður að vera hafið yfir allan vafa. Öðruvísi munu dómstólar ekki öðlast nauðsynlega virðingu og traust í samfélaginu. Dómurum ber jafnframt að hafa virkt eftirlit með saksóknurum, sér í lagi þegar lögmenn sakborninga hafa ekki aðkomu að ákvörðunum dómara. Ef út af bregður þarf ábyrgð bæði dómara og saksóknara að vera raunveruleg. Nú ber enginn þessara aðila ábyrgð á nokkrum hlut og allt reddast einhvern veginn á sleifarlaginu – nema fjölmiðlar komist að einhverju óþægilegu.

**Ef út af bregður þarf ábyrgð bæði dómara og saksóknara að vera raunveruleg. Nú ber enginn þessara aðila ábyrgð á nokkrum hlut og allt reddast einhvern veginn á sleifarlaginu – nema fjölmiðlar komist að einhverju óþægilegu.**

# Náttúruperlur við Rauðufossa



Ólafur Örn Haraldsson
forseti Ferðafélags Íslands

Það er stefna og starf Ferðafélags Íslands að kynna íslenska náttúru og hvetja fólk til að njóta hennar en um leið að vernda hana. Þetta kemur meðal annars fram í árbókum félagsins sem gefnar hafa verið út samfellt í 90 ár frá stofnun félagsins. Árbækur félagsins eru ein viðtækasta og vandaðasta heimild um náttúrufar, staðhætti, byggðir og óbyggðir landsins.

Það var því ekki rétta orðalagið sem ég notaði á samfélagsmiðli og í blaðaviðtali þegar ég vildi benda á hversu ofurviðkvæm náttúra við uppsprettu Rauðufossakvíslar væri. Þetta var mín ónákvæmni og því töldu einhverjir að ætlunin hefði verið að halda svæðinu leyndu. Það er fjarri því að þetta sé ætlun Ferðafélagsins eða árbókarhöfundar. Þetta þarf að leiðrétta. Þvert á móti er svæðinu haldið mjög á lofti í árbók Ferðafélagsins 2010 sem undirritaður samdi og eru náttúruunnendur hvattir til að ganga þar en gæta að viðkvæmri náttúru. Í bókinni var svæðinu lýst heildstætt með fallegum myndum og texta sbr. hér að neðan.

Í árbók Ferðafélagsins 2010 (bls. 74) eru birtar glæsilegar myndir af Rauðufossakvíslinni á bls. 72–75, fegurð svæðisins lýst og göngumenn hvattir til að leita þangað. Þar segir m.a. í texta: „Það er til mikils að vinna að skoða Rauðufossa og svæðið upp að Rauðufossafjöllum en þar leynast fagrir og óvenjulegir staðir ... Göngumaður ætti að snúa för sinni upp með Rauðufossakvísl fyrir ofan fossinn ... Fegurðin á þessari göngu er fyrst og fremst í ánni sjálfri og við hana því að þar er gróður einstaklega fallegur, bæði á árbökkum og í grynnsta vatninu. Hér er lögð þung áhersla á að svæðið er viðkvæmt enda í 700-800 m hæð, dýjamosi við ána og þurr mosi á melum og önnur náttúrufegurð bíður þess seint bætur ef margir spora ógætilega. Því eru náttúruunnendur, sem leggja þessa göngu á sig, beðnir um að hlífa náttúrunni, taka sveig fram hjá viðkæmum stöðum, þannig að hún fái að standa óspillt og öllum til yndis sem þangað koma. Við Rauðufossafjöll og Dalakvísl er ósnortin fegurð og öræfakyrrð. Þeir sem leita að sterkum áhrifum óbyggðanna finna þau þarna.“

**Tilgangurinn að kynna landið**

Tilgangur Ferðafélags Íslands er að kynna landið og opna fyrir ferðamönnum og er það gert meðal annars með landlýsingum, kortagerð, uppbyggingu á aðstöðu fyrir ferðamenn og ferðum um landið. Þegar vakin er athygli á einstökum náttúruperlum landsins þarf um leið að tryggja verndun þeirra og stýringu ferðamanna um svæðið. Þar þurfa margir að koma að verki. Ferðafélag Íslands hefur í áratugi átt gott samstarf og samleið með Ómari Ragnarssyni og nú með vönduðum þáttum Láru Ómarsdóttur sem vinna að sömu markmiðum og félagið.

Nú hefur komið á daginn að þegar eru skemmdir við upptök Rauðufossakvíslar. Styrkja þarf skipulag sem verndar þetta náttúrufyrirbrigði um leið og sem flestir fái að njóta. Þar þurfa bæði áhugafólk, fjallmenn á Landmannaafrétti, sveitarfélag, ferðaþjónusta og Umhverfisstofnun að koma að verki.

**Þetta var mín ónákvæmni og því töldu einhverjir að ætlunin hefði verið að halda svæðinu leyndu. Það er fjarri því að þetta sé ætlun Ferðafélagsins eða árbókarhöfundar. Þetta þarf að leiðrétta.**

# Brúnegg – hvað svo? Eftirlit – fyrir hvern?



Jón Bergsson
lyfjafræðingur, vottaður úttektarstjóri

Í byrjun árs 2012 varð töluverð umfjöllun í fjölmiðlum út af kadmíum í áburði, díoxíni í matvælum, iðnaðarsalti og brjóstapúðum, og ábyrgð yfirvalda og eftirlitsstofnana við að gæta hagsmuna neytenda. Þá fjallaði ég í stuttri grein um úttektir og eftirlit og lagði áherslu á að það er alltaf sá sem reiðir fram vöru eða þjónustu sem ber alla ábyrgð á að varan sé eins og til er ætlast eða um er samið. Ekki sé hægt að varpa þessari ábyrgð allri eða að hluta á birgja eða yfirvöld og opinberar eftirlitsstofnanir, nema þegar „hið opinbera“ sér sjálft um reksturinn; skólar, sjúkrahús, o.s.frv. (Eftirlit – eftirlit!, Fbl. 27. janúar 2012).

Allt á þetta heima í umræðunni um Brúnegg í dag. En, hver á að sjá um úttektir og eftirlit með eggjaframleiðslu – eða landbúnaði og matvælaframleiðslu almennt – hver á niðurstöðurnar, og hvað má eða á að gera við þær? Er betra að einkafyrirtæki annist eftirlit en opinberar stofnanir?

Það er rétt, að eftirlitsstofnanir ríkisins eru margar. En sjálfstæðar, einkareknar skoðunar- og vottunarstofur eru líka allmargar. Opinberar stofnanir geta rekið eigið eftirlit, eða úthýst að öllu leyti eða að hluta. Ríkiskaup hafa gert rammasamninga við fyrirtæki sem geta annast ýmsar úttektir og opinberum fyrirtækjum er skylt að versla við, óski þau að kaupa þessa þjónustu. Um faggiltar skoðunar- og vottunarstofur gilda sérstakar reglur, sem er töluvert eftirlit og kostnaðarsamt að mæta. Í dag er unnt að afla faggildingar fyrir skoðunarstofur, prófunarstofur, kvörðunarstofur og vottunarstofur; sjá vefsíðu els.is.

Vandinn er ekki hver annast eftirlitið, heldur hver á niðurstöðurnar! Eru það þeir sem annast úttektina, stofnunin sem þeir vinna fyrir, úttektarþeginn, eða kaupendur og neytendur vöru eða þjónustu? Yfirleitt er það þannig að sá sem greiðir fyrir úttektina á niðurstöðuna. Ég greiði fyrir að láta faggilta skoðunarstofu skoða bílinn minn og votta ástandið, og á niðurstöðuna. Skoðunarstofan má ekki birta hana á vefsíðu, Fésbók eða fara með hana í blöðin. Ef kaupendur og neytendur greiða með skattfé fyrir úttektir, eiga þeir þá ekki niðurstöðurnar líka?

Opinberar stofnanir hafa yfirleitt ríka upplýsingaskyldu, en er þeim skylt að birta allar þær úttektir sem þær láta gera? Mennta- og menningarmálaráðuneytið birtir þannig stjórnsýsluúttektir á skólum á vefsíðu sinni. Heilbrigðisráðuneytið birtir hins vegar ekki niðurstöður úttekta Lyfjastofnunar á apótekum og lyfjaframleiðendum, enda er þá um einkafyrirtæki að ræða sem eiga rétt á að halda ákveðnum upplýsingum fyrir sig.

**Hver á upplýsingarnar?**

Brúnegg gætu hafa gert eigin úttektir eða fengið annan (óháðan, vottaðan) aðila til að annast úttekt á starfseminni. Þær niðurstöður eru ótvírætt eign Brúneggja, og væru væntanlega notaðar til úrbóta í starfseminni. En hvað með úttektir sem MAST gerir? „Stofnunin starfar undir yfirstjórn atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis ... sinnir stjórnsýslu, eftirliti, fræðslu og þjónustu við sjávarútveg, landbúnað, fyrirtæki og neytendur í þeim tilgangi að stuðla að heilbrigði og velferð dýra, heilbrigði plantna og öryggi, heilnæmi og gæðum matvæla“ (mast.is). Er MAST þá ekki opinbert fyrirtæki sem er skylt að upplýsa neytendur um úttektir sem greiddar eru með skattfé? Hver er ábyrgð verslunarkeðju sem kaupir egg eða aðrar afurðir í stórum stíl til að selja mér og þér? Eiga þeir að setja viðmið og taka út sína birgja ... og upplýsa neytendur?

Einkavæðing í heilbrigðis- og öldrunarþjónustu og skólastarfi sem greitt er fyrir með skattfé er þegar nokkur og mun líklega aukast. Eina leiðin til að tryggja gæði þjónustu sem greitt er fyrir er að setja skýr viðmið og reglur um hvernig úttektum og eftirliti skuli háttað. Aðgangur að upplýsingum um gæði og verð þjónustu er lykilatriði til að tryggja hag neytenda.

Að færa allt eftirlit með vöru og þjónustu frá ríkinu til faggiltra einkafyrirtækja, eins og Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri SVÞ, lagði til í viðtali við Fréttablaðið 2. desember sl., mun ekki koma í veg fyrir fleiri „Brúneggjamál“. Betra væri að skýra nákvæmlega hver er eigandi upplýsinga úr úttektum og hver upplýsingaskyldan er. Annars er hætta á að þessar ákvarðanir lendi í höndum pólitíkusa og embættismanna.

**Eina leiðin til að tryggja gæði þjónustu sem greitt er fyrir er að setja skýr viðmið og reglur um hvernig úttektum og eftirliti skuli háttað. Aðgangur að upplýsingum um gæði og verð þjónustu er lykilatriði til að tryggja hag neytenda.**

# NÚMER EITT!




Flestir notendur heimsóttu Vísi í síðustu viku sem lyfti vefnum á toppinn yfir mest lesnu vefi landsins.*

Við þökkum fyrir og gerum okkar besta í að færa lesendum okkar vandaðar fréttir, greina vel frá því sem hæst ber ásamt því sem okkur þykir skemmtilegt og áhugavert.

**Verið velkomin í heimsókn!**

vísir

*Samkvæmt topplista Gallup vikuna 28. nóvember til 4. desember 2016.


KRÓNAN
399 kr. stk.
Klementínur 950g, Spánn
Ódýrt
Klementínur 2,3 kg, Spánn
629 kr. stk.
GRØN BALANCE ØKOLOGI
Økologisk Frugt
LÍFRÆNT VOTTAÐ
389 kr. stk.
Grön Balance lífrænar klementínur 750g, Spánn
Clementinen
Tilboðin gilda til 11. desember. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is



KRÓNAN
-25%
3999 kr. kg
Lambalundir
Krónan mælir með!
Nóatúns hamborgarhryggur
NÓATÚN
1899 kr. kg
Sambands Hangikjötið
2899 kr. kg
Sambands Hangilæri úrbeinað
Ódýrt
-20%
Grísasnitsel
1359 kr. kg
Verð áður 1699 kr. kg
Ódýrt
Krónu hamborgarhryggur
1399 kr. kg
Tilboðin gilda til 11. desember. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# KRÓNAN



Nýtt!




Sjúklega gott!

Bakið í 7 mínútur

30 smákökur

**899** kr. stk.

17 Sortir smákökudeig - úrval bragðtegunda, 500 g




Ódýrt

**389** kr. stk.

Tilbúið Kötludeig með lakkrís og hvítu súkkulaði, 300 g

Ódýrt




**239** kr. stk.

Tilbúið Kötlu piparkökudeig, 300 g

# KRÓNAN

Ódýrt




**699** kr. stk.

Lindor Milk súkkulaðikúlur 200 g




**549** kr. stk.

Toblerone 360 g

Ódýrt




**979** kr. stk.

After Eight 800 g




Ódýrt

**3598** kr. stk.

Mackintosh 2,9 kg




# Aldraðir eiga að geta lifað með reisn



Björgvin Guðmundsson
viðskiptafræðingur

> Vonandi hefur ný ríkisstjórn meiri skilning á kjörum eldri borgara en fráfarandi ríkisstjórn. Það er kominn tími til þess að stórbæta kjör aldraðra og öryrkja.

Ný ríkisstjórn verður að bæta kjör aldraðra og öryrkja verulega til viðbótar við þá litlu breytingu, sem samþykkt var á Alþingi áður en því var slitið fyrir kosningar. Þær breytingar, sem Alþingi samþykkti, byggðust á gömlum kröfum frá 2015 en þær eru löngu orðnar úreltar. Auk þess samþykkti Alþingi, að lífeyrisfólk ætti að fá hækkanir í tveimur áföngum, 2017 0g 2018. Það er allt of seint. Aldraðir og öryrkjar þurfa að fá sínar kjarabætur strax. Þegar þeir hafa aðeins um 200 þúsund kr. á mánuði eftir skatt er ekki unnt að bíða í mörg ár eftir kjarabótum. Þessar upphæðir duga ekki fyrir framfærslukostnaði.

**Þurfa 400 þús. fyrir skatt – 321 þúsund eftir skatt**

Staðan núna er þessi: Aldraðir og öryrkjar, sem aðeins hafa lífeyri frá TR, hafa aðeins 185 þúsund á mánuði eftir skatt, giftir en einhleypir hafa 207 þúsund kr. eftir skatt. Þessar upphæðir hækka í 195 þúsund kr. eftir skatt um áramót fyrir gifta og í 227 þúsund á mánuði eftir skatt fyrir einhleypa. Þetta eru svo lágar upphæðir, að þær duga ekki til framfærslu. Samkvæmt neyslukönnun Hagstofu er meðaltalsneysla einhleypinga 321 þúsund kr. á mánuði, án skatta. Þessi upphæð er lágmark fyrir lífeyrisþega; samsvarar 400 þúsund krónum á mánuði fyrir skatt.

**Draga þarf meira úr skerðingum**

Ný ríkisstjórn þarf að hækka lífeyrinn í þessa upphæð. Auk þess þarf að draga meira úr skerðingum tryggingalífeyris vegna greiðslna úr lífeyrissjóði og vegna tekna af atvinnu og fjármagni. Að mínu mati og Félags eldri borgara í Reykjavík á að afnema skerðingar lífeyris TR vegna lífeyrissjóða og vegna tekna af vinnu og fjármagni í tveimur til þremur áföngum. Það er óeðlilegt að skerða lífeyri eldri borgara hjá almannatryggingum vegna þess að hann fái greiðslur úr lífeyrissjóði. Almannatryggingarnar eiga að vera viðbót við lífeyrissjóðinn. Þetta verður að leiðrétta. Það þolir enga bið. Aðrar skerðingar á einnig að afnema. Með nýjum lögum um almannatryggingar var skerðing aukin vegna atvinnutekna; frítekjumark lækkað úr 109 þúsund kr. á mánuði í 25 þúsund kr. Það er afturför. Margir eldri borgarar, sem hafa verið á vinnumarkaðnum, hafa stigið fram og skýrt frá því að þeir geti ekki haldið áfram vinnu eftir þessa miklu skerðingu.

Vonandi hefur ný ríkisstjórn meiri skilning á kjörum eldri borgara en fráfarandi ríkisstjórn. Það er kominn tími til þess að stórbæta kjör aldraðra og öryrkja. Það á að hætta smáskammtalækningum og bæta kjörin það myndarlega, að aldraðir og öryrkjar geti lifað með reisn.

# Þú bjargaðir lífi mínu. Bjargaðu núna lífi annarra!



Moses Akatugba
stoltur mannréttindasinni

> Lögreglumenn börðu mig með sveðjum og prikum. Ég var bundinn á fótum og látinn hanga á hvolfi svo tímunum skipti. Neglur voru dregnar af fingrum mér og tám. Sársaukinn sem ég upplifði var ólýsanlegur.

Kæri vinur.

Ég heiti Moses Akatugba. Í tíu ár sat ég í fangelsi í Nígeríu. Ég var handtekinn, pyndaður og fangelsaður þegar ég var aðeins 16 ára gamall. Ég var dæmdur til dauða. Lögreglumenn börðu mig með sveðjum og prikum. Ég var bundinn á fótum og látinn hanga á hvolfi svo tímunum skipti. Neglur voru dregnar af fingrum mér og tám. Sársaukinn sem ég upplifði var ólýsanlegur.

Í maí 2015 var aftaka mín stöðvuð og ég varð frjáls maður. Bréf ykkar frá Bréfamaraþoni Amnesty International björguðu lífi mínu. Þakka ykkur fyrir!

Vinsamlegast hjálpið öðrum sem sætt hafa mannréttindabrotum eins og ég. Takið þátt í Bréfamaraþoninu 2016. Ég er sönnun þess að Bréfamaraþonið virkar í reynd. Án þeirra þúsunda bréfa og undirskrifta sem send voru til stuðnings máli mínu hefði ég mögulega aldrei hlotið frelsi.

Þegar ég sat í fangelsi heyrði ég að fólk á Íslandi væri að berjast fyrir frelsi mínu. Ég vissi þó ekki fyrr en síðar, þegar ég heimsótti Ísland, að þið hefðuð verið svona mörg sem gripuð til aðgerða vegna mín. Aðgerðasinnar eins og þú eru hetjurnar mínar. Þú hefur blásið mér í brjóst löngunina til að gerast aðgerðasinni sjálfur – að berjast fyrir aðra.

Viltu ganga til liðs við mig? Viltu berjast fyrir frelsi og réttlæti annarra með þátttöku í Bréfamaraþoni Amnesty í ár? Líf fólks er í húfi og þú getur hjálpað með aðgerðum þínum í Bréfamaraþoninu.

Krefðu Obama, forseta Bandaríkjanna, um að láta það verða eitt sitt síðasta verk að veita mannréttindahetju sem afhjúpaði geðþóttaeftirlit stjórnvalda, sakaruppgjöf. Krefstu þess að stjórnvöld í Malaví verndi albínóa gegn morðum. Krefðu stjórnvöld í Íran um að láta unga konu sem er samviskufangi lausa úr haldi og veita henni þá bráðnauðsynlegu læknismeðferð sem hún þarf á að halda en hún er við það að missa sjónina.

Um er að ræða einn stærsta mannréttindaviðburð í heimi sem haldinn er ár hvert í desember til að berjast fyrir málum eins og mínu. Sameinuð höfum við vald til að sigrast á óréttlæti.

Ég ætla að leggja mitt af mörkum til að hjálpa fólki sem sætir mannréttindabrotum. Ætlar þú að leggja þitt af mörkum? Aðgerðir þínar eru ekkert minna en kraftaverk! Vinsamlegast, taktu þátt í að bjarga lífi.

Farðu inn á www.amnesty.is og taktu þátt.

# JÓLATILBOÐ TENGIS

GILDIR TIL 17.12



30% afsláttur

**EMOTION 10**
Sturtuhaus, 10 cm
**2.500 kr.**
Verð áður: 3.548 kr.



**MORA CERA**
Sturtusett
með sturtutæki
**49.900 kr.**
Verð áður: 61.632 kr.



**TEKA BALTIC**
Sturtusett
**5.900 kr.**
Verð áður: 7.559 kr.



**SPRING**
Sturtuhaus, 20 cm
**5.990 kr.**
Verð áður: 8.403 kr.



**SKINNY**
Handsturtuhaus
**1.290 kr.**
Verð áður: 1.769 kr.



30% afsláttur

**STURTUBARKI**
150 cm
**1.190 kr.**
Verð áður: 1.699 kr.



**MORA CERA**
Sturtutæki
með niðurstút
**17.500 kr.**
Verð áður: 22.776 kr.

## Gæði, þjónusta, ábyrgð - það er Tengi

**Opið virka daga frá kl. 8-18 og laugardaga kl. 10-15**

Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050 • www.tengi.is • tengi@tengi.is

TENGI

# SOS



Þórir Stephensen
fv. dómkirkjuprestur og staðarhaldari í Viðey

> **Rasistar, nasistar, fasistar og hægri pópúlistar í Evrópu, sem eiga vaxandi fylgi að fagna, skynja bergmál skoðana sinna í boðskap Trumps. Sænskir nasistar hafa, vegna sigurs hans, farið í einhverja sína glæsilegustu fánagöngu til að fagna því sem þeir kalla upphaf byltingar í þeirra anda. Vonandi reynist það ekki rétt, en við skulum ekki gleyma því, að Hitler var líka kosinn á sinni tíð.**

Þetta neyðarkall, er skammstöfun setningarinnar „Save Our Souls,“ og þýðir „frelsa sálir okkar“. Það gildir nánast hvar sem hættu ber að höndum. Eitt af því, sem nú virðist geta leitt til mikillar hættu á alþjóðavettvangi, er afleiðingar forsetakosninganna í Bandaríkjunum. Megi taka mark á orðum Donalds Trump sýnist auðsætt, að hugsanir hans og framkvæmdir geta orðið ein mesta vá sem að mannkyni gæti steðjað. Reynist orð hans hins vegar ekki marktæk, er ljóst að hann er í senn ómerkilegur undirróðursmaður og bullukollur eða jafnvel loddari, sem ekki er óhætt að trúa fyrir stjórn voldugasta ríkis jarðar.

Mér verður hugsað til nýliðinna forsetakosninga hér heima, þar sem frambjóðendur lögðu sig alla fram um að útskýra hvað best skilning sinn á embættinu og háleit markmið er þeir vildu fylgja. Persónulegar árásir heyrðu til undantekninga.

Þessu var öfugt farið í Bandaríkjunum, a.m.k. hvað Trump varðar, en hann stjórnaði í raun umræðunni með fúkyrðum og fullyrðingum, sem að stórum hluta voru, í líkingu talað, högg fyrir neðan mitti. Þau voru þar að auki svo þrungin illvilja og mannfyrirlitningu, að býsna langt þarf að leita til mannjafnaðar. Í því, sem fréttir hafa borið mér, hefur aðeins í einu máli örlað á hugsjónum, sem gætu hvatt þjóð hans í sólarátt, en það er um aukinn möguleika fátæks fólks til að koma börnum sínum til mennta. Málflutningur hans hefur miklu fremur höfðað til hinna lægri hvata, sem ala upp girnd og grimmd, öfl myrkursins. Og þau hrósuðu sigri.

### Á sér marga skoðanabræður

Hér er ekki hægt að nefna nema fátt af því sem hann boðaði. Stefnan í málum innflytjenda er ekki í takt við boðskap kristninnar um bróðerni og samhjálp, sem heimurinn þarfnast svo mjög. Þar eru mannfyrirlitning og rasismi samferða. Orð hans um að draga úr starfsemi Nató vekja ugg, ekki síst þegar þar fylgir nánara samstarf við Putin. Sá maður verður seint kallaður mannvinur. Nálgun þeirra tveggja minnir óþægilega á orð Lúkasarguðspjalls: „Á þeim degi urðu þeir Heródes og Pílatus vinir.“ Sá dagur var föstudagurinn langi, þegar kærleikurinn var krossfestur. Hann gæti þá enn og aftur orðið staðreynd í sögu okkar.

Loks eru það loftslagsmálin. Trump segir, að hlýnun jarðar sé kínverskur uppspuni. Hann ætlar ekki að gera neitt með Parísarsamkomulagið, sem 195 ríki standa að. Gangi það eftir, tel ég það vera glæp gegn mannkyni.

Með þessum skrifum vil ég vekja athygli á, að Trump á sér marga skoðanabræður meðal nágranna- og vinaþjóða okkar. Rasistar, nasistar, fasistar og hægri pópúlistar í Evrópu, sem eiga vaxandi fylgi að fagna, skynja bergmál skoðana sinna í boðskap Trumps. Sænskir nasistar hafa, vegna sigurs hans, farið í einhverja sína glæsilegustu fánagöngu til að fagna því sem þeir kalla upphaf byltingar í þeirra anda. Vonandi reynist það ekki rétt, en við skulum ekki gleyma því, að Hitler var líka kosinn á sinni tíð. Veikburða viðleitni íslenskra rasista til að komast á þing í haust mistókst. En við megum búast við, að það verði reynt aftur.

Vegna framtíðar manns og heims verðum við öll að leggja áherslu á síðustu bæn Faðirvorsins: „ ... frelsa oss frá illu,“ og fylgja henni eftir í orði og verki.



# Stóra brúneggjamálið – punktar



Ari Teitsson
eftirlaunaþegi sem enn hlustar

> **Ef til vill ætti fyrsta verkefni nýskipaðrar nefndar um endurskoðun landbúnaðarstefnu að vera athugun á hvernig koma megi innlendri eggjaframleiðslu og sölu þannig fyrir að hún tryggi neytendum góð íslensk egg á sanngjörnu verði.**

Í liðinni viku hefur brúneggjamálið verið fyrirferðarmeira í fjölmiðlaumfjöllun en önnur mál og margt íhugunarvert komið fram.

Í leiðara síðasta tölublaðs Skarps segir: „Sumir hafa verið að sproksetja og jafnvel úthúða pilti (yfirhana í Brúneggjum) fyrir dýraníð og falsanir. Sem er algjörlega óverðskuldað. Þetta er bara ósköp venjulegur kapítalisti að sinna sinni hugsjón – að græða meira í dag en í gær.“ Þarf það að vera verri skýring en hver önnur á eðli málsins?

Í þættinum Vikulokin benti lögfræðingurinn Gísli Tryggvason á að ef til vill væri unnt að lögsækja verslunina og framleiðendur fyrir að hafa blekkt neytendur og selt þeim falsaða vöru á yfirverði. Athygli vakti að lögfræðingurinn nefndi verslunina á undan framleiðanda sem vekur spurningar um ábyrgð hennar. Fróðlegt væri t.d. að vita hvort verslanir voru almennt að selja brúnegg með sömu álagningarprósentu og önnur egg, því hafi svo verið hafa verslanir miðað við ætlaða meðalálagningu á eggjum trúlega hagnast um einhverja tugi milljóna á ári á brúneggjasölu. Athugun á því væri verðugt verkefni fyrir nýjan Kastljósþátt.

Svo sem vænta mátti benda „kapítalistar“ og jafnvel fleiri á að nú verði að gefa innflutning á eggjum frjálsan til að tryggja hag neytenda. En er endilega víst að sú gjörð tryggi hag neytenda best?

Nýleg athugun RÚV bendir til að verð sambærilegrar vöru sé hér a.m.k. 30% hærra en verð í Bretlandi og tæplega ástæða til að ætla að annað gildi um innflutt egg. Þá bendir aðkoma verslunarinnar að sölu brúneggja undanfarin ár ekki til að verslunin tryggi að seld egg séu framleidd við viðunandi aðstæður eða að raunveruleg gæði endurspeglist í útsöluverði.

### Flutningskostnaður og kolefnishalli

Því gæti farið svo að eftir fyrsta sýndarinnflutning verði boðin innflutt egg, framleidd við óþekktar aðstæður, á verði sem er langt yfir markaðsverði sambærilegrar vöru í þeim löndum sem flutt er frá.

Við þetta bætist síðan að yfir 70% eggjanna er vatn og með eggjainnflutningi værum við að stórum hluta að flytja inn vatn af óvissum uppruna með tilheyrandi flutningskostnaði og kolefnishalla. Frá þjóðhagslegu og hnattrænu sjónarhorni er því í raun ekki vit í öðru en að framleiða hér þau egg sem þjóðin (og ferðamenn) þurfa. Það þyrfti því að vera unnt að gera með svipuðum framleiðslukostnaði og í erlendum eggjabúum, séu kröfur til framleiðslunnar áþekkar.

Ef til vill ætti fyrsta verkefni nýskipaðrar nefndar um endurskoðun landbúnaðarstefnu að vera athugun á hvernig koma megi innlendri eggjaframleiðslu og sölu þannig fyrir að hún tryggi neytendum góð íslensk egg á sanngjörnu verði.

# Í tilefni 45 ára afmælis stjórnmálasambands Kína og Íslands



Zhang Weidong
sendiherra Kína á Íslandi

> **Við skulum marka rétta stefnu til framtíðar með hag almennings beggja landanna að leiðarljósi og vinna saman að því að koma samskiptum Íslands og Kína á ennþá hærri stall.**

Hinn 8. desember 1971 ákváðu Alþýðulýðveldið Kína og lýðveldið Ísland „með hliðsjón af þeim meginreglum að ríki virði gagnkvæmt fullveldi, friðhelgi landamæra, afskiptaleysi af innanríkismálum hvers annars og jafnrétti og gagnkvæman hag“, „orðið ásáttar um gagnkvæma viðurkenningu og stofnun stjórnmálasambands og skipti á sendiherrum“ Í ár eru liðin nákvæmlega 45 ár síðan. Hinn þekkti kínverski hugsuður og fræðimaður Konfúsíus, mun hafa sagt: „Þrítugur stendur maður á eigin fótum, fertugur er maður laus við óstöðugleika.“ Í þessum orðum hans felst að um þrítugt séu línur lagðar fyrir lífshlaup hvers manns auk þess sem hann hafi náð ákveðnum áföngum bæði í námi og starfi. Um fertugt sé hann að mestu orðinn ónæmur fyrir utanaðkomandi áreiti. Á þeim 45 árum sem liðin eru síðan hefur vinátta og samvinna Kína og Íslands borið góðan ávöxt á mörgum sviðum og hefur okkur farsællega auðnast að stíga fleiri og fleiri skref fram á við. Samskipti landanna hafa þroskast vel og standa á traustum grunni.

Fyrst má nefna tíðar heimsóknir leiðtoga ríkjanna. Eftir að stjórnmálasamband var tekið upp hafa átt sér stað margar gagnkvæmar heimsóknir leiðtoga ríkjanna, líkt og góðir vinir færast nær hvor öðrum. Á meðal leiðtoga þeirra hefur náðst samkomulag um fjölmarga mikilvæga þætti í þróun samskipta ríkjanna. Með auknu trausti, skilningi, samkennd og hvatningu á stjórnmálasviðinu hefur verið lagður traustur grunnur að öðrum samskiptum ríkjanna.

Í öðru lagi, stóraukning í viðskiptum landanna. Þrátt fyrir að magn viðskipta þeirra sé ekki mikið hefur umfang þeirra aukist talsvert. Ísland var annað af tveimur fyrstu Evrópuríkjum til að viðurkenna Kína sem ríki með markaðshagkerfi. Seðlabankar beggja landanna hafa skrifað undir gjaldeyrisskiptasamning. Í júlí árið 2014 tók fríverslunarsamningur á milli Kína og Íslands gildi og með honum sköpuðust skilyrði fyrir stóru skrefi fram á við í viðskiptum landanna. Í alþjóðlegu umhverfi þar sem viðskipti landa á milli eru undir miklum þrýstingi hafa viðskipti þjóðanna haldið áfram að eflast á jákvæðan hátt.

Í þriðja lagi, aukning á menningarlegum samskiptum. Einungis 3 árum eftir að nýja Kína var stofnað árið 1949 heimsótti fyrsta menningarsendinefndin frá Íslandi Kína árið 1952. Síðan þá hafa menningarsamskipti vaxið hröðum skrefum. Íslenskri tónlist og nútímadansi hefur verið tekið opnum örmum af kínverskum almenningi. Hin kínverska Pekingópera, bardagalistir, fjöllistamenn og þjóðlagatónlist frá Kína hefur vakið áhuga Íslendinga. Bókin um veginn eftir Laozi og Speki Konfúsíusar hafa verið þýddar á íslensku, gefnar út og vakið mikla athygli. Þá hafa Snorra-Edda og Íslendingasögur verið gefnar út á kínversku og hafa orðið mikilvæg verkfæri fyrir Kínverja til að skilja Ísland. Fyrir meira en 20 árum kom talsvert af kínverskum íþróttaþjálfurum til Íslands. Í október á þessu ári tók íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu þátt í móti í Kína. Háskóli Íslands hefur komið á fót Konfúsíusarstofnuninni Norðurljósum. Í Háskóla erlendra fræða í Beijing er íslenska kennd sem námsgrein. Nemendaskipti á milli landanna eru meiri en nokkru sinni fyrr. Á síðustu árum hefur kínverskum ferðamönnum á Íslandi fjölgað gríðarlega. Allt þetta hefur leitt til aukins skilnings á milli þjóðanna og þær hafa borið gæfu til að læra hvor af annarri.

Í fjórða lagi, dýpri samskipti á vísindasviðinu. Vísindamenn beggja þjóða á fræðasviðum jarðskjálfta og jarðhita hafa aukið tengsl sín á milli. Samvinna á sviðum norðurskauts-, jökla- og norðurljósarannsókna hefur borið góðan ávöxt. Kína hefur verið virkur þátttakandi í ráðstefnunni Hringborð norðurslóða og hefur aukið samskipti og samvinnu við aðila frá ýmsum þjóðum í málefnum Norðurskautsins.

Í fimmta lagi, aukin samvinna á alþjóðavettvangi. Árið 1971 studdi Ísland endurkomu Kínverska alþýðulýðveldisins sem réttmæts fulltrúa hjá Sameinuðu þjóðunum. Löndin tvö hafa síðan þá samfleytt aukið samvinnu og samræmingu aðgerða í alþjóðamálum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðastofnana. Báðir aðilar hafa staðið saman í fjölmörgum mikilvægum og alþjóðlegum deilum og hafa stutt samtal á milli þjóða til lausnar deilumála með það að leiðarljósi að efla frið og framþróun á alþjóðavettvangi til hagsbóta fyrir allt mannkyn.

Einstaklingur sem hefur náð 45 ára aldri þarf að taka ábyrgð gagnvart fjölskyldu sinni og samfélagi. Við 45 ára brúðkaupsafmæli, sem nefnist safírbrúðkaup, skilja hjón betur hvort annað, bera traust til og eru umburðarlynd gagnvart hvort öðru. Í 45 ár hafa Ísland og Kína, þrátt fyrir ólík efnahagskerfi og samfélagsgerð, náð á árangursríkan hátt að feta saman brautina til hagsbóta fyrir báða aðila. Í dag standa bæði löndin frammi fyrir nýjum tækifærum og áskorunum. Margs konar tækifæri eru fólgin í því að auka samvinnu þeirra á millum með gagnkvæman ávinning að markmiði. Við skulum marka rétta stefnu til framtíðar með hag almennings beggja landanna að leiðarljósi og vinna saman að því að koma samskiptum Íslands og Kína á ennþá hærri stall.



# PRJÓNIÐ ER ÁSTRÍÐA

Það er ekkert lát á sköpunarkrafti **Hrundar Pálmadóttur** sem hannar prjónaflíkur og skart undir merkinu Ástríða. Hún segir mikinn fjársjóð liggja í íslenskri handavinnu.

Hrund hannar eingöngu eitthvað sem hún vill klæðast sjálf, hér er hún í fallegri Ástríðupeysu. MYND/ANTON BRINK

**Lilja Björk Hauksdóttir**
liljabjork@365.is



Hrund Pálmadóttir gerði sér ekki grein fyrir að hún hefði hæfileika til að skapa eða að það væri hæfileiki að skapa, hanna prjón og prjóna fyrr en hún veiktist fyrir um sex árum síðan. Í dag hannar hún prjónaflíkur og skart undir merkinu Ástríða. „Hönnunin mín er eiginlega komin til vegna veikinda. Árið 2010 „krassaði“ ég ef svo má segja. Í kjölfar þess fór ég að hugsa hvað ég gæti gert sem væri jákvætt og uppbyggjandi fyrir mig. Ég byrjaði á því að hanna skartgripi en ég hafði þegar ég var unglingur tekið í sundur gamla skartgripi og búið til nýja úr þeim sem mér finnst reyndar mjög skemmtileg hugmynd. Ég kom mér upp smá lager af því sem þarf til að búa til skartgripi og prjónaði með sem endaði með því að ég komst að því að prjónið er mín ástríða, enda heitir síðan mín Ástríða á Facebook og á etsy.com heiti ég AstridaDesign. Þarna byrjaði sköpunarkraftur minn að virkjast og ekkert lát virðist vera á honum,“ útskýrir Hrund og brosir.

### LÆRÐI AÐ PRJÓNA FIMM ÁRA

Hrund hefur gaman af hvers konar hönnun og framkvæmdum. Til dæmis hannaði hún og smíðaði borðstofuborðið sitt og ljósið í borðstofuna. „Mér finnst silfrið alveg rosalega skemmtilegt og spennandi en ástríðan liggur í prjóninu, þar eru það peysur og peysukápur sem eru í uppáhaldi. Ég hef haft áhuga á handavinnu alveg frá því ég man eftir mér. Ég ólst upp hjá ömmu »



Hrund gerir fallegt skart úr silfri.

SuperWeek
Allt að 60% afsláttur!
comma,
2. hæð - Smáralind















Hrund gerir alls kyns peysur, á konur, karla og börn.



Hrund Pálmadóttir hannar prjónaflíkur og skart undir merkinu Ástríða. MYND/ANTON BRINK



Hrund sækir innblástur fyrir hönnun sína í íslenska náttúru.

» minni og afa frá þriggja til fimm ára en amma mín var mikil handavinnukona. Hjá henni lærði ég að prjóna og smá að sauma og ég var fimm ára þegar ég prjónaði fyrsta vettlinginn minn alveg sjálf. Ég prjónaði og saumaði eitthvað á dúkkurnar mínar sem ég hannaði sjálf. Ég fékk alltaf tíu í handavinnu og smíði í skóla en það þótti nú ekkert merkilegt og ég upplifði það sjálf að það væri ekkert merkilegt sem er mikill misskilningur. Ég hannaði og saumaði líka fermingarfötin mín sjálf og þegar ég gifti mig hannaði ég kjólinn og saumaði hluta af honum sjálf. Þegar ég var barnshafandi prjónaði ég mjög mikið en eftir að ég átti börn var ekki mikill tími fyrir handavinnu svo ég prjónaði ekki í mörg ár.“

Aðspurð af hverju hún fór að gera skart segir Hrund að það hafi lengi blundað í henni löngun til þess. „Ég var í hönnun í Iðnskólanum í Hafnarfirði. Uppáhaldið mitt þar var málmsmíði og gaman er að geta þess að faðir minn var járnsmiður. Þar var ég að gera skartgripi úr nýsilfri. Svo ákvað ég að skrá mig á námskeið hjá Vífli Valgeirssyni í silfursmíði. Hann er alveg einstakur kennari og manneskja og ég mæli hundrað prósent með honum.“



## HANDAVINNAN ER LIST

Íslensk náttúra er Hrund mikill innblástur enda ólst hún að mestu upp í sveit. „Ég hanna mest úr íslenskum lopa, en mér finnst mjög gaman að gera lopapeysur og nútímavæða þær aðeins. Ég er líka mjög litaglöð og finnst gaman að setja saman liti í peysur. Ég hanna eingöngu eitthvað sem ég myndi vilja sjálf. Ég klæðist mikið lopa og skartið sem ég hanna er eitthvað sem heillar mig og ég myndi bera sjálf. Það má kalla það „selfdesigning“,“ segir hún og hlær.

Draumur Hrundar er að upphefja íslenska handavinnu sem henni finnst vera allt of lítils metin. „Það liggur mikill fjársjóður í íslenskri handavinnu og Íslendingar eru mikil handavinnuþjóð. Fyrir mér er handverk alveg jafn mikil list og hver önnur. Það er oft talað um að þetta sé gert fyrir framan sjónvarpið og það virðist stundum vera eins og greiði við þá sem prjóna að kaupa af þeim. Auðvitað eru einhverjir sem hafa þetta sem áhugamál og eru þakklátir fyrir að fá eitthvað smávegis fyrir sinn snúð. Það er talað um að í heilli kvenpeysu í meðalstærð sé um fjörutíu klukkutíma vinna. Efnið kostar svo kannski á milli þrjú og fimm þúsund krónur, og hún er síðan seld á tíu til fimmtán þúsund krónur. Reiknið svo bara hvað það er á tímann,“ segir hún alvarleg en bætir við að hún ætli að halda áfram með prjónið og planið sé að vinna áfram í silfrinu. „Draumurinn er að gera Ástríðu að alvöru fyrirtæki.“


**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR** | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* | Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358* | Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357*
**SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*

# ESTĒE LAUDER

## Estée Lauder er nú fáanlegt í Lyfjum & heilsu Kringlunni

Glæsilegur kaupauki* fylgir ef keyptar eru vörur frá Estée Lauder fyrir 6.900 krónur eða meira dagana 8. – 11. desember

**20%**
**afsláttur af Estée Lauder vörum frá fimmtudegi til sunnudags**






**Kaupaukinn inniheldur:**

Revitalizing Supreme Global Anti-Aging Crème 15ml
Revitalizing Supreme Global Anti-Aging Eye Balm 5ml
Perfectly Clean Multi-Action Hydrating Toning Lotion/Refiner 30ml
Take It Away Makeup Remover Lotion 30ml
Pure Color Envy Sculpting Gloss 4,6ml
Pure Color Envy Lipstick/Rouge
Double Wear Stay in Place Lip Pencil
Fallega snyrtibuddu

*meðan birgðir endast

Lyf & heilsa
Kringlunni







RONJA lampinn er eftir Dóru Hansen, húsgagna- og innanhússarkitekt. Borðlampinn er settur saman úr pólýhúðuðum stálfæti og skermi úr íslenskum við. Viðurinn í skerminum er íslenskt lerki eða rekaviður, með hvítum toppi að innanverðu. Lampinn er gerður fyrir LED-kastaraperur sem lýsa upp í hvítan topp skermsins sem endurkastar birtunni til baka inn í viðarskerminn og framkallar þannig mjúka og fallega lýsingu.



Þessi hringur er eftir Erling Jóhannesson gullsmið. Form hringsins minnir á beingarð úr fiski en hann er hluti af skartgripalínu sem er innblásin af útgerð og veiðarfærum.

# NÝ HÖNNUN Á HVERJUM DEGI

Á hverjum degi fram að jólum opnar Hönnunarmiðstöð „glugga“ í glæsilegu tveggja metra háu jóladagatali sínu. Innan í glugganum verður ný eða nýleg hönnun frá íslenskum hönnuði og verður á tilboði þann daginn.




Jóladagatal Hönnunarmiðstöðvar er tveir metrar á hæð en hönnuðir þess eru hönnunarteymið And Anti-Matter.

Hér má sjá sýnishorn af þeirri flottu íslensku hönnun sem er að finna í dagatalinu en einnig er hægt er að fylgjast með á Facebooksíðu Hönnunarmiðstöðvar. Vörurnar verða til sölu í PopUp búð í húsnæði Hönnunarmiðstöðvar í Aðalstræti 2 en hún er nokkurs konar forsmekkur að því sem koma skal, því á nýju ári verður verslun með íslenska hönnun opnuð á neðri hæð hússins. Verkefnið er unnið í samstarfi við PopUp Verzlun & And Anti-Matter sem hannaði dagatalið.



Usee Reflection er skartgripalína sem samanstendur af hálsmenum, hringum og eyrnalokkum. Hver skartgripur er handgerður úr speglum sem voru áður úrkast frá fyrirtækjum og stofnunum. Skartgripirnir eru úr smiðju usee studio sem rekið er af hönnuðunum Helgu Kjerúlf og Höllu Hákonardóttur.



Twin Within er skartgripafyrirtæki sem leggur metnað í að hanna og framleiða vörur og gefa til baka til þeirra sem minna mega sín. Allar hálsfestar Twin Within eru handgerðar af einstæðum mæðrum í gegnum friðarsamtök á Filippseyjum. Fyrirtækið var stofnað á Íslandi árið 2013 en hefur verið starfrækt síðustu tvö ár í Singapúr þar sem hönnuður merkisins, Kristín Maríella, býr.



Þetta skemmtilega dagatal, Lunar calendar, sem sýnir tunglgang næsta árs er eftir Einar Guðmundsson sem útskrifaðist sem grafískur hönnuður frá Listaháskóla Íslands árið 2012



AGUSTAV er húsgagnahönnunar- og framleiðslufyrirtæki rekið af Gústavi Jóhannssyni og Ágústu Magnúsdóttur. Þessi stílhreina og fágaða hilla er ný af nálinni. Hún er handunnin úr gegnheilli hnotu og kemur með messingstöng. Viðurinn er pússaður með olíu/vaxblöndu til að ná fullkominni áferð. Gústav og Ágústa lofa því að gróðursetja tré fyrir hverja selda vöru.



Fluguhálsmenin eru eftir Steinunni Völu hjá Hring eftir Hring. Hugmyndin kemur úr heimi fluguveiða en Steinunn hefur áður unnið með fiska og veiði í verkum sínum. Flugurnar eru handhnýttar og hanga í fallegri silfurkeðju.







# Jólasprengja í Flash









**30%**
**afsláttur**
**af öllum vörum**

**AÐEINS Í DAG***





Opið til
kl 22 í kvöld

**FLASH**

**Laugaveg 54,**
**sími: 552 5201**



*gildir ekki af öðrum tilboðum og smávöru

Fleiri myndir á Facebook






„Vörumerkin vilja vera „ein af okkur“ og það er mikil kúnst,“ segir Snæbjörn Ragnarsson, samfélagsráðgjafi hjá auglýsingastofunni PIPAR\TBWA. MYND/GVA

# SPENNANDI ÞRÓUN

Samfélagsmiðillinn Instagram skiptir sífellt meira máli þegar kemur að markaðssetningu tískumerkja. Snæbjörn Ragnarsson samfélagsráðgjafi segir hann vera afmarkaðan miðil en það sé um leið hans helsti kostur.

**Starri Freyr Jónsson**
starri@365.is

Sífellt fleiri heimsþekkt tískumerki leggja áherslu á samfélagsmiðilinn Instagram sem byggir á ljósmyndum og styttri myndböndum. Nýlega birti þýska markaðsrannsóknarfyrirtækið Statista lista yfir þau erlendu tískumerki sem hafa flesta fylgjendur á Instagram en listinn nær bæði til hefðbundinna tískumerkja og götutískumerkja. Nike er með langflesta fylgjendur eða um 67,4 milljónir. Í öðru sæti er Victoria's Secret með 48,4 milljónir fylgjenda og Nike Football í því þriðja með 24,5 milljónir fylgjenda. Neðar eru merki á borð við H&M, Chanel, Zara, Gucci og Dolce & Gabbana.

Snæbjörn Ragnarsson, samfélagsráðgjafi hjá auglýsingastofunni PIPAR\TBWA, segir að eðli málsins samkvæmt færist mjög í aukana að ýmis tískuvörumerki nýti samfélagsmiðla í markaðsstarfi og Instagram er þar engin undantekning. „Instagram er vitanlega form sem gengur út á myndir og myndbönd og því liggur eiginlega í hlutarins eðli að nýta slíkan miðil til að sýna tísku og lífsstíl. Instagram hefur mjög skýrar línur þegar kemur að auglýsingum, sú aðferðafræði virðist falla í kramið hjá notendum og þess vegna virðist þeim fyrirtækjum ganga best sem gengur vel að vinna innan þess ramma.“

## TAKMÖRKUNIN KOSTUR

Hann segir Instagram í raun vera dásamlega afmarkaðan miðil. „Í sumar bættist við vinkillinn „Stories“ sem er mjög í ætt við Snapchat og greinilega ætlað að vera bein samkeppni við þann miðil. Við þurfum að bíða örlítið lengur til að sjá hvernig sú tilraun endar. En það er einmitt þessi takmörkun miðilsins sem er hans stærsti kostur. Fólk fer þarna inn til að sjá myndir og myndbönd úr hversdagslífinu og þeim fyrirtækjum sem tekst best til að falla að þeim hversdagsleika vegnar best.“

Snæbjörn segir Nike vera í algerum sérflokki þegar kemur að notkun Instagram. „Victoria's Secret tæki sennilega silfurverðlaunin ef Instagram tískumógúla væri ólympíugrein en svo gæti keppnin um bronsið orðið hörð. Chanel, Adidas, Dior, Prada og Gucci eru merki sem ég man eftir svona í svipinn. Íslensku tískumerkin eru auðvitað margfalt minni en þessir risar. Þó má nefna t.d. að JÖR (jor_studios) og iglo+indi (igloindi) eru ágætis dæmi um fyrirtæki sem skilja leikinn og gera hlutina alveg afskaplega vel, þótt allt slíkt sé vitanlega huglægt. En árangurinn er í það minnsta vel merkjanlegur.“







Instagram-síður Nike og Zara eru mjög vinsælar.

Instagram nýtur sífellt meiri vinsælda.

## MIKILL HRAÐI

Hann segir spennandi að fylgjast með þróuninni á Instagram eins og raunar á öðrum samfélagsmiðlum. „Við sjáum öran vöxt í notkun myndbanda á Instagram og þróunin verður áfram í þá átt. Núna gengur leikurinn meira og meira út á að senda frá sér myndbönd sem oft eru rándýr framleiðsla en látin líta út fyrir að vera hálfkæruleysisleg og hversdagsleg. Vörumerkin vilja vera „ein af okkur“ og það er mikil kúnst.“

Og hörð sölumennska er ekki í tísku lengur að hans mati. „Neytendur vilja ekki láta segja sér hvað gera skal. Ef þér líður eins og þú sért í alvörunni „vinur“ vörumerkis á Instagram eða öðrum miðlum, þá er einhver að gera eitthvað rétt. Að auki er ekki nema dagaspursmál þar til „live“-væðingin nær inn á þennan miðil eins og aðra og ef allt gengur eftir eiga allir að geta sent út beint með Instagram áður en árið er á enda. Mergurinn málsins er að hlutirnir gerast á ógnarhraða og afskaplega einfalt að sofna á verðinum. Bara eins og í tískuheiminum sjálfum.“







GLÆSILEGT JÓLAHAPPDRÆTTI Í VERSLUNINNI!
Drögum út á hverri aðventu fram að jólum og svo aðalvinninginn á Þorláksmessu - meðal vinninga eru:
- Flug fyrir 2 með WOW air
- Gjafabréf frá Fosshótel
- Veglegur gjafapoki frá Laugar Spa og World Class
- LED snyrtispeglar og djúphreinsiburstar frá Eirberg
- súkkulaðibrunnur frá Húsasmiðjunni
- Gjafabréf frá Hamborgarafabrikkunni
- Konfektkassi frá Nóa Síríus
- Hálsmen frá Vera Design
- Lady Million ilmvatn
FRÁBÆR jólatilboð
20-60%
afsláttur af völdum vörum!
Opið til kl 21.00
JÓLASTEMNINGIN HELDUR ÁFRAM!
Frábær jólatilboð og glæsilegt happdrætti í versluninni
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
KJÓLL 6.990kr st. S-XXXL
KJÓLL 6.990kr st. S-XXXL
TÚNIKA 6.990kr st. 38-54
KJÓLL ÁÐUR 7.990 NÚ 2.990 st. S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 6.990 NÚ 2.990 st. S-XXXL
KJÓLL 6.990kr st. S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 6.990 NÚ 3.990 st. S-XXXL
KJÓLL 6.990kr st. S-XXXL
KJÓLL 6.990kr st. S-XXXL
TÚNIKA ÁÐUR 4.990 NÚ 2.990 st. 42-56
Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314













Bláar stretch-buxur með böndum undir skóna. Takið eftir skónum, ansi þykkir sólar undir þeim. MYNDIR/GETTY



Grænar buxur með böndum frá Balenciaga sem er virt franskt tískuhús. Á öllum buxunum er saumur að framan, rétt eins og tíðkaðist í gamla daga.

# BUXNABÖND FARA UNDIR SKÓNA

**Stretch-buxur** með böndum undir ilina skjóta upp kollinum í tískuheiminum með reglulegu millibili. Nokkrir þekktir tískuhönnuðir sýndu slíkar buxur þegar þeir kynntu haust- og vetrarlínuna 2016-2017.



Og hér eru þær rauðar frá Balenciaga.

Það voru tískurisarnir Nina Ricci, Balenciaga og Versace sem sýndu buxur með böndum sem að þessu sinni eru höfð undir skóna eins og hjá börnum á leikskóla. Buxurnar eru út stretch-efni og bómull, þröngar líkt og leggings og virka þægilegar. Þekktir tískubloggarar hafa sést í svona buxum á götum úti en þeir þykja afar leiðandi á sviði þess sem verður vinsælt í búðum. Í H&M eru svona buxur þegar komnar í sölu.

Buxur með böndum undir fótinn eiga sér langa sögu. Þær voru fyrst gerðar fyrir reiðmenn og skíðaíþróttafólk svo buxnaskálmar væru ekki að þvælast fyrir, einungis fyrir karlmenn í fyrstu eða í kringum 1920. Frá árinu 1960 hafa buxurnar verið bæði fyrir hestakonur og -menn. Reyndar urðu buxurnar tískuvara um 1970 og flestar stelpur gengu í slíkum buxum. Þær komust aftur í tísku upp úr 1985.

Þess má geta að tískukóngurinn Tom Ford hannaði buxur á James Bond (Daniel Craig) í myndinni Spectre sem voru með bönd undir ilina. Myndin var tekin í Austurríki í miklum snjó. Þær voru lengi seldar í verslunum Tom Ford, hjá Harrods og í Selfridges í London og voru mjög vinsælar þótt þær kostuðu rúmlega 140 þúsund krónur. Buxurnar voru úr 100% ull.



Stretch-buxur frá H&M.




Krakka-Alias

Segðu

Fánar veraldar

# SKEMMTILEGU BORÐSPILIN

## FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA ERU KOMIN Í

netto








## fasteignir


TRAUSTI fasteignasala



Kristján Baldursson hdl.
Löggiltur fasteignasali og leigumiðlari
867-3040

### ÁLFKONUHVARF 47, BJALLA 303




**OPIÐ HÚS FIMMTUDAGINN 8. DESEMBER KL. 17:30-18:00**
Vel skipulögð og rúmgóð 4ra herbergja íbúð með góðu útsýni í Álfkonuhvarfi í Kópavogi. Eignin er skráð alls 131,5 fm. Þar af er 10,4 fm. geymsla. Rúmgóð herbergi með skápum. Stórar 15 fm. flísalagðar svalir. Þvottahús innan íbúðar. Baðherbergi með sturtu og baðkari. **Verð: 42,9 millj.**

Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík



Heimaey þjónustuver

Sími: 481-1114
Vesturvegi 10
900 Vestmannaeyjar
www.heimaey.net
heimaey@heimaey.net





### HÁSTEINSVEGUR – VESTMANNAEYJAR

**SKIPTI Á EIGN Á SUÐURNESJUM KEMUR TIL GREINA.**

Eignin er 5 herbergja, 143 m2 efri hæð og ris, en er stærri í m2 þar sem hluti gólfflatar er undir súð. Aðalhæð er 79 m2 og ris 64 m2 skv. FMR. Eignin er byggð úr steini árið 1931 og er á góðum stað í bænum. Sólpallur, garðhús, nýlega uppgert baðherbergi, nýlegt járn á þaki o.fl. **Verð: 23.5 millj.**

**Nánari uppl. veitir Guðjón Hjörleifsson lögg. fast. í s: 481-1114 eða gh@heimaey.net**





## tilkynningar

### Kynning á skipulags- og matslýsingu vegna Hvalárvirkjunar

Hreppsnefnd Árneshrepps samþykkti þann 24. nóvember 2016 að kynna skipulags- og matslýsingu vegna breytingar á Aðalskipulagi Árneshrepps 2005-2025 og nýs deiliskipulags fyrir Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði í samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010.

Sameiginleg skipulags- og matslýsing fyrir bæði verkefnin mun liggja frammi á skrifstofu Árneshrepps í Kaupfélagshúsinu í Norðurfirði. Lýsingin verður einnig aðgengileg á heimsíðu hreppsins á www.arneshreppur.is.

Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er þannig gefinn kostur á að kynna sér lýsinguna og gera athugasemdir við hana.

Athugasemdir eða ábendingar skulu vera skriflegar og berast á skrifstofu Árneshrepps í Norðurfirði, 524 Árneshreppi eða á netfangið arneshreppur@arneshreppur.is eigi síðar en **29. desember 2016.**

*Oddviti Árneshrepps*

### Hringvegur um Hornafjörð

**Auglýsing um útgáfu framkvæmdaleyfis og álit Skipulagsstofnunar**

HORNAFJÖRÐUR

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar á fundi sínum þann 1. desember s.l. að veita framkvæmdaleyfi til Vegagerðarinnar vegna Hringvegar um Hornafjörð samkvæmt leið 3b. Um er að ræða 18 km langan veg, gatnamót, ásamt 4 brúm og 7 efnistökusvæðum. Leyfið er gefið út á grundvelli mats á umhverfisáhrifum vegarins, álits Skipulagsstofnunar, Aðalskipulags Hornafjarðar 2012-2030, umsóknar Vegagerðarinnar og umsagna Umhverfisstofnunar og umhverfisnefndar sveitarfélagsins.

Nánari upplýsingar um útgáfu framkvæmdaleyfisins, forsendur, álit Skipulagsstofnunar og umsókn Vegagerðarinnar má nálgast á heimasíðu Sveitarfélagsins Hornafjarðar undir vefslóðinni http://www.hornafjordur.is/stjornsysla/skipulagsmal/framkvaemdaleyfi/

Vakin er athygli á því að niðurstaða bæjarstjórnar er kæranleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar, sjá nánar á heimasíðu nefndarinnar uua.is.

*Höfn í Hornafirði 5. desember 2016*
*F.h. bæjarstjórnar,*
*Gunnlaugur Róbertsson, skipulagsstjóri*





# ÆVINTÝRI Í ÓBYGGÐUM




Bókin fyrir útivistar-fólkið

**FÓLK Á FJÖLLUM: Sex Íslendingar, sönn náttúrubörn og útivistarfólk, segja sögu sína í bókinni. Spennandi frásagnir af ævintýrum, svaðilförum og hetjudáðum þar sem ástin á óbyggðunum skín alls staðar í gegn.**

---

**Tómas Guðbjartsson** hjartaskurðlæknir hefur stundað fjallamennsku frá blautu barnsbeini og varð fyrst fararstjóri rétt kominn af barnsaldri. Í Kverkfjöllum og á Herðubreið er hann á heimavelli.

**Sigríður Lóa Jónsdóttir** sálfræðingur hefur sérhæft sig í ferðalögum um Hornstrandir. Hún segir m.a. af fundi sínum með Brad Pitt á fjöllum.

**Valtýr Sigurðsson**, fyrrum ríkissaksóknari, hörkutól og fjallaskíðamaður ferðast gjarnan með harmonikku á bakinu. Hann elskar söng og dans á tindum og fjallaskörðum.

**Kerstin Langenberger** ljósmyndari, leiðsögumaður og fyrrum skálavörður í Landmannalaugum. Þegar Eyja-fjallajökull gaus tjaldaði hún ofan við eiturgufurnar og náði stórkostlegum myndum.

**Ólafur Örn Haraldsson** þjóðgarðsvörður og forseti Ferðafélags Íslands á að baki svaðilfarir yfir Grænlands-jökul og yfir Suðurskautslandið á Suðurpólinn.

**Vilborg Arna Gissurardóttir** er afrekskonan sem gekk ein á Suðurpólinn og hefur klifið yfir 8000 metra fjall án súrefnis. Tvisvar hefur hún lent í lífsháska á Everest.

---



**Reynir Traustason**, blaðamaður og fyrrum ritstjóri, hefur skrifað metsölubækur á borð við Ljósið í Djúpinu, Örlagasögu Rögnu á Laugabóli og Líf og leyndardóma Sonju W. Zorrilla. Undanfarin ár hefur hann stundað fjallamennsku af krafti. Samhliða blaða-mennsku hefur hann verið skálavörður og fararstjóri hjá Ferðafélagi Íslands.

Útkall ehf. Sundaborg 9, 104 Reykjavík, sími 562 2600 - www.utkallbokautgafa.is

## Nýjast

**Meistaradeild Evrópu**

| | | |
|---|---|---|
| E: Tottenham | 3–1 | CSKA Moskva |
| E: Leverkusen | 3–0 | AS Monaco |
| F: Legia Varsjá | 1–0 | Sporting |
| F: Real Madrid | 2–2 | Dortmund |
| G: Porto | 5–0 | Leicester |
| G: C. Brugge | 0–2 | FCK |
| H: Juventus | 2–0 | D. Zagreb |
| H: Lyon | 0–0 | Sevilla |

***Monaco** og **Leverkusen** fara áfram.*
***Dortmund og Real Madrid** fara áfram.*
***Leicester** og **Porto** fara áfram.*
***Juventus** og **Sevilla** fara áfram.*

**Liðin í 16-liða úrslitum**

| *Efri styrkleikafl.* | *Neðri flokkur* |
|---|---|
| Arsenal | PSG |
| Napoli | Benfica |
| Barcelona | Man. City |
| Atletico Madrid | Bayern M. |
| Monaco | Leverkusen |
| Dortmund | Real Madrid |
| Leicester | Porto |
| Juventus | Sevilla |

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| **17.55** | **Zorya L. - Man. Utd.** | Sport 2 |
| **17.55** | **Maccabi - Dundalk** | Sport 3 |
| **19.00** | **FT Shootout** | Golfstöðin |
| **19.05** | **Grindavík - Tindastóll** | Sport |
| **20.00** | **S'ton - Hapoel** | Sport 2 |
| **20.00** | **Panathina. - Celta** | Sport 3 |

**Domino's-deild karla:**

| | | |
|---|---|---|
| **19.15** | **Grindav. - Tindast.** | Grindavík |
| **19.15** | **KR - Snæfell** | DHL-höllin |
| **19.15** | **ÍR - Njarðvík** | Seljaskóli |



**Ólafur Björn Loftsson sér fram á betri tíð í golfinu eftir tvö erfið ár vegna þrálátra meiðsla í mjöðm.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Tilbúinn að fórna miklu

**Ólafur Björn Loftsson spilaði meiddur í tvö ár áður en hann fékk rétta greiningu. Í ljós kom tvenns konar kviðslit og gekkst hann undir aðgerð í síðasta mánuði. Hann stefnir ótrauður á að ná fyrri styrk og byrjar að spila á nýju ári.**

**GOLF** Atvinnukylfingurinn Ólafur Björn Loftsson hefur þurft að spila þrátt fyrir talsverða erfiðleika vegna meiðsla í mjöðm síðustu tvö árin, en erfiðlega gekk að greina meiðslin rétt.

Ólafur greindi frá meiðslunum á Facebook-síðu sinni í fyrradag og segir að aðgerð sem hann fór í í fyrra hafi ekki borið árangur. Það var ekki fyrr en í síðasta mánuði, eftir mikla þrautagöngu, að hann fékk rétta greiningu á meiðslum sínum.

Í ljós kom tvenns konar kviðslit og var annað þeirra afar sjaldgæft en er þekkt fyrir að valda sársauka í mjöðm, líkt og Ólafur hefur upplifað á golfvellinum undanfarin tvö ár.

**Haltraði síðustu holurnar**

„Ég fór í fyrstu myndatökuna fyrir tveimur árum og síðan þá hefur þetta farið stigvaxandi. Á þessum tíma hitti ég marga lækna, sjúkraþjálfara, kírópraktora – mikið af góðu fólki sem vann í þessu með mér,“ segir hann í samtali við Fréttablaðið.

Eftir að hann fékk rétta greiningu í síðasta mánuði gekkst hann undir aðgerð sem gekk vel. En Ólafur viðurkennir fúslega að síðustu tvö árin hafi ekki verið auðveld.

„Þetta byrjaði rólega og lýsti sér í fyrstu í auknum stífleika. Ég var að vinna í ákveðnum breytingum á sveiflunni en gat ekki komið mér í ákveðnar stöður,“ segir hann.

„Í sumar var þetta orðið það slæmt að ég var farinn að slá mjög stutt. Þegar leið á hringinn byrjaði ég svo að haltra og finna fyrir miklum sársauka.“

**Gott að fá niðurstöðu**

Hann segir erfitt að átta sig á nákvæmum tímapunkti meiðslanna eða orsökum þeirra.

> **Í sumar var þetta orðið það slæmt að ég var farinn að slá mjög stutt. Þegar leið á hringinn byrjaði ég svo að haltra og finna fyrir miklum sársauka.**

„Ég kann ekki skýringuna á meiðslunum og hef varið miklum tíma í að komast að þessu. En ég vona innilega að það sé búið að laga þetta. Aðgerðin var fyrir tveimur vikum og ég vonast til að geta byrjað að slá aftur innan skamms.“

Ólafur segir að það hafi verið léttir að fá loksins rétta greiningu.

„Yfirleitt þegar maður fer til læknis og fær að heyra að ekkert sé að er það af hinu góða. En það getur líka verið neikvætt þegar maður finnur fyrir miklum sársauka og gengur í gegnum mikla erfiðleika. Þetta eru því blendnar tilfinningar en það var gott að fá loksins að vita hvað væri að.“

**Fyrstur Íslendinga á PGA**

Ólafur Björn átti farsælan feril með háskóla sínum í Bandaríkjunum og fékk keppnisrétt á Wyndham Championship-mótinu árið 2011 eftir að hafa borið sigur úr býtum á sterku áhugamannamóti. Varð hann þar með fyrsti Íslendingurinn til að keppa á PGA-mótaröðinni en það gerði hann sem áhugamaður.

Ólafur Björn var einu höggi frá því að komast í gegnum niðurskurðinn á þessu ógnarsterka móti. Eftir útskrift hefur hann gert atlögu að því að fá keppnisrétt á Evrópumótaröðinni, nú síðast í haust, en án árangurs.

„Mínir draumar og mín markmið eru enn þau sömu,“ segir hann. „Það hefur ekkert breyst þrátt fyrir meiðslin. Ég á gott bakland og mun halda mínu striki.“

Hann er með þátttökurétt á mótaröð atvinnukylfinga á Norðurlöndum, Nordic Golf League, en hann hélt keppnisrétti sínum á undanþágu sem hann fékk vegna meiðslanna.

„Það er frábært að geta haldið áfram þar og þurfa ekki að byrja aftur á byrjunarreit. Margir af betri kylfingum Norðurlandanna spila á þessari mótaröð sem er sú þriðja sterkasta í Evrópu.“

**Þung fjárhagsleg byrði**

Sem fyrr segir reyndi Ólafur Björn fyrir sér á fyrsta stigi úrtökumótaraðarinnar fyrir Evrópumótaröðina í haust en hann komst ekki áfram.

„Það gekk þrátt fyrir allt mjög vel. Ég náði að vinna vel úr mínum hlutum og var einu höggi frá því að komast áfram. Það voru vonbrigði en ég var samt ánægður með hvernig ég náði að vinna úr mínum hlutum,“ segir hann.

Ólafur Björn hefur síðustu vikur sinnt sérverkefnum fyrir Samtök atvinnulífsins enda vildi hann ekki sitja heima aðgerðalaus á meðan hann jafnaði sig á meiðslunum. En nú er þeim verkefnum lokið og ætlar hann að hella sér út í íþróttina af fullum krafti á nýjan leik.

„Það er auðvitað stór pakki sem er erfitt að fjármagna. Það er eins með mig og allt annað afreksíþróttafólk á Íslandi. Maður þarf að reiða sig á mikinn stuðning en ég er með mikið af flottu fólki í kringum mig – fjölskyldu, vini og velunnara. Ég mun leggja mig allan fram til að geta fjármagnað þetta. Það þýðir að maður þarf að fórna miklu en ég er tilbúinn til þess.“ **eirikur@frettabladid.is**

KKÍ
Körfuknattleikssamband Íslands

FIBA EUROBASKET 2017
FINLAND • ISRAEL • ROMANIA • TURKEY

2 MIÐAR Á EM
1 TREYJA
1 KEPPNISBOLTI

*Allir sem kaupa miða eða hafa keypt miða á EM, EuroBasket 2017, sem fram fer í Finnlandi næsta haust, fyrir 16. desember fara í pott. Einn heppinn miðaeigandi fær 2 miða endurgreidda auk þess að fá nýjan landsliðsbúning Íslands og EM keppnisboltann að auki.*

**Miðasalan fer fram á www.tix.is**

**Sjá nánar á kki.is**

Stilling

# Varahlutir í bílinn

**Verksmiðjuábyrgð á þínum bíl er tryggð með vottuðum varahlutum frá Stillingu**




Stilling
*Allt fyrir bílinn*

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is




Ótrúlegur hljómur í þessum
Blue Tooth hátalara frá Veho

**kr. 19.900,-**




Leikjatölva ársins 2015 hjá
Forbes. Flottur pakki með
vinsælum Mario Kart 8
tölvuleik.

**kr. 59.900,-**

**Leikir frá kr. 4.490,-**

Pioneer
X-CM35-K



Litlar græjur með stórum hljómi.

**Verð frá 44.900,-**

Skullcandy

Þráðlaus heyrnartól í úrvali

**Verð frá 7.490,-**



# ORMSSON
# Jóla dagar

levenhuk
Zoom&Joy



Hágæða sjónaukar með lífstíðarábyrgð.
Allar gerðir í gluggakistuna, bílinn, bokpakann,
ferðalagið, gönguferðina, fjallgönguna og veiðina.
**Vatnsheldir og niturfylltir frá 14.900,- kr.**

**Verð frá 3.490,-**

muse
Útvarpsvekjari

**kr. 6.990,-**




Pioneer
XW-BTSP70-K/S



Magnaður Blue Tooth hátalari.

**kr. 29.900,-**

Pioneer
***Hljómtækjastæða***
*X-HM21BT-K/S*
*Bluetooth stæða*
*Til í svörtu og silfur.*
*Áður kr. 45.900,-*



*Jólatilboð*
**kr. 36.900,-**



muse
Muse M-1910T
Blue Tooth
karaoke kerfi

**kr. 24.900,-**

**SAMSUNG**
**K5505**




LED • 1920X1080 • 400 PQI
• Nýtt Smart viðmót

**32“ kr. 64.900.- / 40“ kr. 89.900.-**
**/ 49“ kr. 119.900,- / 55“ kr. 149.900.-**

**SAMSUNG**
**KU6405/6475**




UHD • 4K • 8 milljón pixlar • 1500 PQI • Nýtt Smart viðmót
• Quad-Core örgjörfi

**43“ kr. 119.900.- / 49“ kr. 149.900.-**
**/ 55“ kr. 179.900.- / 65“ kr. 309.900.-**

**SAMSUNG**
**KU6655/6505**




UHD • Curved • 4K • 8 milljón pixlar • 1500 PQI • Nýtt
Smart viðmót • Quad-Core örgjörfi

**43“ kr. 129.900.- / 49“ kr. 159.900.-**
**/ 55“ kr. 189.900.- / 65“ kr. 309.900.-**

## OPNUNARTÍMI Í DESEMBER

| | | |
|---|---|---|
| Laugardagur | 10. des. | Kl. 11-15 |
| Sunnudagur | 11 des. | Lokað |
| Mánudagur | 12. des. | Kl. 10-18 |
| Þriðjudagur | 13. des. | Kl. 10-18 |
| Miðvikudagur | 14. des. | Kl. 10-18 |
| Fimmtudagur | 15. des. | Kl. 10-18 |
| Föstudagur | 16. des. | Kl. 10-18 |
| Laugardagur | 17. des. | Kl. 11-16 |
| Sunnudagur | 18. des. | Kl. 13-17 |
| Mánudagur | 19. des. | Kl. 10-19 |
| Þriðjudagur | 20.des. | Kl. 10-19 |
| Miðvikudagur | 21.des. | Kl. 10-19 |
| Fimmtudagur Föstudagur | 22. des. | Kl. 10-19 |
| Þorláksmessa Laugardagur | 23. des. | Kl. 10-21 |
| Aðfangadagur | 24. des. | Kl. 10-12 |
| Þriðjudagur | 27. des. | Kl. 10-18 |
| Miðvikudagur | 28. des. | Kl. 10-18 |
| Fimmtudagur | 29. des. | Kl. 10-18 |
| Föstudagur | 30. des. | Kl. 10-18 |
| Laugardagur Gamlársdagur | 31. jan. | Kl. 10-12 |



Tefal 25 ÁR HJÁ ORMSSON
Tefal
Pottar og pönnur
20% afsláttur
BRAUN Hársnyrtitæki
20% afsláttur
UNOLD
Fjögurra brauða rist með brauðbollugrind.
kr. 6.990,-
ORMSSON
Jóla dagar
NIVONA
Alsjálfvirk, afkastamikil og endingagóð kaffivél til heimilisnota.
5 ára reynsla á Íslandi
kr. 79.900,-
AEG
Töfrasproti
kr. 13.990,-
bodum
Koparlitaða pressukannan er vinsæl.
kr. 5.990,-
Gleðilegar og gagnlegar vörur á góðu verði
brabantia
Þrifalegu ruslafötunar vinsælu eru til í mörgum stærðum, gerðum og litum.
ROMMELSBACHER
Samlokugrill
kr. 7.490,-
SAMSUNG
MS23F301EAS
23 lítra örbylgjuofn.
Jólatilboð
kr. 19.900,-
OBH NORDICA
Smoothie Twister
kr. 7.990,-
staub en France
Vörurnar frá STAUB eru þekktar meðal helstu matreiðslumanna Evrópu.
OBH NORDICA
BIG POPPER
kr. 9.990,-
bodum
Góð skurðarbretti í fjörugum litum.
ZWILLING vörurnar eru lofaðar af fagmönnum um allan heim.
NÝR VEFUR
Netverslun
ORMSSON.IS
Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15.
FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2016
ORMSSON Greiðslukjör
Vaxtalaust í allt að 12 mánuði
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500
SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038
ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160
GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333
TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211
OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300
BLÓMSTURVELLIR HELLISSANDI SÍMI 436 6655






Vignir í leik með Midtjylland gegn Kolding á síðustu leiktíð. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Mér líður eins og ég sé aðeins 25 ára gamall

**Vignir Svavarsson hafði fullan skilning á því að hann var ekki valinn í landsliðið á dögunum. Hann er í góðu formi og býður áfram fram krafta sína í landsliðið.**

**HANDBOLTI** „Ég kann rosalega vel við mig hérna. Þetta er toppfélag með flotta aðstöðu. Hér er vel staðið að öllu,“ segir línumaðurinn Vignir Svavarsson en hann söðlaði um síðasta sumar og fór frá Midtjylland til Team Tvis Holstebro.

Hann var búinn að leika með Midtjylland í tvö ár og gerði síðan tveggja ára samning við Holstebro. „Það er nokkur munur á þessum félögum. Þetta er rótgrónara félag sem er komið skrefinu lengra.“

Danska úrvalsdeildin er ansi jöfn í vetur. Álaborg er á toppnum, Holstebro í 6. sæti og yfirburðalið síðustu ára, Kolding, er í 9. sæti.

### Mikið álag

„Okkar árangur er á pari. Við stefnum á úrslitakeppnina eins og öll önnur félög. Þangað komast átta efstu. Það er búið að vera mjög mikið álag á okkur þar sem við erum í Meistaradeildinni fyrir áramót. Við erum að spila tvo leiki í viku og ofan á það koma öll ferðalögin. Þetta er búið að vera skemmtilegt en það hefur verið mikið álag á sömu mönnunum og við höfum því lent í miklum meiðslum. Í síðasta leik voru sjö leikmenn úr sextán manna hópi meiddir. Það er samt stígandi í okkar leik,“ segir Vignir en liðið á einn leik eftir í Meistaradeildinni og svo er því ævintýri lokið. Liðið fer ekki áfram.

„Það er gaman að hugsa til þess að við verðum orðnir fullmannaðir eftir áramót og þar af leiðandi öflugri þegar við getum einbeitt okkur alfarið að deildinni heima.“

Þegar Vignir hóf atvinnumannsferil sinn árið 2005 fór hann til Skjern í Danmörku og lék þar í þrjú ár áður en hann samdi við Lemgo í Þýskalandi. Nú er hann á sínu þriðja ári eftir endurkomuna til Danmerkur og hann segir að styrkur deildarinnar sé góður.

„Deildin er skemmtileg. Ekkert afgerandi lið eins og Kolding var alltaf. Það eru alveg sex lið sem eiga möguleika á titlinum. Boltinn er hraður og skemmtilegur. Það er meira um létta, snögga og tekníska stráka en einhverja bolta. Það er ekki til neinn gefinn leikur í deildinni núna.“

### Framhaldið óráðið

Vignir verður 38 ára gamall sumarið sem samningur hans við Holstebro rennur út árið 2018. Hann segist lítið vera farinn að pæla í framhaldinu.

„Ég hef ekki ákveðið neitt. Nú tek ég þetta bara ár fyrir ár. Í dag líður mér eins og ég sé aðeins 25 ára. Skrokkurinn er búinn að vera ótrúlega finn þrátt fyrir allt leikjaálagið og ég er alveg meiðslalaus. Mér finnst líka enn skemmtilegt í handbolta þannig að við sjáum bara til hvað gerist,“ segir Hafnfirðingurinn yfirvegaður.

Það kom mörgum á óvart er Geir Sveinsson valdi ekki Vigni og Róbert Gunnarsson í síðasta landsliðshóp. Landsliðsþjálfarinn er þó ekki búinn að loka dyrunum á þá.

### Góð rök fyrir að velja mig ekki

„Það fór ágætlega í skapið á mér á þessum tímapunkti. Auðvitað var maður pínu svekktur að fá símtal um að maður væri ekki í landsliðinu eftir að hafa verið þar lengi. Í staðinn fékk ég frí í fimm daga sem var mjög kærkomið eftir um 16 leiki á tveimur mánuðum þar á undan. Hinn línumaðurinn var búinn að vera meiddur og ég var því að spila mikið,“ segir Vignir en hann átti gott samtal við Geir.

„Við áttum gott spjall og ég skildi hans afstöðu alveg. Hann velur liðið og hafði ágætis rök fyrir því að velja mig ekki. Ég skildi það alveg og þetta var alveg í góðu.“

Hverju sem er að þakka þá hefur Vignir leikið mjög vel síðustu misserin og skorað sjö og átta mörk í síðustu tveimur leikjum liðsins í Meistaradeildinni. Komst hann meðal annars í lið umferðarinnar er hann skoraði mörkin átta. Hann virkar í góðu formi og verður erfitt að ganga fram hjá honum í valinu fyrir HM-hópinn.

„Ég hef ekkert verið að spila svona vel af því að ég væri reiður. Það eru mörg ár síðan ég hætti að vera reiður. Þetta voru bara tveir góðir leikir,“ segir Vignir en hann hefur enn mikinn metnað fyrir landsliðinu.

„Það er fátt skemmtilegra en að spila fyrir landsliðið. Ef kallið kemur þá er ég klár.“

henry@frettabladid.is

# Hrafnhildur og Eygló með Íslandsmet

**SUND** Hrafnhildur Lúthersdóttir og Eygló Ósk Gústafsdóttir eru báðar búnar að setja Íslandsmet á fyrstu dögum HM í 25 metra laug í Windsor í Kanada og þær hjálpuðu einnig íslensku boðsundssveitinni að setja landsmet í 4 x 50 m fjórsundi.

Hrafnhildur setti Íslandsmet í bæði undanrásum (30,64 sekúndur) og undanúrslitum (30,47 sekúndur) í 50 metra bringusundi þar sem hún endaði í þrettánda sæti. Eygló Ósk setti Íslandsmet í 50 metra baksundi þegar hún synti fyrsta sprettinn í boðsundinu á tímanum 27,40 sekúndum og bætti þar með gamla metið sitt og Ingibjargar Kristínar Jónsdóttur um 5/100 úr sekúndu. Eygló Ósk, Hrafnhildur, Bryndís Rún Hansen og Jóhanna Gerða Gústafsdóttir syntu boðsundið á tímanum 1:49,41 mínútu og enduðu í fjórtánda sæti af tuttugu sveitum. Gamla landsmetið var 1:57,06 mínútur og var tólf ára gamalt. Eygló Ósk bætti síðan þriðja metinu við í gær þegar blönduð boðsundssveit Íslands syndi á 1:36,70, mínútum, setti landsmet í 4x50m skriðsundi og náði sextánda. sæti. – óój



JÓLATRÉ Á
ÓTRÚLEGU VERÐI!
Danskur normannsþinur — stór og falleg jólatré
Athugið eingöngu í Iceland Engihjalla
ÓTRÚLEGT VERÐ!
DANSKUR NORMANNSÞINUR
150–200 CM
3.990
Stk.
EITT VERÐ FYRIR ALLAR STÆRÐIR.
Þú greiðir inni í Iceland, Engihjalla og velur svo draumatréð fyrir utan verslunina gegn framvísun kvittunar.
OPIÐ 24 TÍMA
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
Iceland
Jólareikningur Netgíró
Þú borgar jólainnkaupin 1. febrúar 2017
Netgíró
Kynntu þér jólareikning
Netgíró á www.netgiro.is
Þú borgar aðeins 195 kr. tilkynningar- og greiðslugjald
(ef fjárhæð er yfir 3.000 kr., annars 0 kr.) og 3,95% lántökugjald.

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
8. DESEMBER 2016 FIMMTUDAGUR



✝

Maðurinn minn,

**Steingrímur Gautur Kristjánsson**

lögmaður,

andaðist 7. desember sl.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Guðrún Einarsdóttir**



✝

Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Kristján Fr. Guðmundsson**

lést 3. desember á hjúkrunarheimili Hrafnistu í Kópavogi.
Útförin verður frá Fríkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 13. desember kl. 13.00.
Þeim sem vilja minnast hans er vinsamlega bent á Parkinson samtökin.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Helga Kristjánsdóttir** — **Halldór Guðbjarnason**
**Guðmundur Fr. Kristjánsson** — **Jenný K. Steinþórsdóttir**
**Guðný Björg Kristjánsdóttir** — **Markús Jóhannsson**
**Smári Kristjánsson** — **Soffía Júlía Svavarsdóttir**



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,

**Ingi Magnfreðsson**

Fjarðarstræti 57, Ísafirði,

lést laugardaginn 3. desember.
Jarðarför verður auglýst síðar.

**Björk Ingadóttir**
**Víðir Ingason** — **Auðbjörg Gerður Pálsdóttir**
**Tryggvi Ingason** — **Sólveig Fríða Kjærnested**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskuleg eiginkona mín og vinur,
móðir, tengdamóðir, amma,
langamma og langalangamma,

**Jakobína Björg Jónasdóttir**

frá Grænavatni,

til heimilis að Túngötu 7, Hvanneyri,
sem lést 29. nóvember síðastliðinn,
verður jarðsungin frá Reykholtskirkju
laugardaginn 10. desember kl. 13.00.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Trausti Eyjólfsson**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir, amma,
langamma og langalangamma,

**Margrét Sigurjónsdóttir**

(Maggý)
til heimilis að Hraunbúðum
í Vestmannaeyjum
(áður Brimhólabraut 5),

lést mánudaginn 21. nóvember.
Útförin fer fram frá Landakirkju í Vestmannaeyjum
laugardaginn 10. desember kl. 13.00.

**Elías Gunnlaugsson**
**Hjördís Elíasdóttir** — **Hannes Thorarensen**
**Björk Elíasdóttir** — **Stefán Örn Jónsson**
**Viðar Elíasson** — **Guðmunda Áslaug Bjarnadóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



**Jólagestir Björgvins verða í Höllinni á laugardaginn.** MYND/MUMMILÚ

# Jólatónleikar Björgvins haldnir í tíunda skipti

**Jólagestir Björgvins verða á laugardaginn, 10. desember, í Höllinni. Björgvin Halldórsson er þakklátur fyrir að hafa fengið að vinna með frábæru fagfólki í þessi 10 ár. Á næsta ári munu tónleikarnir verða haldnir í Eldborgarsal Hörpu með nýju og spennandi ívafi.**

Þetta byrjaði reyndar árið 2003 með fyrstu Jólagestum Björgvins á Nordica hótelinu og þar var ég með góða gesti eins og Siggu Beinteins, Eyjólf Kristjáns, Jóhönnu Vigdísi og Pál Rósinkranz og frábæra hljómsveit. Okkur langaði að gera þetta með svolitlum „bravúr“ í Las Vegas stílnum með stórum borðum, fallega skreyttum sal og fjórrétta „a la carte“ jólamatseðli. Þetta tókst mjög vel og var vel sótt í ein 10 skipti fyrir fullum sal. Það var upphafið og var allt byggt upp á Jólagestaplötunum mínum eins og nú,“ segir Björgvin Halldórsson, spurður út í upphaf Jólagesta Björgvins, en tónleikarnir verða haldnir í tíunda sinn á laugardaginn, 10. desember, í Höllinni.

Að vanda verður gestalistinn ekki af verri endanum, fjölmargir þjóðþekktir söngvarar stíga á svið og syngja inn jólin ásamt Stórsveit Jólagesta undir stjórn Þóris Baldurssonar, strengjasveit undir stjórn Gretu Salome, Barnakór Kársnesskóla undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur, Karlakórnum Þröstum undir stjórn Jóns Karls Einarssonar og Gospelkór Reykjavíkur undir stjórn Óskars Einarssonar. Tónleikarnir hafa notið mikilla vinsælda í gegn um árin.

„Ég hef verið svo heppinn að hafa fengið að vinna með fyrsta flokks fagfólki frá byrjun, svo á ég frábæra fjölskyldu sem hefur staðið eins og klettur við hliðina á mér, ásamt úrvals tónlistar- og tæknifólki sem hefur gert þessa tónleikaröð ógleymanlega,“ segir Björgvin og bætir við að ekki megi gleyma Ísleifi Þórhalls og hans fólki hjá Senu Live sem hefur haldið utan um tónleikana með stæl með þeim Gunnari Helgasyni leikstjóra og Birni G. Björnssyni sem hefur umsjón með handriti.

> **Mér finnst Jólastjörnuþættirnir frábærir, okkur langaði alltaf að láta Jólagestatónleikana höfða til breiðari hóps og það hefur tekist vel með þessum þáttum. Það er svo skemmtilegt að vinna með þessum frábæru krökkum sem tekið hafa þátt og margir hverjir haldið áfram og gengið vel sem er frábært.**

Flestallir þekkja jólalagið vinsæla Ég hlakka svo til, sem dóttir Björgvins, Svala, söng svo eftirminnilega um árið. Hún hefur verið gestur á tónleikunum þó nokkrum sinnum og fengið virkilega góð viðbrögð áhorfenda.

„Svala mín verður með á tónleikunum í ár, en hún hefur búið í Los Angeles í átta ár og það er alltaf gaman ef hún getur komið til landsins og tekið þátt. Það er gott að vinna með Svölu. Hún er mjög fagleg og kröfuhörð við sjálfa sig og það líkar mér. Ég má ekki ljóstra upp lögunum sem hún mun flytja en þau eru góð og að sjálfsögðu syngjum við saman dúett,“ segir Björgvin.

Hvað stendur upp úr á þessum tíu árum?

„Allar þær góðu og frábæru minningar frá þessu mikla ævintýri. Allt þetta góða fólk sem ég hef kynnst í gegnum tónleikana. Frábærir söngvarar og hljóðfæraleikarar sem hafa tekið þátt með okkur sem ég er mjög þakklátur fyrir. Það er þetta fólk sem ég þakka þessa velgengni í gegnum árin,“ segir hann þakklátur.

Val á jólastjörnunni hefur orðið æ umfangsmeira síðustu árin og er verkefnið orðið að vinsælum sjónvarpsþætti ár hvert. Guðrún Lilja Dagbjartsdóttir, níu ára stúlka frá Grindavík, var valin Jólastjarnan 2016 og mun hún koma fram ásamt fjölda þekktra stórsöngvara næstu helgi.

„Mér finnst Jólastjörnuþættirnir frábærir, okkur langaði alltaf að láta Jólagestatónleikana höfða til breiðari hóps og það hefur tekist vel með þessum þáttum. Það er svo skemmtilegt að vinna með þessum frábæru krökkum sem tekið hafa þátt og margir hverjir haldið áfram og gengið vel sem er frábært,“ segir Björgvin.

Þetta mun verða í síðasta sinn sem Jólagestir Björgvins verða í Höllinni en talsverðar breytingar eru framundan, sem verður skemmtilegt að fylgjast með.

„Ég mun halda áfram að taka á móti jólagestum eins og áður, en sjálfsagt eiga þeir eftir að breytast þar sem við stefnum á Eldborg á næsta ári. Ég mun sakna Laugardalshallarinnar, en þar hefur verið frábært að vera í öll þessi ár. Harpan er allt öðruvísi hús og býður upp á aðra spennandi möguleika sem er frábært. Við munum auðvitað reyna að toppa okkur eins og alltaf sem er ögrandi og skemmtilegt. Við munum eflaust brydda upp á nýjungum sem eiga eftir að falla tónleikagestum vel í geð. Það er næsta verkefni sem ég hlakka mikið til að vinna að,“ segir Björgvin.

**gudrunjona@frettabladid.is**

**Það borgar sig að vera hjá 365**

# SNJALLSÍMAR
# Á FRÁBÆRU VERÐI

GILDIR TIL
**31. DESEMBER 2016**

Núverandi og nýjum viðskiptavinum í farsímaþjónustu hjá 365 bjóðast nú frábær kjör á snjallsímum frá **Apple**, **Samsung** og **Google**.

HÖFUM OPNAÐ NÝJA VERSLUN
**365**
**Í KRINGLUNNI**

**15.000 kr.** afsláttur




**Samsung S7 Edge**
**104.990 kr.**stgr
Fullt verð: **119.990 kr.**



**15.000 kr.** afsláttur

**Iphone 7 /** 128GB
**119.990 kr.**stgr
Fullt verð: **134.990 kr.**

**Samsung S7**
**89.990 kr.**stgr
Fullt verð: **99.990 kr.**



**10.000 kr.** afsláttur

**12.000 kr.** afsláttur



**Google Pixel /** 32GB
**112.990 kr.**stgr
Fullt verð: **124.990 kr.**

**Google Pixel /** 128GB
**126.990 kr.**stgr
Fullt verð: **139.990 kr.**



**13.000 kr.** afsláttur

**10.000 kr.** afsláttur



**Iphone 7 PLUS /** 32GB
**129.990 kr.**stgr
Fullt verð: **139.990 kr.**

**Iphone 7 /** 256GB
**134.990 kr.**stgr
Fullt verð: **149.990 kr.**



**15.000 kr.** afsláttur

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Fimmtudagur




Nokkuð hvöss norðaustanátt norðvestan til á landinu, annars mun hægari vindur. Víða rigning og jafnvel slydda fyrir norðan, en dálítil rigning öðru hverju suðvestanlands. Hiti 0 til 8 stig, hlýjast við suðurströndina.

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 5° | 3° | 3° |
| ← 9 | ← 5 | ← 6 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 4° | 5° | 0° |
| ← 10 | ← 11 | ↗ 4 |

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 4° | 2° | 2° |
| ↙ 4 | ← 10 | ↙ 7 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 4° | 4° | 1° |
| ↙ 8 | ↓ 5 | ↙ 9 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. ílát
6. rún
8. skítur
9. kænu
11. átt
12. hlutdeild
14. bit
16. drykkur
17. rá
18. púka
20. org
21. hanga

**LÓÐRÉTT**
1. ríki í Mið-Ameríku
3. ólæti
4. skordýr
5. röst
7. plana
10. að
13. lærir
15. hreinsiefni
16. blekking
19. frá



**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** vasi, **6.** úr, **8.** tað, **9.** bát, **11.** na, **12.** aðild, **14.** glefs, **16.** te, **17.** slá, **18.** ára, **20.** óp, **21.** lafa.
**LÓÐRÉTT: 1.** kúba, **3.** at, **4.** sandfló, **5.** iða, **7.** ráðgera, **10.** til, **13.** les, **15.** sápu, **16.** tál, **19.** af.

### Skák Gunnar Björnsson

Óskar Víkingur Davíðsson (1.707) átti leik gegn Luis Iglesias Fernandez (1.844) á alþjóðlegu móti í Benidorm á Spáni.



**Svartur á leik**
**58...Rf2+! 59. Dxf2 Dxa1+.** Hvítum voru mislagðar hendur í framhaldinu eftir brellu Óskars og lék skákinni niður í tap. Óskar og bróðir hans, Stefán Orri, hafa byrjað mjög vel á mótinu. Sama má segja um bræðurnar Aron Þór og Alexander Oliver Mai sem tefla á öðru móti í Róm.
**www.skak.is:** U-2000 móti TR lauk í gær.

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | | | | | | 5 | 9 |
| 8 | | | | 3 | 7 | 1 | | |
| | | | 4 | | | | | 2 |
| | | | | | | 7 | 3 | |
| | 5 | 9 | 6 | 7 | | 2 | 8 | |
| 6 | | 1 | | 8 | | | 4 | 5 |
| | | | 5 | 1 | | 6 | | |
| | 6 | | 8 | | | | | 3 |
| | | | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 5 | | | 9 | |
| | | | 4 | | 9 | 5 | | |
| | 3 | 5 | | 8 | | | | 6 |
| | 6 | 2 | 1 | 9 | | | | |
| 8 | | | | | 4 | 6 | | |
| | 9 | | | | 7 | | | 2 |
| 2 | 8 | 9 | | 1 | | | | |
| 4 | 1 | | 6 | | | | | |
| | 7 | 6 | | | 2 | | | 3 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 8 | 3 | | | | | |
| | 1 | 6 | 8 | | 7 | | | 3 |
| | | 4 | | | 2 | 6 | | |
| | | 9 | | 3 | | | 1 | 5 |
| 5 | | | 1 | | | 2 | | |
| 8 | 3 | | | | | | | |
| | | | | 2 | 6 | | | |
| | | | 7 | | | 3 | 9 | |
| | | | 4 | 8 | | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku →

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 2 | 3 | 7 | 8 | 4 | 9 | 1 | 5 |
| 1 | 7 | 4 | 3 | 9 | 5 | 6 | 8 | 2 |
| 8 | 9 | 5 | 6 | 1 | 2 | 7 | 3 | 4 |
| 4 | 3 | 2 | 8 | 5 | 6 | 1 | 9 | 7 |
| 7 | 1 | 8 | 9 | 4 | 3 | 2 | 5 | 6 |
| 9 | 5 | 6 | 1 | 2 | 7 | 8 | 4 | 3 |
| 2 | 6 | 9 | 4 | 3 | 1 | 5 | 7 | 8 |
| 5 | 4 | 1 | 2 | 7 | 8 | 3 | 6 | 9 |
| 3 | 8 | 7 | 5 | 6 | 9 | 4 | 2 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 8 | 4 | 7 | 3 | 5 | 2 | 9 | 1 |
| 9 | 7 | 1 | 4 | 6 | 2 | 5 | 3 | 8 |
| 5 | 2 | 3 | 9 | 1 | 8 | 4 | 7 | 6 |
| 1 | 6 | 9 | 5 | 7 | 4 | 3 | 8 | 2 |
| 2 | 4 | 7 | 3 | 8 | 6 | 1 | 5 | 9 |
| 8 | 3 | 5 | 1 | 2 | 9 | 6 | 4 | 7 |
| 7 | 5 | 2 | 6 | 9 | 3 | 8 | 1 | 4 |
| 3 | 9 | 8 | 2 | 4 | 1 | 7 | 6 | 5 |
| 4 | 1 | 6 | 8 | 5 | 7 | 9 | 2 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 7 | 3 | 1 | 9 | 5 | 6 | 2 | 4 |
| 5 | 6 | 1 | 4 | 8 | 2 | 7 | 9 | 3 |
| 2 | 4 | 9 | 6 | 3 | 7 | 5 | 8 | 1 |
| 9 | 2 | 8 | 5 | 7 | 4 | 1 | 3 | 6 |
| 1 | 3 | 7 | 8 | 2 | 6 | 4 | 5 | 9 |
| 6 | 5 | 4 | 9 | 1 | 3 | 8 | 7 | 2 |
| 7 | 8 | 6 | 2 | 4 | 9 | 3 | 1 | 5 |
| 3 | 9 | 5 | 7 | 6 | 1 | 2 | 4 | 8 |
| 4 | 1 | 2 | 3 | 5 | 8 | 9 | 6 | 7 |

## Myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Øverli




### GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# SNJALLAR JÓLAGJAFIR

## ÚRVALIÐ ER Í STÆRSTU TÖLVUVERSLUN LANDSINS*

XL2411

### 24" 3D LED
**144Hz 3D LEIKJASKJÁR!**

Hannaður fyrir kröfuhörðustu leikjaspilara heims með óaðfinnanlegar rammahreyfingar í 144Hz sem skila fullkominni leikjaupplifun ásamt Flicker-free tækni fyrir langtímaspilun;)

- Sérhannaður 144Hz 3D LED leikjaskjár
- 24" LED FULL HD 1080p 16:9 skjár
- 12 milljón:1 DCR og Senseye3 tækni
- 1ms viðbragðstími og FPS mode f/leiki
- HDMI 1.4, DVI-DL og VGA tengi
- Forstillingar fyrir helstu leiki, CS:GO ofl.
- Black eQualizer skilar hárbeittri sýn!
- UltraFlex upphækkanlegur fótur

ZOWIE a brand by BenQ

**49.990**

27" XL2720Z 144Hz 89.990

### MYNDARAMMI
**7" DIGITAL MYNDARAMMI**

ÞRÁÐLAUS FJARSTÝRING FYLGIR MEÐ!

- Hágæða 7" LogiLink LCD litaskjár
- 4:3 Ljósmyndastærð með 800x600p
- Birtir allar JPEG myndir að 16MP
- Spilar myndir í sjálfvirkri myndsýningu
- Les af minniskortum og minnislyklum
- Handhæg fjarstýring fylgir með
- Stendur á borði eða festist á vegg
- USB tengi og minniskortalesari

**7.990**

JÓLAPAKKI MEÐ MYNDUM FRÁ ÞÉR;)

JÓLA TILBOÐ VERÐ ÁÐUR 14.990

MODULAR HEYRNARTÓL MEÐ ÚTSKIPTANLEGUM EININGUM!

AÐEINS 200gr

### RIG500
**LEIKJAHEYRNARTÓL**

- e-Sports leikjaheyrnartól frá Plantronics
- Hönnuð fyrir leiki og mælt með af ESL
- Dúnmjúkir memory foam púðar
- Kraftmikil bassi með 40mm driver
- Hljóðeinangrandi Flip-to-mute MIC
- Spöng sem lagar sig að höfuðlagi þínu
- Hægt að skipta um flestar einingar

**11.990**

FYRIR PS4 OG XBOX 16.990

20 ÞÚSUND AFSLÁTTUR VERÐ ÁÐUR 119.990

510S AIO

### V3-372

- Intel Core i3-6157U 2.4GHz Skylake 4xHT
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 256GB SSD M.2 - Enn hraðari ný kynslóð
- 13.3" FHD IPS Anti-Glare 1920x1080
- Intel Iris HD 550 4K Skylake skjákjarni
- 2.0 Dolby Digital Plus hágæða hljóðkerfi
- 1300Mbps WiFi MU-MIMO, BT4, USB-C 3.1
- 720p HDR Crystal Eye Skype vefmyndavél
- Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum

**99.990**

FISLÉTT Í SKÓLATÖSKUNA!

NÝ KYNSLÓÐ 9.35mm og 250gr

JÓLA TILBOÐ VERÐ ÁÐUR 19.990

ICONIA

### B1-780

- 7" HD IPS fjölsnertiskjár 1280x720
- Quad Core 1.3GHz A53 64-bit örgjörvi
- Hexa Core Mali T720 DX11 3D skjákjarni
- 16GB flash og allt að 128GB microSD
- 300Mbps WiFi net, Bluetooth 4.0, GPS
- Li-Polymer rafhlaða allt að 6 tímar
- Örþunn aðeins 9.35mm og 250gr.
- Tvær vefmyndavélar 2MP & 0.3MP
- Android 6.0 Marshmallow og fjöldi forrita

**16.990**

ÖFLUG Á JÓLATILBOÐI:)

JÓLA TILBOÐ VERÐ ÁÐUR 49.990

5 LITIR

### GEAR4U
**HÁGÆÐA LEIKJASTÓLAR**

Dönsk lúxushönnun þar sem öllu er ofaukið! Sérstaklega mjúkur leikjastóll í léttum stálramma með mjúkar hækkanlegar armhvílur ásamt stuðningspúðum við mjóbak og höfuð.

- Slitsterkt Supple Pleather-Leðuráklæði
- Hæðastillanlegar mjúkar armhvílur
- Hannaður fyrir langtímanotkun ;)
- Class-4 gaslifta og 360° snúningur
- Fjöldi stillinga fyrir bæði hæð og bak
- Tvöföld nælonhjól sem rúlla auðveldlega
- Mjúkir púðar veita stuðning fyrir bak og háls
- Úthugsuð vinnuvistfræðileg hönnun

**34.990**

ÚRVAL LEIKJASTÓLA FRÁ 26.990

SENFUS **4.990**

Trust

**ÞRÁÐLAUSIR TAPPAR**

JÓLA TILBOÐ VERÐ ÁÐUR 8.990

FLEX **6.990**

fitbit

**FITBIT HEILSU ÚR**

KEMUR Í FJÓRUM LITUM!

1TB SLIM **11.990**

SEAGATE

**1TB SLIM FLAKKARI**

NÝ KYNSLÓÐ ÖFLUGRI, ÞYNNRI OG LÉTTARI

PS4 STÝRIPINNI FYLGIR

500GB **48.990**

**PLAYSTATION 4 SLIM**

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:00
Laugard. 10 Des
10:00 - 18:00

# TÖLVUTEK

Allt að 100.000 með JólaGreitt, greiddu 1.FEB Kostnaður aðeins kr. 198 :)

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer LogiLink Parrot plantronics PS4 SALORA Trust WONLEX XBOX ONE

8. desember 2016 - Birt með fyrirvara um breytingar, prentvillur og myndabrengl • Tölvutek er stærsta sérhæfða tölvuverslun landsins í fermetrum verslunarrýmis talið, samkvæmt niðurstöðu Neytendastofu þann 10.05.2016

# netto

# Veislan heldur áfram...



-32%

LAMBAHRYGGUR
KRYDDAÐUR - FERSKUR
~~ÁÐUR: 2.197 KR/KG~~
**1.494 KR KG**



KALKÚNN HEILL
- FROSINN
3 STÆRÐIR
**998 KR KG**

Frábært verð

*Franskur gæðakalkúnn á betra verði!*



-25%

LAMBAPRIME FERSKT
~~ÁÐUR: 3.298 KR/KG~~
**2.474 KR KG**



-23%

HS SKELBROT
1 KG BLANDAÐ - FROSIÐ
~~ÁÐUR: 3.895 KR/KG~~
**2.999 KR KG**



NÝTT Í netto

HÁTÍÐARSÚPA
HUMARSÖLUNNAR,
850 ML
**1.298 KR STK**



HREINDÝR LUNDIR - FROSIÐ
~~ÁÐUR: 8.989 KR/KG~~
**7.910 KR KG**



HREINDÝR FILLE - SILVERSKIN ON
FROSIÐ
~~ÁÐUR: 9.498 KR/KG~~
**8.358 KR KG**



ANDABRINGUR
FRANSKAR - FROSIÐ
~~ÁÐUR: 2.998 KR/KG~~
**2.698 KR KG**



LINDOR
KONFEKTKÚLUR
ÝMSAR TEGUNDIR - 200 GR.
**998 KR PK**



Frábært verð

MACKINTOSH
DÓS - 1,315 KG./PK
**1.798 KR PK**



ONLY JÓLASVEINN
SÚKKULAÐI
- 150 EÐA 60 GR.
VERÐ FRÁ:
**199 KR STK**



ONLY JÓLAKÚLUR
SÚKKULAÐI - 400 GR.
**498 KR PK**

**Tilboðin gilda 8. – 11. desember 2016**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.


KJÖTSEL
Grísabógur á frábæru verði!
AÐVENTUSTEIK GRÍSABÓGUR FYLLTUR M/KANIL OG EPLUM
ÁÐUR: 2.498 KR/KG
1.499 KR KG
-40%
Frábært verð
NAUTA MÍNÚTUSTEIK
ÁÐUR: 3.798 KR/KG
2.659 KR KG
-30%
KJÖTSEL
KJÖTSEL HANGILÆRI - ÚRBEINAÐ
ÁÐUR: 3.798 KR/KG
2.962 KR KG
-22%
KJÖTSEL
HANGILÆRI MEÐ BEINI
ÁÐUR: 2.298 KR/KG
1.999 KR KG
Sætar karföflur á tilboði
-50%
NAUTALUNDIR ERLENDAR - FROSIÐ
ÁÐUR: 3.998 KR/KG
3.398 KR KG
Ódýrt og girnilegt
-23%
KJÖTBORÐ
NAUTAHAKK 8-12% - 500 GR.
ÁÐUR: 898 KR/PK
691 KR PK
SÆTAR KARTÖFLUR
UPPRUNALAND: SPÁNN
ÁÐUR: 298 KR/KG
149 KR KG
USA kleinuhringir bakaðir á staðnum
-40%
USA KLEINUHRINGIR
ÁÐUR: 198 KR/STK.
119 KR STK
-20%
TOBLERONE
Chocolate Cake
Almondy
Daim INSIDE
ALMONDY KAKA MEÐ DAIM EÐA TOBLERONE - 400 GR.
ÁÐUR: 998 KR/PK
798 KR PK
Kjörís
Mjúkís
KJÖRÍS MJÚKÍS SÚKKULAÐI - 1 LTR.
ÁÐUR: 550 KR/PK
499 KR PK
www.netto.is
Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hafnarfjörður · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss



Bjarni Harðarson innan um brot af öllum þeim fjölda bóka sem er að finna í Bókakaffinu á Selfossi sem er tíu ára um þessar mundir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Fjölbreytnin er hluti af okkar sjálfsþurftarbúskap

**Bjarni Harðarson rekur Bókaútgáfuna Sæmund og Bókakaffi á Selfossi sem hann segir að sé mikill bókabær. En Sæmundarmenn og -konur ætla að halda til höfuðborgarinnar annað kvöld og mála bæinn rauðan.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Bókakaffið á Selfossi varð tíu ára í haust,“ segir Bjarni Harðarson, útgefandi og bókakaffihúsamaður, á Selfossi aðspurður hversu lengi Bókakaffið sé nú búið að starfa. „En við erum búin að vera heldur lengur með bókaútgáfu því þetta er sama fyrirtæki og var Sunnlenska fréttablaðið á meðan ég átti það. Við byrjuðum að gefa út bækur árið 2001 og þá reyndar í svona frekar smáum stíl.“

## Alls konar fastagestir

Bjarni segir að Bókakaffið hafi gengið vel á þessum tíu árum. „Auðvitað voru fyrstu árin soldið strembin en í raun og veru er það konan mín sem sér miklu meira um reksturinn á þessu en ég. Og það hefur stundum alveg reynt á að láta enda ná saman en það er nú orðið afslappaðra núna.

Við erum komin með hóp af skemmtilegum fastagestum, bæði heimafólk af Selfossi og svo ekki minna gestir sem eru hérna úr sumarbústöðunum í sveitinni í kring. Svo eru það líka, sem okkur finnst mjög gaman, útlendir fastagestir sem koma á hverju ári til Íslands og sleppa ekki Bókakaffinu. Í hausatalningu er alveg helmingur þeirra sem hingað koma útlendingar en viðskiptin eru þó einkum við Íslendinga en þeir kaupa meira af bókum en hinir eru meira í kaffinu. Við reynum þó alltaf að vera með bækur á erlendum tungumálum og þá ekki aðeins þessar hefðbundnu túristabækur heldur þýddar íslenskar bókmenntir, miðaldabókmenntirnar, Njálu og eitthvað af Laxness og sitthvað fleira. Þetta er ekkert mikið úrval en samt alveg þannig að það muni um það.“

## Nýtt og gamalt

Sunnlenska bókakaffið býr yfir þeirri sérstöðu á meðal bókaverslana á Íslandi að þar er bæði að finna nýjar og notaðar bækur. Bjarni tekur undir að þetta sé líkast til eina bókabúðin á landinu sem er að blanda saman nýju og notuðu. „Já, svona í þessum mæli. Það hefur oft verið ein og ein hilla eða skápur í bókabúðum í Reykjavík en þetta er mjög algeng blanda víða erlendis. Ég sá þetta til að mynda mikið í Danmörku fyrir nokkrum árum þegar ég var þar og þetta er ekkert óþekkt blanda. Enda á þetta í rauninni mjög vel saman vegna þess að bækur eru orðnar þannig neysluvara að þær eru ekki til nýjar á markaði nema kannski í fimm til tíu ár frá prentun. Eftir það eru það í rauninni bara fornbókabúðirnar sem geta útvegað fólki það sem það er að leita að í mörgum tilvikum. En líftími bóka er reyndar mjög misjafn eftir efni þeirra.“

Bjarni segir að útgáfan Sæmundur sé í raun stærsti hluti starfseminnar þó að Bókakaffið sé kannski að vissu leyti sýnilegra. En það sem maður tekur sérstaklega eftir þegar útgáfulisti Sæmundar er skoðaður er hversu fjölbreyttir titlar koma út á vegum forlagsins. „Þetta er einmitt markmið og meðvituð stefna. Vegna þess að við erum að reka búð líka og þá er mjög gott að vera ekkert að binda sig við að gefa bara út ævisögur eða þjóðlegan fróðleik eða skáldskap. Þetta er því hluti af okkar sjálfsþurftarbúskap í verslunarrekstri. Við viljum gæta þess að ákveðið hlutfall af því sem við erum að selja hérna séu bækur sem við framleiðum sjálf. Gömlu bækurnar eru líka á ákveðinn hátt eigin framleiðsluvara vegna þess að maður býr þann lager til með því að fara í gegnum mjög stór söfn og tína til og svona. En það munar mjög miklu að vera með gömlu bækurnar og það sem við gefum út sjálf því þá hefur búðin úr meiru að moða en aðeins smásölunni og það er allur svona búðarekstur mjög erfiður.“

## Bókabærinn Selfoss

En skyldi Bókaforlagið Sæmundur njóta sambandsins við Sunnlendinga þegar kemur að því að finna og velja verk til útgáfu? „Auðvitað er töluvert um það að Sunnlendingar leiti til okkar með verkefni. En við gefum út töluvert af efni sem á rætur sínar hér án þess að við séum að einskorða okkur við það. Við eigum í miklu og góðu sambandi við okkar nærumhverfi og svo erum við reyndar ekki eina forlagið hérna í plássinu. Ég er nú tíðum að minna á að það eru tvö bókaforlög á Selfossi. Hitt er skemmtilegt forlag sem er að gefa út Litlu barnabækurnar sem margir kannast nú við og hafa lesið en þær eru líka gefnar út hér á Selfossi. Þannig að Selfoss er bókaútgáfubær.

En Selfoss er líka bókabær því við gengum í það fyrir tveimur árum að fara í samtök alþjóðlegra bókabæja sem eru samtök lítilla bæja þar sem er lögð áhersla á bækur, útgáfu og annað eða bóka þetta og bóka hitt eins og þar stendur.“

Annað kvöld ætlar Bókaútgáfan Sæmundur að halda til höfuðborgarinnar að hætti jólasveinanna og mála bæinn rauðan eins og Bjarni segir. „Já, við ætlum að byrja með opið hús í Gunnarshúsi á Dyngjuvegi á föstudagskvöldið klukkan átján. Við ætlum að bjóða fólki að spjalla við okkur og skoða bækurnar og það verða einhverjar smá veitingar og upplestrar þannig að allir ættu að geta haft gaman af og við vonumst auðvitað eftir því að sjá sem flesta í höfuðstaðnum.“

# VATNSHELDIR JBL BLUETOOTH HÁTALARAR

JBL by HARMAN







**JBL T450BT**
Nett og létt JBL Bluetooth heyrnartól með innbyggðum hljóðnema. JBL Pure Bass sound. Allt að 11 klst rafhlaða. Samanbrjótanleg.

**VERÐ ▶ 7.990**




**Tasco 168RB**
10x25 vasasjónauki með 10x stækkun. 25mm gler. Taska fylgir.

**VERÐ ▶ 3.990**




**JBL BOOSTTV**
Nett 30W SoundBar heimabíó með Bluetooth. JBL SoundShift. JBL Connect. Tengist 3 símum eða spjaldtölvum samtímis. Lærir á fjarstýringu. Optical og Aux tengi.

**VERÐ ▶ 29.990**




**JBL PULSE2BLACK**
Veðurvarinn 2x8w þráðlaus Bluetooth v4.1 hátalari með ótrúlega flottum hljóm. JBL Prism - Notaðu linsuna á PULSE2 til fanga lit að þínu skapi. 10 klst hleðslurafhlaða. Innbyggður hljóðnemi.

**VERÐ ▶ 23.790**




**Lenco L3867**
Plötuspilari með innbyggðum formagnara og USB tengi. 33/45 snúninga.

**VERÐ ▶ 19.990**




**Skywatcher ASTROLUX70MM**
Frábær Newton spegilsjónauki fyrir byrjendur 76mm ljósop. 700mm (f/9,2) brennivídd. 28x, 56x, 70x og 140x stækkun. 10mm og 25mm augngler. 2x Barlow linsa. 6x24 leitarsjónauki. Lóðstillt stæði. Þrífótur úr áli.

**VERÐ ▶ 24.990**




**Technoline WS9136**
Veðurstöð með LCD skjá og myndrænni veðurspá. Mælir inni- og útihita. Klukka og dagatal. Hægt að hengja á vegg eða láta standa. Notar 2 AAA rafhlöður.

**VERÐ ▶ 7.990**




**JBL E50BT**
Þráðlaus Bluetooth heyrnartól með innbyggðum hljóðnema og Echo Cancellation. Music sharing – nota má tvö E50BT frá sömu Bluetooth sendingunni. 18 klst hleðslurafhlaða. Samanbrjótanleg.

**VERÐ ▶ 14.990**

## SONOS

**ÞRÁÐLAUSIR HÁTALARAR FÁST HJÁ OKKUR**



Sonos er kerfi þráðlausra hátalara og hljómtækja sem sameinar stafræna tónlistarsafnið og útvarpsstöðvar í einu appi sem stjórna má frá hvaða síma eða spjaldtölvu sem er.

# Sjónvarpsmiðstöðin




RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

# Á mörkum draums og veruleika

BÆKUR

**Draumrof**

★★★☆☆

**Úlfar Þormóðsson**

**Útgefandi:** Veröld
**Kápuhönnun:**
**Prentun:**
**Fjöldi síðna:**

Samband skáldskapar og veruleika virðist vera mörgum höfundum ofarlega í huga um þessar mundir. Það er kannski ekki að furða, þetta er spennandi viðfangsefni þar sem í sífellu virðast dregnir fram áhugaverðir möguleikar. Þannig er það líka í nýjustu skáldsögu Úlfars Þormóðssonar, Draumrofi, en þar er sögð saga manns sem snýr á rithöfund sem ætlar að nýta sér líf hans sem umfjöllunarefni og gera að sínu. En Úlfar lætur ekki staðar numið við könnun sína á mörkum lífs og skáldskapar heldur víkkar pælinguna og fer með lesendur sína í skoðun á mörk minnis og þess sem var, að ógleymdri skoðun á mörkum draums og veruleika.

Sagan hverfist um mann á ríflega miðjum aldri sem hefur komist að því, sér til lítillar gleði, að rithöfundur hafi í hyggju að nýta sér líf hans sem söguefni og gera það að sínu eigin lífi. Stela þannig reynsluheimi hans og sögu eftir því sem vitneskja höfundarins leyfir. En söguhetjan kemst að þessari fyrirætlan höfundarins, brýtur sér leið inn í tölvu hans og sækir þangað skrifin. Þetta er skemmtileg hugmynd og þessi átök um líf og veruleika manneskju eru forvitnilegt viðfangsefni.

Líf aðalsöguhetjunnar er líka forvitnilegt í sjálfu sér. Ástlaust hjónaband manns og konu sem lengi hafa lifað fyrir velgengnina. Hún sem bankastarfsmaður en hann sem almannatengill innan hringiðu íslensks viðskiptalífs. Hann er þögull en gagnlegur varðhundur þeirra sem eiga nægilega mikið fé til þess að geta lagað sannleikann að eigin hagsmunum og mótað þannig veruleikann eftir hentugleikum hverju sinni. Innan alls þess eru einnig þau lög sem Úlfar hleður utan á þetta aðalsöguefni, með skoðun á minni og gleymsku, draumi og veruleika, sem eru í sjálfu sér mjög áhugaverð en það er mikið í fang færst. Þó að Úlfari gangi ágætlega að halda utan um alla þessa þræði innan skáldsögunnar og þeir kallist á að einhverju leyti, þá er erfitt að verjast þeirri hugsun að betra hefði verið að hafa þá færri og nostra betur við hvern og einn. Afleiðingin er að þegar líður á söguna er staða aðalpersónunnar orðin talsvert flókin en svo er eins og málin taki að leysast hratt, örugglega og nánast allt að því af sjálfu sér.

Persónusköpun aðalpersónunnar er skýr en að sama skapi er aðalpersónan frekar óðaðlandi og það er því erfitt að finna til hvort sem er samkenndar á þessum manni sem sagan hverfist um. Helst til lítið er lagt í að draga upp áhugaverða mynd af öðrum persónum og helgast það óneitanlega af sjálfhverfni sögumanns. Vandinn er að í ljósi framvindu sögunnar, sem er rétt að halda frá lesendum á þessu stigi, þá snerta viðburðirnir mann minna en verið gæti. Verða í raun helst til léttvægir í stóra samhenginu.

Draumrof er vel stílfærð og skemmtileg aflestrar. Úlfar heldur lesandanum forvitnum um framvinduna og snertir um leið á málefnum íslensks samfélags. Málefnum sem virðast því eiga endalaust erindi við íslenska lesendur ef marka má fréttir og fréttaskýringar allt frá efnahagshruni og fram til dagsins í dag. **Magnús Guðmundsson**

**NIÐURSTAÐA:** Vel stílfærð og skemmtileg skáldsaga sem ætlar sér þó að halda helst til mörgum boltum á lofti í senn.









**Þau Hallveig Rúnarsdóttir, Lenka Mátéová, Sigríður Ósk Kristjánsdóttir og Sigurður Halldórsson koma fram á tónleikunum Sígild jól í kvöld klukkan 20.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Himneskir jólasöngvar við tindrandi kertaljós í kirkju

**Hátíðleg blanda af íslenskum og erlendum jólalögum, sálmum, aríum og dúettum mun hljóma í Seltjarnarneskirkju í kvöld á tónleikunum Sígild jól. Þar syngja dívurnar Hallveig Rúnarsdóttir og Sigríður Ósk Kristjánsdóttir við orgel- og sellótóna.**

Við stefnum að því að koma gestum í sannkallað hátíðaskap með himneskum jólasöngvum við tindrandi kertaljós," segir Sigríður Ósk Kristjánsdóttir mezzosópransöngkona glaðlega. Þar er hún að tala um jólatónleikana Sígild jól sem verða í kvöld í Seltjarnarneskirkju og hefjast klukkan 20. Sigríður Ósk syngur þar ásamt Hallveigu Rúnarsdóttur sópransöngkonu og með þeim leika þau Lenka Mátéova organleikari og Sigurður Halldórsson sellóleikari.

Níels T. Girerd, betur þekktur sem Nilli, verður kynnir kvöldsins. Á dagskránni er blanda af íslenskum og erlendum einsöngslögum og dúettum, sálmum og aríum, allt frá barokktímabilinu fram til dagsins í dag að sögn Sigríðar Óskar. Tónlistin er falleg, hátíðleg og þjóðleg," segir hún og nefnir nokkur dæmi. „Flutt verða sígild verk í anda jólanna meðal annars eftir Purcell og Mozart, einnig Kvöldbæn úr óperunni Hans og Grétu eftir Humperdinck og Pie Jesu, dúett eftir Webber. Svo eru verk eftir íslensk tónskáld eins og Snorra Sigfús Birgisson sem samdi undurfagra Vocalisu sérstaklega fyrir Hallveigu, sem sagt fyrir háan sópran og selló, og þar er líka jólaþulan Það á að gefa börnum brauð í útsetningu Jórunnar Viðar, já, og Jólin alls staðar eftir Jón Sigurðsson, Jón bassa, svo eitthvað sé nefnt. Semsagt blanda af sígildum einsöngslögum og dúettum í anda jólanna í bland við íslensk og erlend jólalög og sálma.

Sigríður Ósk kveðst telja þessa tónleika ólíka mörgum öðrum sem eru í boði fyrir jólin og er ekki í vafa um að mikill hátíðleiki skapist í kirkjunni við kertaljós og þessa gullfallegu tónlist.

Þess má geta að Sigríður Ósk var tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2016 fyrir hlutverk Rosinu í Rakaranum frá Sevilla í uppfærslu Íslensku óperunnar og fyrir hlutverk í óratoríunni Salómon sem flutt var á Kirkjulistahátíð í Hallgrímskirkju og Hallveig var valin söngkona ársins árið 2014 fyrir hlutverk Mikaelu í óperunni Carmen í uppfærslu Íslensku óperunnar. **– gun**


Allt í jólapakkann
Harðir pakkar með notagildi!
SKOÐAÐU JÓLAGJAFAHANDBÓKINA Á BYKO.IS
NOKKRAR HUGMYNDIR
FÖNDURFRÆSARI,
3000MD 3 Star Kit
7.995kr.
Almennt verð: 9.995 kr.
74780311
25% AFSLÁTTUR
AF MATAR- OG
KAFFISTELLUM
HEIL SETT
GROHE
PHILIPS
BLUETOOTH HÁTALARI
í sturtuna, baðið eða pottinn.
13.995kr.
15326268
BOSCH
MATVINNSLUVÉL
800W.
13.995kr.
Almennt verð: 17.995 kr.
65742022
BYKO
SKREYTUM SAMAN
byko.is
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Tilboð gilda til 18.desember.

# Falleg og bítandi frásögn

**KVIKMYNDIR**

**Lion**

★★★★☆

**Leikstjóri:** Garth Davis
**Framleiðendur:** Iain Canning, Emile Sherman, Angie Fielder
**Handrit:** Luke Davies
**Leikarar:** Dev Patel, Nicole Kidman, Sunny Pawar, Rooney Mara

Það er fátt óhugnanlegra fyrir ung börn en að skiljast frá fjölskyldum sínum og týnast á augabragði. Lion er sannsöguleg mynd sem hefst í Indlandi árið 1986 og segir frá því þegar hinn fimm ára gamli Saroo sofnar óvart um borð í lest sem flytur hann þúsundir kílómetra frá móður hans, bróður og systur. Hann verður heimilislaus á götunni og endar seinna meir á munaðarleysingjahæli.

Stuttu síðar er Saroo ættleiddur af áströlskum hjónum sem veita honum mikla umhyggju. Hann fær gott uppeldi í öruggu umhverfi, þó ættleiddum bróður hans farnist ekki eins vel. Hins vegar hefur drengurinn reynt að bæla niður erfiðu æskuminningarnar til að særa ekki tilfinningar nýju foreldranna. Kemur einnig í ljós að fortíðardraugarnir eru sjaldan langt undan.

Þegar Saroo er orðinn þrítugur vaknar þráin eftir að leita uppi gömlu heimaslóðirnar. Með hjálp minningarbrota og nýs undraforrits sem kallast Google Earth er hann staðráðinn í því að finna fjölskyldu sína, í einu fjölmennasta landi heims.

Það er ótrúlegt hvað Lion nær vel að forðast væmni eða yfirþyrmandi melódrama sem getur auðveldlega orðið svona myndum að falli. Raunasagan er vissulega mögnuð og gerir myndina áhrifaríkari en það skrifast líka á vandaða leikstjórn hvað framsetningin er einlæg, heillandi og laus við alla tilgerð. Tónlistin frá Dustin O'Halloran og Hauschka skreytir einnig pakkann virðulega.

Leikurinn er óneitanlega það sem heldur þessu best saman. Dev Patel fer með hlutverk Saroo á fullorðinsárunum og slær á alla réttu strengina af miklu sjálfsöryggi og fínum sjarma. Aftur á móti er það þessi yngri, leikinn af hinum átta ára Sunny Pawar, sem stelur allri myndinni eða réttara sagt fyrsta klukkutímanum. Það hjálpar vissulega til að fyrri helmingur myndarinnar, sem einblínir á æskuárin, er sterkari, erfiðari og pakkaðri, en drengurinn vinnur ótvíræðan leiksigur.

Nicole Kidman og David Wenham (sem sáust síðast saman í stórmyndinni Australia) eru þrusufín í hlutverki hjónanna viðkunnanlegu. Kidman gefur frá sér kærkomna hlýju og má segja það sama um Wenham, þó svo að hann hafi minna í höndunum. Annars er Rooney Mara furðu líflaus sem






**Dev Patel sem fer með hlutverk Saroo á fullorðinsárunum og Sunny Pawar sem leikur Saroo ungan og stelur senunnni.** NORDICPHOTOS/GETTY

kærasta Saroo og fær heldur ekki mikið til að vinna úr. Miklu frekar hefði átt að nýta tímann til þess að þróa meira samband Saroo við meingallaðan uppeldisbróður sinn, Mantosh. Hann kemur bara og fer, eins og hann fái ekki að vera meira en bara uppfylling í handritinu.

Myndin er byggð á bókinni The Long Way Home sem Saroo skrifaði sjálfur eftir reynslu sína. Handritið eftir Luke Davies fer almennt vel með frásögnina en þegar eldri Saroo er tekinn við er eins og tímalínan skauti yfir nokkur lykilatriði á meðan aðrar senur geta orðið óþarflega langar. Þetta kemur ekki oft fyrir og myndin siglir hispurslaust í höfn á lokametrunum og skilur eftir sig kraft sem reynir á getu áhorfandans til að halda augunum þurrum. Ólíklegt er að finnist þarna úti betri og hjartnæmari „auglýsing" fyrir Google Maps. Gott í sálina.

**Tómas Valgeirsson**

**NIÐURSTAÐA:** Merkileg saga, heillandi leikarar og tilgerðarlaus úrvinnsla. Kvikmynd sem kallar á gott faðmlag.

## Frumsýningar

### Warrior's Gate



Spennu- og ævintýramynd
Aðalleikarar: Dave Bautista, Sienna Guillory, Uriah Shelton, Ron Smoorenburg, Francis Ng, Byron Gibson, Ni Ni, Ming Xi, Mark Chao
Frumsýnd: 9. desember
IMDb: 61



### Rogue One: A Star Wars Story

Vísindaskáldskapur
Aðalleikarar: Felicity Jones, Mads Mikkelsen, Ben Mendelsohn, Forest Whitaker, Diego Luna, Riz Ahmed, Alan Tudyk, Donnie Yen, Jonathan Aris, Warwick Davis, Jimmy Smits, James Earl Jones, Alistair Petrie, Ned Dennehy, Valene Kane, Jorge Leon Martinez
Frumsýnd: 16. desember



### Passengers

Rómantískt drama og vísindaskáldskapur
Aðalleikarar: Jennifer Lawrence, Chris Pratt, Michael Sheen, Laurence Fishburne, Aurora Perrineau
Frumsýnd: 26. desember

# Illmennið í Ocean's Eight komið á hreint

Ocean's Eight kemur í bíó sumarið 2018. Eins og fyrri Ocean's-myndirnar verður þarna mikill stjörnufansog í þetta sinn eru það einungis konur sem fara með aðalhlutverkin. Tilkynnt hefur verið að þarna verði Sandra Bullock, Cate Blanchett, Anne Hathaway, Helena Bonham Carter, Sarah Paulson, Mindy Kaling, Rihanna, Awkwafina og Dakota Fanning. Síðan er vitað að Matt Damon mun bregða fyrir.

Nú hefur hins vegar verið tilkynnt hver muni leika illmenni myndarinnar – en það er enginn annar en leikarinn Damian Lewis. Flestir ættu að kannast við hann úr Homeland-þáttunum þar sem hann fór með hlutverk Nicholas Brody en hann hlaut Emmy-verðlaunin fyrir túlkun sína á hermanninum sem sneri aftur heim heilaþveginn.

Lítið er vitað um söguþráð myndanna þó að það sé hægt að gefa sér að þetta mikla stjörnugengi muni taka að sér stórfenglegt rán og að það verði stór og mikil flugeldasýning þar sem ekkert verður til sparað. Hins vegar er ljóst að illmennið sem Damian mun leika mun hafa einhvers konar persónuleg tengsl við karakterinn hennar Söndru Bullock. Það verður ákaflega spennandi að sjá hvað um er að ræða en það mun líklega ekkert stytta biðina fyrir aðdáendur Ocean's-myndanna.

Um þessar mundir leikur Damian Lewis í Showtime-seríunni Billions og hefur nýlega leikið í myndunum Queen of the Desert, Bill og Our Kind of Traitor.



**Damien Lewis**


**Þriggja hæða steinhús með ríkulega sögu**

Glæsileg eign á góðum stað í hjarta borgarinnar. Gróinn garður sem vísar til suðurs og litlar svalir á norðurhlið hússins. Stutt í alla verslun og þjónustu. **Stæði í rúmgóðum og upphituðum bílakjallara fylgir.**




UNDER ARMOUR
Í JÓLAPAKKANN
MIKIÐ ÚRVAL
NÝJAR VÖRUR
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is







| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| OFFICE CHRISTMAS PARTY | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| OFFICE CHRISTMAS PARTY VIP | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 5:30 |
| VAIANA ÍSL TAL 3D | KL. 5:30 |
| VAIANA ENSKT TAL 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| ALLIED | KL. 8 - 10:40 |
| FANTASTIC BEASTS 3D | KL. 8 - 10:45 |
| FANTASTIC BEASTS 2D | KL. 5 |
| THE ACCOUNTANT | KL. 8 - 10:45 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| OFFICE CHRISTMAS PARTY | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 |
| ALLIED | KL. 8 - 10:30 |
| FANTASTIC BEASTS 2D | KL. 7:40 - 10:20 |
| THE ACCOUNTANT | KL. 8 |
| DOCTOR STRANGE 2D | KL. 5:30 - 10:40 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| OFFICE CHRISTMAS PARTY | KL. 8 - 10:20 |
| VAIANA ENSKT TAL 2D | KL. 8 |
| ALLIED | KL. 10:20 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| OFFICE CHRISTMAS PARTY | KL. 8 - 10:20 - 10:45 |
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 |
| ALLIED | KL. 5:20 - 8 |
| FANTASTIC BEASTS 2D | KL. 5 - 8 |
| LIGHT BETWEEN OCEANS | KL. 10:40 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| OFFICE CHRISTMAS PARTY | KL. 8 - 10:20 |
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 |
| ALLIED | KL. 10:45 |
| FANTASTIC BEASTS 2D | KL. 5:15 - 8 |


# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is



**Hugleikur Dagsson verður nákvæmlega svona menningarlegur þegar hann kemur fram á menningarsetrinu Paloma í kvöld.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## 8. DESEMBER 2016

### Tónlist

**Hvað?** Á ljúfum nótum
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Fríkirkjan í Reykjavík
Yfirskrift tónleikanna er Hátíðarstund og eru jólatónleikarnir til styrktar Bráðamóttöku Landspítalans. Flytjendur eru Hanna Dóra Sturludóttir mezzosópran, Einar Clausen tenór, Ágúst Ólafsson barítón, Lilja Eggertsdóttir píanóleikari og stjórnandi og Kvennakórinn Heklurnar ásamt hljómsveit. Miðaverð 2.500 krónur.

**Hvað?** Útgáfutónleikar Kristínar Lárusdóttur
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Kristín Lárusdóttir gefur út nýja plötu sem ber titilinn Himinglæva og fagnar því með útgáfutónleikum í Mengi í kvöld.

**Hvað?** Jethro Tull Christmas Show
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hallgrímskirkja
Hljómsveitin Jethro Tull hringir inn jólin í kvöld en þeir eru sérstaklega mikil jólabörn. Ian Anderson standandi á öðrum fæti að blása í þverflautu er líklega eitt það jólalegasta sem hægt er að ímynda sér og því tilvalið að dúndra sér í Hallgrímskirkju í kvöld til að komast í jólagírinn. Miðaverð 12.900-14.900 krónur.

**Hvað?** Stórtónleikar með Mugison
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Harpa
Stuðboltinn Mugison heldur risatónleika í Eldborgarsal Hörpu í kvöld og er ekki ólíklegt að færri komist að en vilja. Á dagskránni er meðal annars heil ný plata sem drengurinn er bara búinn að taka upp, takk fyrir, auk eldri laga sem allir þekkja. Mugi hefur ekkert mikið verið að spila heima síðustu ár en er í óðaönn að laga það. Platan hans fylgir með hverjum miða svo að enginn fer tómhentur heim. Miðaverð 4.990-8.990 krónur.

**Hvað?** Jólatónleikar Stefáns Hilmarssonar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hörpu
Ástsælasti söngvari þjóðarinnar, hann Stefán Hilmarsson, verður að sjálfsögðu með sína árlegu jólatónleika þetta árið. Eins og venjulega verða með honum góðir gestir og í ár eru það þau Jón Jónsson, Jóhanna Guðrún og Ísold Wilberg. Stefán flytur þarna lög af jólaplötunum sínum Í desember og Ein handa þér. Svo má passlega gera ráð fyrir því að hann taki Jólahjól, annars myndu áhorfendur líklega sturlast og ganga berserksgang. Miðaverð 6.990 krónur.

**Hvað?** Sígild jól
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Seltjarnarneskirkja
Sigríður Ósk Kristjánsdóttir mezzosópran og Hallveig Rúnarsdóttir sópran koma ykkur í hátíðarskap með himneskum jólasöngvum. Á dagskránni eru íslensk og erlend jólalög, sálmar, aríur og dúettar. Um undirleik sér Lenka Mátéová orgelleikari og Sigurður Halldórsson sellóleikari. Níels T. Girerd, betur þekktur sem Nilli, verður kynnir kvöldsins.

**Hvað?** Stebbi Jak og Andri Ívars
**Hvenær?** 21.30
**Hvar?** Græni hatturinn, Akureyri
Þeir félagar Stebbi Jak og Andri Ívars, mennirnir bak við föstudagslögin, eru farnir að færa sig upp á skaftið og spila núna á hvaða degi vikunnar sem er, ekki bara föstudögum. Í þetta sinn verða þeir í jólagírnum og á Akureyri ofan á allt og ætla þar að taka nokkur jólalög. Miðaverð 2.500 krónur.

**Hvað?** Jólatónleikar með Karítas Hörpu og Kolbrúnu Lilju
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Skyrgerðin, Hveragerði
Þær Karítas og Kolbrún koma öllum í jólaskapið í Hveragerði í kvöld. Aðgangseyrir er undir hverjum og einum kominn.

**Hvað?** Jólatónleikar Léttsveitar Reykjavíkur
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Guðríðarkirkja, Kirkjustétt
Miðaverð 3.500 krónur.

**Hvað?** Hátíðartónleikar Eyþórs Inga
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hljómahöllin, Reykjanesbæ
Eyþór er án efa einn af okkar fremstu söngvurum í dag. Hann hefur einnig getið sér gott orð fyrir að vera mögnuð eftirherma. Hér





| | |
|---|---|
| Nahid | 18:00 |
| Grimmd | 18:00 |
| Innsæi | 18:00 |
| Absolutely Fabulous: the movie | 20:00 |
| Baskavígin | 20:00 |
| Slack Bay | 20:00 |
| Captain Fantastic | 22:00 |
| Gimme Danger | 22:00 |
| Embrace of the Serpen | 22:30 |

er á ferðinni létt, hugljúf og jólaleg kvöldstund þar sem Eyþór kemur fram einn síns liðs, með píanóið, gítarinn og röddina að vopni. Sérstakir gestir eru kórar úr heimabyggð á hverjum stað fyrir sig.

**Hvað?** Jólatónleikar Kvennakórs Suðurnesja, Vox Felix og barnakórs TR
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Ytri-Njarðvíkurkirkja
Kórarnir ætla að syngja skemmtileg og falleg jólalög sem koma öllum í jólaskap. Séra Petrína Mjöll Jóhannesdóttir flytur hugvekju. Miðaverð er 2.500 kr. við innganginn en 2.000 kr. í forsölu.

**Hvað?** Aðventutónleikar í Laugarneskirkju
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Laugarneskirkja, Kirkjuteig
Aðventutónleikar í Laugarneskirkju. Fram koma söngkonurnar Heloise Pilkington, Björg Þórhallsdóttir og Ragnheiður Gröndal. Gerry Diver leikur á fiðlu, Guðmundur Pétursson á gítar, Elísabet Waage á hörpu og Hilmar Örn Agnarsson á orgel.

## Viðburðir

**Hvað?** Menningarkvöld á Paloma
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Paloma, Naustunum
